

**SKOÐUN** Jón Kristjánsson spyr hver hafi dottið á hausinn á Hofsvallagötunni. 14



**MENNING** Ilmur Kristjánsdóttir bregður sér í hlutverk Ástríðar í annað sinn. 30



**SPORT** Íslenska U-21 árs landsliðið vann sinn fjórða leik í röð í undankeppni EM í gær. 27


Bæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
11. september 2013
213. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Deilur í Glimmerskarði

Bæjarfulltrúar minnihlutans gagnrýna lóðasölu í nýju hverfi í Hafnarfirði. 2

**Vill nýtt jafnvægi** Fjármálaráðherra segir eðlilegt að draga úr umsvifum eftirlitsstofnana fimm árum eftir hrun. 4

**Ferðaþjónusta á krossgötum** Ísland getur uppskorið ríkulega í ferðaþjónustu með bættu skipulagi. 6

**Bæjarráðsformaður gagnrýndur** Í bæjarráði Kópavogs er spurt um tildrög þess að formaður ráðsins verkstýrði Hamraborgarhátíð. 6




14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 9° | | SSV | 10 |
| Akureyri | 11° | | SV | 8 |
| Egilsstaðir | 13° | | SV | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 10° | | SV | 4 |
| Reykjavík | 11° | | SV | 7 |

**Skúrir** eða dálítil rigning sunnan- og vestanlands en bjart austan til. Strekkingur allra vestast en annars hægari. Hiti 6 til 15 stig. 4

## 3 SÉRBLÖÐ

Markaður | Hljóðfæri | Fólk






**HETJAN FAGNAR** Kolbeinn Sigþórsson tryggði Íslandi 2-1 sigur á Albaníu í gær með stórkostlegu marki. Ísland lenti undir í leiknum. Strákarnir eru með sigrinum komnir í annað sæti E-riðils í undankeppni HM og eiga góða möguleika á að tryggja sér sæti í umspili fyrir HM í Brasilíu næsta sumar. - Sjá síðu 26 FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Aðgerðir undirbúnar í eitt ár

Samkeppniseftirlitið byrjaði fyrir um einu ári að hafa samband við samkeppnisaðila Eimskips og Samskipa til að afla gagna um mögulegt samráð og fleiri brot hjá skipafélögunum tveimur og ýmsum dótturfélögum.

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið (SE) hefur í um eitt ár hið minnsta undirbúið aðgerðirnar sem ráðist var í hjá Eimskipi, Samskipum og dótturfélögum þeirra í gærmorgun, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Starfsmenn SE hafa haft samband við fulltrúa samkeppnisaðila í geiranum til að afla gagna og upplýsinga um meint brot fyrirtækjanna og hófst sú eftirgrennslan sem áður segir fyrir um ári.

Ólafur William Hand, upplýsingafulltrúi Eimskips, staðfesti við Fréttablaðið að þar hefði athugunin beinst að þremur fyrirtækjum; Eimskipafélaginu sjálfu og dótturfyrirtækjunum TVG Zimsen, sem er svokallað flutningsmiðlunarfyrirtæki, og landflutningafyrirtækinu Flytjanda.

Sambærileg fyrirtæki eru rekin undir hatti Samskipa; flutningsmiðlunarfyrirtækið Jónar transport og Landflutningar.

Starfsmenn SE fóru ásamt lögreglumönnum inn í húsakynni fyrirtækjanna tveggja og dótturfyrirtækja í gærmorgun með dómsúrskurð upp á vasann og öfluðu þar gagna fram eftir degi.

Í tilkynningu frá SE sagði að tilgangur rannsóknarinnar væri að kanna hvort vísbendingar um ólögmætt samráð fyrirtækjanna og misnotkun á markaðsráðandi stöðu ættu við rök að styðjast.

Ekki fengust upplýsingar um það í gær hvort grunur væri um samráð á milli fyrirtækjasamsteypanna Eimskips og Samskipa eða samráð á milli móðurfélaganna og dótturfélaganna. - sh, þþ / sjá síðu 10

> Þeir afrituðu mikið af tölvugögnum en óverulegt magn af pappír. Það gætu verið skýrslur og ýmiss konar gögn sem finnast í skúffum og hillum hjá fámennum hópi stjórnenda.
>
> *Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa.*


DREKKTU Í ÞIG FRÓÐLEIKINN




www.forlagid.is


Rannveig Rist segir aftengingu raforkuverðs við álverð vera mikinn bagga:

# Segir rekstur álversins þungan

**IÐNAÐUR** Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan á Íslandi, segir rekstur álversins vera þungan um þessar mundir.

„Álverð er lágt og er búið að vera lágt í langan tíma. Á sama tíma eru þau aðföng sem við þurfum að kaupa dýrari en áður. Við kaupum súrál og rafskaut erlendis frá og bæði aðföngin hafa hækkað í verði,“ segir Rannveig.

Hún segir einnig spila inn í að álverið greiði meira fyrir raforku en áður og að ástæða þess liggi meðal annars í þeirri staðreynd að raforkuverðið er ekki lengur tengt við álverð.



RANNVEIG RIST

„Samkeppnisaðilar okkar eru flestir með álverðstengingu og því er þetta mikill baggi á okkur,“ segir Rannveig.

Hún segist búast við að reksturinn verði erfiður næsta árið en segist vongóð vegna vaxandi eftirspurnar eftir áli í heiminum.

„Á endanum kemur vonandi betri tíð með blóm í haga og hærra álverð,“ segir Rannveig. - hg / sjá Markaðinn







## SPURNING DAGSINS



Kristín, eru niðurskurðarhugmyndir ríkisstjórnarinnar algert bíó?

**„Við getum gengið út frá því að þetta verður ekki jólamyndin í ár.“**
Kristín Atladóttir, sérfræðingur á sviði menningarhagfræði. Hugmyndir um niðurskurð á framlögum til Kvikmyndasjóðs hafa vakið hörð viðbrögð.

Jón Baldvin hefur verið ráðinn gistiprófessor við háskóla í Eistlandi:

# Undirbýr málshöfðun gegn HÍ

**MENNTUN** Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi ráðherra, hefur ákveðið að fela lögmanni sínum að undirbúa málshöfðun á hendur Háskóla Íslands vegna ákvörðunarinnar um að afturkalla ráðningu hans til kennslu.

Í aðsendri grein á bls. 15 í Fréttablaðinu í dag segir Jón Baldvin skýringar forráðamanna Háskóla Íslands ekki standast skoðun. Þeir leyfi sér að ganga langt í að hagræða staðreyndum.

Jón Baldvin rekur aðdragandann að ákvörðun forráðamanna háskólans og segir meðal annars: „Það er mikill misskilningur ef menn halda að þetta snúist bara um mína persónu eða um vítaverða stjórnunarhætti innan háskólans. Þetta mál snýst um grundvallarmannréttindi í réttarríki.“

Jón Baldvin, sem getur þess að hann hafi verið ráðinn gistiprófessor við háskólann í Tartu í Eistlandi á næsta ári, segir enn fremur í greininni að með framgöngu sinni í málinu hafi forráðamenn háskólans í verki lagt blessun sína yfir dómstól götunnar. - ibs



JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

Rætt um sérstaka athugun:

# Fundað um Dróma í dag

**ALÞINGI** Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fundar í dag um málefni Dróma. Fjármálaeftirlitið vinnur að athugun á því hvort Drómi brjóti lög með því að krefja lántakendur um mismun á láni sem áður hefur verið endurreiknað.

Frosti Sigurjónsson, alþingismaður og formaður efnahags- og viðskiptanefndar, sagði í sumar að svo virtist sem Drómi hefði með því sett viðskiptavini sína í verri stöðu en viðskiptavini annarra fjármálastofnana. - vg



**MANNFJÖLDI KREFST DAUÐAREFSINGAR** Hópur manns kom saman í Nýju-Delí í gær og sviðsetti hengingu, dómstólnum til hvatningar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjórir menn sakfelldir fyrir hrottalega nauðgun á Indlandi:

# Eiga yfir höfði sér dauðarefsingu

**INDLAND, AP Fjórir menn voru í gær sakfelldir af dómstól í Nýju-Delí fyrir hópnauðgun í desember síðastliðnum, sem leiddi til dauða ungrar konu.**

**Dómari hyggst í dag skýra frá því hvaða refsingu mennirnir fá. Þeir eiga yfir höfði sér dauðarefsingu og hefur fjöldi fólks komið saman á götum úti til að krefjast þess að þeir verði hengdir.**

**Nauðgunin í desember vakti mikla reiði á Indlandi og benti margt til þess að vitundarvakning væri að eiga sér stað þar. Til þessa hefur kynferðisofbeldi almennt verið látið afskipta- og refsilítið þar í landi.** - gb

Samþykkt ríkisstjórnarinnar:

# Hinsegin flóttafólk til landsins

**SAMFÉLAGSMÁL** Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær að taka á móti konum í hættu frá Afganistan og hinsegin fólki frá Íran eða Afganistan, samtals tíu til fjórtán einstaklingum í tveimur hópum.

Að því er segir á vef velferðarráðuneytisins hafa íslensk stjórnvöld undanfarið horft sérstaklega til kvenna í neyð við móttöku flóttafólks, með áherslu á einstæðar mæður. Þar segir einnig að hinsegin fólk sé viðkvæmur hópur flóttafólks sem sæti ofsóknum í heimalöndum sínum.

Í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar munu flóttamannanefnd og Útlendingastofnun vinna að framkvæmd málsins. -vg

Húsleit á Akranesi:

# Játaði vörslu barnakláms

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri hefur játað að hafa haft undir höndum barnaklám en lögreglan á Akranesi handtók manninn síðasta fimmtudag.



**BARNAKLÁM** Lagt var hald á tölvubúnað.

Húsleit var framkvæmd á heimili mannsins og voru þá tölvugögn og tölvur gerðar upptækar. Meðal þess sem er til skoðunar eru minnislyklar og innihald diska sem grunur leikur á að innihaldi barnaklám.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Akranesi hefur maðurinn játað sök en málið er enn til rannsóknar. - vg

# Deilt um úthlutun við Glimmerskarð

Hafnarfjarðarbær auglýsir lóðir til úthlutunar í Skarðshlíð. Áætlað er að tvö þúsund manna byggð rísi á svæðinu. Uppbyggingin kostar bæinn tvo milljarða króna og bæjarstjórinn segir að Hafnarfjarðarbær geti ekki annað en hagnast.

**BYGGÐAMÁL** Ákveðið var á bæjarstjórnarfundi í Hafnarfirði í síðustu viku að bjóða út fimm lóðir í Skarðshlíð.

Gangi útboðið eftir má búast við því að byggð fyrir um tvö þúsund Hafnfirðinga rísi á svæðinu. Ein þeirra gatna sem fengið hafa nafn í Skarðshlíð heitir Glimmerskarð.



VALDIMAR SVAVARSSON



GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR

Oddviti Sjálfstæðismanna, Valdimar Svavarsson, gagnrýnir úthlutunina harðlega og segist hafa efasemdir um það hvort hún sé hagkvæm, sérstaklega vegna fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og aðstæðna á byggingarmarkaði. Þá eru allar lóðir bæjarins veðsettar og því ljóst að 90 prósent af andvirði lóðanna rennur til Depfa-bankans við sölu þeirra.

„Það sem við höfum viljað gera er að byggja upp á lóðum sem nú þegar eru til staðar, meðal annars á Norðurbakkanum og einnig uppi á Holtinu,“ segir Valdimar.

Að sögn Valdimars er rými fyrir sex hundruð íbúðir sem eru óbyggðar eða eru í byggingu. Hann bendir einnig á að kostnaður við uppbygginguna í kringum lóðaúthlutunina í Skarðshlíð, sem bærinn stendur straum af, sé áætlaður tveir milljarðar.




**UMDEILD LÓÐAÚTHLUTUN** Fimm lóðir standa til boða, meðal annars við Glimmerskarð. MYND/VILHELM

Valdimar bætir við að efnahagsumhverfið sé þannig að það er alveg óvíst um áhuga á lóðunum. „Nokkrar lóðir voru auglýstar fyrir skömmu til úthlutunar og það var enginn áhugi á þeim,“ segir hann.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segir að veðsetning á lóðunum hafi verið ljós frá upphafi. Hún áréttar að með sölu á lóðunum er veðsetningu á þeim aflétt.

Aðspurð um áhugaleysi á lóðaúthlutunum í bænum svarar Guðrún Ágústa: „Það var vitað að það voru erfiðar lóðir til úthlutunar.“

Hún bendir svo á, máli sínu til stuðnings, að mikil umferð hafi verið á vef bæjarins um helgina þegar úthlutanirnar voru kynntar. „Um 1.500 manns skoðuðu þessar síður þannig að áhuginn er einhver,“ segir hún.

Aðspurð hvort fjárhagsstaða bæjarins sé ekki heldur þröng fyrir þessar framkvæmdir og hvort standi til að taka lán fyrir þeim svarar Guðrún Ágústa: „Við gerum ekki endilega ráð fyrir lántöku vegna framkvæmda þarna en það er umræða sem a eftir að taka.“

Guðrún Ágústa blæs alfarið á áhyggjur Sjálfstæðismanna. „Þetta er bara „win-win situation“,“ segir hún að lokum og bætir við að þetta sé rökrétt framhald vaxandi bæjarfélags sem er nú með 27 þúsund íbúa. - vg

## Verð á lóðum í Skarðshlíðinni

- **Einbýli 11.007.830 kr.** lágmarksverð miðað við **220 m² hús**
- **Parhús 8.895.216 kr.** lágmarksverð miðað við **200 m² hús**
- **Raðhús 8.005.694 kr.** lágmarksverð miðað við **180 m² hús**
- **Fjölbýli 3.961.151 kr.** hver íbúð í **4-8 íbúða húsi 950 m²**
- **Fjölbýli 3.335.706 kr.** hver íbúð í **9 og fleiri íbúða húsi 1200 m²**


Nýtt frá Jóa Fel

Próteinríkt lágkolvetnabrauð að hætti Jóa Fel

*26 g prótein og 10 g kolvetni í 100 g af brauði*




Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut


„Náttúran“ er fyrsta þemað í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins:

# Lesendur velja bestu myndina

**LJÓSMYNDIR** „Náttúran“ er fyrsta þemað í ljósmyndakeppni Fréttablaðsins sem hefst í dag. Valdar verða bestu myndirnar frá sumrinu og haustinu í þremur flokkum. Í verðlaun fyrir bestu myndina er glæsileg Nikon 10,1 milljónar pixla myndavél með 10-27mm linsu.

Þátttakendur hlaða upp myndum sínum á ljosmyndakeppni.visir.is. Innsendar myndir birtast á Vísi.is og á Facebook-síðu Fréttablaðsins og lesendur geta kosið bestu myndina. Niðurstaðan í kosningunni gildir helming á móti áliti dómnefndar blaðsins. Bestu myndirnar verða birtar í Fréttablaðinu.

Hver þátttakandi skal senda inn eina mynd og skal hún hafa verið tekin nú í sumar eða haust. Óheimilt er að senda inn eða eigna sér ljósmyndir sem aðrir en sendandi hafa tekið. Myndinni þarf að fylgja nafn höfundar og upplýsingar um heimilisfang, netfang og símanúmer.



**NÁTTÚRAN** Ljósmynd Guðmundar Árnasonar af sandlóuunga á Grenivík var sigurmynd ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins á síðasta ári, þar sem náttúran var þemað. MYND/GUÐMUNDUR ÁRNASON

Fyrsti hluti keppninnar stendur frá hádegi í dag, 10. september, fram að miðnætti miðvikudaginn 18. september. Tilkynnt verður um úrslit í helgarblaði Fréttablaðsins laugardaginn 21. september.

Nánari upplýsingar um keppnina er að finna á ljosmyndakeppni.visir.is. -kg

# Eru íslensk fjármála-fyrirtæki spennandi fjárfestingarkostur?

Markaðir Landsbankans bjóða til opins morgunfundar fimmtudaginn 19. september í Hörpu.

Verið velkomin á morgunfund Markaða Landsbankans. Á fundinum veltum við upp þeirri spurningu hvort íslensk fjármálafyrirtæki séu spennandi fjárfestingarkostur.

Fundurinn verður haldinn í Silfurbergi í Hörpu fimmtudaginn 19. september. Fundurinn hefst kl. 8.30 og stendur til kl. 11.00. Boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8.00.

**Skráning á landsbankinn.is**

---

## Dagskrá:

**Opnunarávarp**
Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra

**Samanburður á norrænum og íslenskum bönkum**
Úttekt Hagfræðideildar Landsbankans

**Hverjir eiga norræna banka?**
Magnús Harðarson, aðstoðarforstjóri NASDAQ OMX Iceland

**Fjármálamarkaðurinn frá sjónarhóli fjárfesta**
Brynjólfur Bjarnason, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands og Gísli Hauksson, forstjóri Gamma

**Path to privatisation of Icelandic banks – an international debt and equity investor perspective**
Jan Olsson, forstjóri Deutsche Bank á Norðurlöndum, og Stephen Westgate, framkvæmdastjóri hjá Deutsche Bank og yfirmaður viðskipta við norræn fjármálafyrirtæki

**Samantekt**
Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans

**Fundarstjóri**
Ingvar H. Ragnarsson, forstöðumaður Eignastýringar Landsbankans.

---

**Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.**

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

## SVONA ERUM VIÐ



**60 kg** **Frá árinu 1999 er talið að Íslendingar neyti að meðaltali um 60 kílóa af sætindum ár hvert.**

**Árið 2012 fluttum við inn 18.500 tonn af sælgæti, sykri, sykurmolum, kexi og sætu brauðmeti.** *Heimild: Spyr.is*

Spurningamerki sett við störf bæjarráðsformanns sem verkefnisstýru Hamraborgarhátíðar í Kópavogi:

# Kjörnir fulltrúar stýri ekki bæjarstarfsfólki

**SVEITARSTJÓRNIR** „Það er munur á því að vera kjörinn bæjarfulltrúi og starfsmaður hjá bænum,“ segir Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Kópavogs, sem í bæjarráði spurðist fyrir störf Rannveigar Ásgeirsdóttur, formanns bæjarráðs úr Kópavogslistanum, sem verkefnastýru Hamraborgarhátíðar.



**RANNVEIG ÁSGEIRSDÓTTIR**

„Við settum reglur fyrir tveimur árum um samskipti kjörinna fulltrúa og starfsmanna bæjarins vegna þess að það er ekki ætlast til að kjörnir fulltrúar gangi um gólf og segi fólki fyrir verkum,“ segir Guðríður, sem vill svör við því hver hafi tekið þá ákvörðun að ráða Rannveigu og einnig við ýmsu um starfssvið hennar og kostnað við hátíðina.

„Að því er ég veit best er þetta í fyrsta skipti sem kjörinn fulltrúi hjá Kópavogsbæ tekur að sér að vera verkefnisstjóri yfir einhverju ákveðnu verkefni án þess að hafa verið falið það af nefnd sem er yfir viðkomandi málaflokki,“ segir Guðríður.

Rannveig Ásgeirsdóttur vill ekki tjá sig um málið við fjölmiðla að svo stöddu. „Ég á eftir að svara þessu í bæjarráði og geri það væntanlega næstkomandi fimmtudag,“ sagði Rannveig. - jme



> **Það er ekki ætlast til að kjörnir fulltrúar gangi um gólf og segi fólki fyrir verkum.**
>
> *Guðríður Árnadóttir, oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Kópavogs*



**TÁLKNAFJÖRÐUR** Vesturbyggð vill hindra átroðning ferðamanna.

Vesturbyggð vill gjaldtöku:

## Bjarga þarf náttúruperlum

**FERÐAMÁL** „Ef fjölgun ferðamanna heldur áfram sem horfir verður að koma í veg fyrir að umhverfisslys verði vegna aðstöðuleysis og átroðnings um svæðin,“ segir bæjarstjórn Vesturbyggðar.

Hún hvetur stjórnvöld til að taka upp gjaldtöku að náttúruperlum og fjölsóttum ferðamannastöðum í landinu. „Með vaxandi fjölda ferðamanna verður óhjákvæmilega að stýra umferð ferðamanna og byggja upp viðunandi aðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum þannig að ekki verði óbætanlegt tjón á umhverfinu vegna átroðnings,“ segir bæjarstjórnin. - gar

Með fíkniefni í bílnum:

## Seldi dóp og ók undir áhrifum

**DÓMSMÁL Karlmaður fæddur árið 1983 var dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur síðasta mánudag. Maðurinn var fundinn sekur um að hafa ekið undir áhrifum fíkniefna og að hafa haft undir höndum rétt rúmlega 30 grömm af maríjúana ætluð í sölu og dreifingu.**

**Maðurinn var stöðvaður á Frakkastíg í miðborg Reykjavíkur í apríl síðastliðnum. Maðurinn játaði brot sín skýlaust.**

**Auk þess sem maðurinn var dæmdur í skilorðsbundið fangelsi var hann sviptur ökuréttindum í fjóra mánuði.** - vg

# Vill minnka umsvifin hjá eftirlitsstofnunum

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra vill endurskoða og finna nýtt jafnvægi fyrir umsvif fjármálastofnana hérlendis nú þegar fimm ár eru liðin frá hruni. Stoðum verði ekki kippt undan rekstri þeirra. Breytingin hafi ekki áhrif á afkomu ríkisins.

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir eðlilegt að draga úr umsvifum eftirlitsstofnana hér á landi. Þetta kom fram í máli Bjarna á Alþingi í gær.

Bjarni segir að ekki standi þó til að kippa stoðunum undan rekstri þeirra.

„Hins vegar var það svo að margar eftirlitsstofnanir voru styrktar mjög verulega, beinlínis í þeim tilgangi að taka á þeim atburðum sem hér urðu haustið 2008. Bæði til að rannsaka mál og endurskoða verklag og ferla, lög og reglur tímabundið. Nú er árið 2013. Nú hljótum við öll að vera sammála um það að við þurfum að fara að vinna okkur í átt til þess að finna nýtt jafnvægi í því hver umsvif eftirlitsstofnana eigi að vera til framtíðar,“ sagði Bjarni.

Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar, sagðist í samtali við Fréttablaðið á mánudag vilja draga úr fjárstreymi til eftirlitsstofnana. Hann ætlar að leggja áherslu á það innan hagræðingarhópsins og jafnframt taka málið upp innan fjárlaganefndar Alþingis.

Bjarni segir að það muni hafa lítil áhrif á afkomu ríkissjóðs þótt dregið verði úr umsvifum þessara stofnana, enda séu þær að mörgu leyti fjármagnaðar með sérstökum gjöldum. Hins vegar sé mikilvægt að horfa til framtíðar í þessum efnum.



**BJARNI BENEDIKTSSON** Fjármálaráðherra segir það munu hafa lítil áhrif á afkomu ríkissjóðs að draga úr umsvifum eftirlitsstofnana. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Þetta er ekki umræða sem snýst um það að kippa stoðunum undan eftirlitsstofnunum í landinu. Þetta er umræða sem snýst um það að við finnum hið nýja jafnvægi í þessum efnum,“ sagði Bjarni á Alþingi í gær.

hoskuldur@frettabladid.is

> **Nú hljótum við öll að vera sammála um það að við þurfum að fara að vinna okkur í átt til þess að finna nýtt jafnvægi í því hver umsvif eftirlitsstofnana eigi að vera til framtíðar.**

Ákærður fyrir ofsaakstur:

## Lífi farþeganna stefnt í hættu

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært hálfþrítugan mann fyrir ölvunar- og ofsaakstur eftir Sæbraut í nóvember 2011 sem stefndi tveimur farþegum í bíl hans í stórhættu.**

**Til móts við Laugarnestanga, þar sem hámarkshraði er 60 kílómetrar á klukkustund, er maðurinn talinn hafa ekið Mercedes Benz-bíl ofurölvi á 125 kílómetra hraða á blautum vegi og misst stjórn á bílnum í beygju með þeim afleiðingum að hann hafnaði á umferðareyju, valt nokkrum sinnum og eyðilagðist.**

**Í ákæru segir að hann hafi með þessu raskað umferðaröryggi á alfaraleið og stofnað lífi og heilsu farþega bifreiðarinnar í augljósan háska á ófyrirleitinn hátt. Maðurinn neitaði sök við þingfestingu málsins í gær.** - sh

Laug til um bílþjófnað:

## Ákærður fyrir að reyna að draga sér bíl

**DÓMSMÁL** Rúmlega þrítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir skjalafals, rangan framburð og tilraun til fjárdráttar þegar hann reyndi með blekkingum að sölsa undir sig rúmlega tveggja milljóna króna bíl af Chrysler-gerð sem var í eigu Landsbankans.

Samkvæmt ákæruskjalinu tilkynnti hann lögreglu að bílnum hefði verið stolið, skipti um númer á honum og kom honum undan. Hann sagði lögreglu svo frá því degi síðar hvert hann hefði farið með hann og falið hann. Maðurinn mætti ekki við þingfestingu málsins í gær. - sh




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**VÆTA** verður sunnan og vestan til á landinu næstu daga en austanlands verður bjartara og hlýrra. Nokkur blástur verður allra vestast í dag og bætir í vind á landinu með vaxandi úrkomu í kvöld.




**Á morgun**
Strekkingur víða um land.




**Föstudagur**
Strekkingur með S-ströndinni annars hægari.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 28° | Berlín | 15° | Friedrichshafen | 16° | Las Palmas | 26° | New York | 31° | París | 16° |
| Aþena | 34° | Billund | 16° | Gautaborg | 17° | London | 16° | Orlando | 30° | San Francisco | 20° |
| Basel | 19° | Frankfurt | 16° | Kaupmannahöfn | 17° | Mallorca | 26° | Ósló | 19° | Stokkhólmur | 19° |

**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


PANTAÐU SÓMA VEISLUBAKKA!
20 bitar
GAMLI GÓÐI
Hangikjöt, eggjasalat og fínt brauð. Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur og fínt brauð. Rækjusalat og fínt brauð.
20 bitar
EÐALBAKKI
Hangikjöt, piparrótarsósa, salatmix og kornbrauð. Beikon, egg, steiktir, ferskir sveppir og fínt brauð. Kjúklingur, rautt pesto, sýrður rjómi, paprika, salatmix og kornbrauð.
30 bitar
TORTILLA VEISLUBAKKI
Reykt skinka, egg, jöklasalat. Tikka masala kjúklingur, jöklasalat. Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.
TORTILLA OSTABAKKI
Spínat, rauðlaukur, fetaostur, lauksósa. Lúxusskinka, smurostur, salatmix. Reyktur lax, rjómaostur, salatmix.
30 bitar
20 bitar
LÚXUSBAKKI
Reyktur lax, jöklasalat, chantillysósa, fínt brauð. Kjúklingur, egg, lauksósa og kornbrauð. Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa og kornbrauð.
20 bitar
GRÆNMETISBAKKI
Hummus, paprika, salatmix, kornbrauð. Eggjasalat, ofnbakaðir tómatar, fínt brauð. Cheddar ostur, salatmix, lauksósa, kornbrauð.
ÁVAXTABAKKI
Vínber, melónur, ananas, appelsínur, perur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.
Fyrir 10 manns
50 bitar
DESERTBAKKI
Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi. Kókostoppar með súkkulaði.
Hver samlokubakki er hæfilegur fyrir fjóra eða fimm.
Pantaðu í síma
565 6000
eða á www.somi.is
Frí heimsending*
FERSKT & ÞÆGILEGT
FYRIR 5 EÐA 500
Sóma veislubakkar eru tilvaldir í hvers konar veislur, t.d. í afmælisboðið, starfsmannapartíið eða hvenær sem 5 eða fleiri koma saman.
Pantanir þurfa að berast fyrir kl. 15.30 daginn áður, alla virka daga. Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is.
SÓMI
*Frí heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 4 eða fleiri bakkar.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu mörgum árum á undan áætlun er fjölgun ferðamanna?
**2.** Hvaða flokkar felldu stjórn Jens Stoltenberg í þingkosningunum í Noregi?
**3.** Hvað ætlar Regína Ósk að læra í Háskólanum í Reykjavík?

**SVÖR:**
**1.** Fimm árum. **2.** Hægriflokkarnir. **3.** Verkefnastjórnun, gæðastjórnun og upplýsingatækni.

Samfylkingin leggur fram þingsályktunartillögu um bráðaaðgerðir:

# Neyðarástand á leigumarkaði

**ALÞINGI** „Staðan er algjörlega óásættanleg. Það er neyðarástand á leigumarkaðnum á höfuðborgarsvæðinu og allt frosið víða um land,“ segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, en þingmenn flokksins hafa lagt fram þingsályktunartillögu um bráðaaðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi.

Tillögurnar eru margþættar og fela meðal annars í sér stofnstyrki ríkis og sveitarfélaga til byggingar leiguhúsnæðis og að Íbúðalánasjóði verði gert að koma íbúðum í útleigu eða selja þær til leigufélaga. Þá er lagt til að tekjur vegna útleigu einnar íbúðar verði undanþegnar fjármagnstekjuskatti og fleiri hafi þannig hag af að leigja út íbúðir.

Árni Páll segir úrræðin eiga að gagnast höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni og að markmiðið sé að leigukostnaður verði léttbærari. „Enda svo komið að fólk með ágætis greiðslugetu getur vart lengur leigt í dag,“ bætir hann við. - vg



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON** Formaður Samfylkingarinnar segir neyðarástand á leigumarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stal þjóðbúningi og vélhjóli:

# Þjófur áfram í gæsluvarðhaldi

**DÓMSTÓLAR** Hæstiréttur Íslands staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um gæsluvarðhald yfir karlmanni sem grunaður er um fjölmarga þjófnaði og innbrot. Meðal annars er manninum gefið að sök að hafa stolið tveimur og hálfri milljón króna úr skrifstofu fyrr í sumar, einnig vélhjóli og íslenskum þjóðbúningi.

Í úrskurðinum segir að yfirgnæfandi líkur séu á því að maðurinn brjóti aftur af sér gangi hann laus. - vg






**EFTIRSÓKNARVERT** Vestfirðir voru sérstaklega nefndir sem einstakt svæði til að laða að fjölda ferðamanna. Margt þarf þó að koma til ef það á að verða að veruleika. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Ferðaþjónusta hér á landi á krossgötum

**Ferðaþjónusta mun skila 400 milljörðum til samfélagsins, beint og óbeint, eftir áratug. Kjörfjöldi ferðamanna á Íslandi 1,2 til 1,5 milljónir. Forgangsatriði að einfalda stjórnsýslu ferðamála. Ráðherra boðar frumvarp um ferðaþjónustu á nýju ári.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Íslenskt samfélag mun bera allt að 400 milljarða úr býtum, beint og óbeint, frá ferðaþjónustunni í landinu eftir áratug. Um fimm þúsund ný störf verða til og heildarskatttekjur af ferðaþjónustu munu nema 52 milljörðum árið 2023.

Skilyrðið fyrir að þetta verði að raunveruleika er að einfalda stjórnsýslu, tryggja upplifun ferðamanna og koma upp skilvirkri leið til gjaldtöku fyrir náttúru Íslands.

Þetta er meðal niðurstaðna rannsókna ráðgjafafyrirtækisins Boston Consulting Group (BCG), sem kynntar voru hagsmunaaðilum á ráðstefnunni Framtíð íslenskrar ferðaþjónustu í Hörpu í gær.

Fram kom að vöxturinn í ferðaþjónustu hér á landi á fyrsta áratug þessarar aldar nam 136%. Sérfræðingar BCG telja mögulegt að tvöfalda fjölda ferðamanna á næsta áratug, í 1,5 milljónir árið 2023.

Pedro Esquivias, framkvæmdastjóri hjá BCG í Lundúnum, sagði í erindi sínu að árangur Íslands við markaðssetningu, og að laða ferðamenn til landsins, væri glæsilegur. Vöxtur greinarinnar hér á landi ætti sér ekki samanburð. „En Ísland stendur á krossgötum.“

Esquivias sagði að hingað til hefði allt snúist um að fjölga ferðamönnum. Hann sagði það mat BCG að 1,2 til 1,5 milljónir ferðamanna ættu að vera takmarkið til langrar framtíðar litið. En hann sagði jafnframt, og það oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, að markaðssetning og skipulagsvinna næstu missera ætti að snúast um það að fá hingað til lands ferðamenn með meiri kaupgetu.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, flutti stutt erindi um þá vinnu sem BCG hefur nú lagt á vogarskálarnar, til viðbótar við samráð við hagsmunaaðila frá því að hún tók við embætti. Og tíðinda er að vænta. „Við munum taka okkur tíma fram að áramótum til að móta tillögur og ætlum síðan að leggja fram frumvarp,“ sagði Ragnheiður og bætti við að tímabært væri að fara að taka ákvarðanir um framtíðarskipan ferðaþjónustunnar. Það væri ekki eftir neinu að bíða, og tók hún þá undir orð Esquivias sem talaði um krossgötur í þessum skilningi.

BCG flutti í sjálfu sér engin ný skilaboð – það var mál manna á ráðstefnunni. Það lét kunnuglega í eyrum gesta að hingað ætti að laða að efnameiri ferðamenn, og að gæta þyrfti að gullgæsinni – náttúru landsins. Eins að byggja þyrfti upp innviði ferðaþjónustunnar í breiðum skilningi.

En fjármögnun þeirrar uppbyggingar gæti orðið umdeild, sem fyrr. BCG mælir með náttúrupassa sem yrði útfærður þannig hann væri í gildi í 30 daga fyrir ferðamanninn og gilti fyrir alla helstu ferðamannastaðina. Hann myndi hins vegar gilda í fimm ár fyrir Íslendinginn og gjaldtakan færi fram í gegnum skattkerfið, en slík gjaldtaka væri nauðsynleg til að mismuna ekki ferðalöngum eftir þjóðerni.

Að mati BCG væri tekjunum, sem gætu orðið allt að átta milljarðar á ári, best varið þannig að fjórðungi myndi vera útdeilt sem styrkjum en sama upphæð rynni í lágvaxta lánasjóð fyrir ferðaþjónustuna. Tíu prósent myndu fara til umsýslu passans en 40% rynnu beint til ferðamannastaðanna í hlutfalli við aðsókn.

Á ráðstefnunni heyrðust efasemdir um þetta fyrirkomulag, sem er í takt við umræðuna um gjaldtökuna undanfarin ár. Spurt var: Ferðalangurinn fær náttúrupassann í hendur, en hvað svo?

Esquivias sagði í stuttum pallborðsumræðum að ýmis útfærsluatriði varðandi gjaldtökuna væru eftir og verkefni hagsmunaaðila væri að þróa lausnir í þeim efnum.

svavar@frettabladid.is

## Dreifing erlendra ferðamanna um landið

**2011-2012**




**SÓKNARFÆRI NÚMER EITT** Þeir sem koma til landsins halda sig meira og minna á suðvesturhluta landsins. Skýringarmyndin dregur fram öfgar í þeirri mynd en um leið gríðarleg tækifæri landsbyggðarinnar í heild til að fá stærri sneið af kökunni. HEIMILD/FERÐAMÁLASTOFA

> **Við munum taka okkur tíma fram að áramótum til að móta tillögur og ætlum síðan að leggja fram frumvarp.**
>
> *Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra*



# HEILSA Í HAGKAUP



Valin vítamín á tilboði

15% AFSLÁTTUR Á KASSA



NOW KYNNING
Á morgun fimmtudag í Skeifunni kl. 17-19.



TILBOÐ
1.999kr/pk
verð áður 2.269

## BIO-KULT CANDÉA

hefur reynst vel bæði til að fyrirbyggja og meðhöndla Candida sveppasýkingu.
100% náttúruvara.

kynning!



TILBOÐ
1.299kr/stk
verð áður 1.349

## VIA-HEALTH STEVIUDROPAR

Kynning 13. september kl. 15-19 í Garðabæ

GOTT VERÐ
7.489kr/pk



## HYDROXYCUT HARDCORE

Margfaldar fitubrennslu, minnkar matarlyst og gefur orku.



## SEMPER GLÚTENLAUST PASTA

Markaðsráðandi á Norðurlöndum



TILBOÐ
3.999kr/stk
verð áður 4299

## AMINO ENERGY

Frábær orkudrykkur sem hægt er að drekka hvenær sem er yfir daginn til að fá auka orku.



TILBOÐ
1.599kr/stk
verð áður 1.989

## SMART SHAKE BRÚSAR

Fyrir drykkinn, vítamínin og duftið.

279kr/stk
verð áður 299

kynning!

TILBOÐ



## AQUELL VITAMIN WATER

Svalandi drykkur með viðbættum vítamínum.
Kynning í dag og á morgun í Garðabæ kl. 16-18:30



TILBOÐ
299kr/stk
verð áður 349

## FROOSH ÁVAXTA-SMOOTHIE

Stútfullur af ávöxtum. Geggjaður milli mála. Inniheldur engin litarefni eða rotvarnarefni.

15% AFSLÁTTUR Á KASSA



## NOW ERYTHRITOL

Bragðast líkt og hvítur sykur, ekkert eftirbragð. Er 70% jafn sætt og hvítur sykur

NÝTT



## RED POWER JUICE

Hann er samsettur úr rauðrófusafa, eplasafa, gulrótum, sætum kartöflum, hindberjum og acerola berjum og er náttúrulegur og án viðbætts sykurs.

Gildir til 15. september á meðan birgðir endast.

Þú finnur okkur á facebook
www.facebook.com/hagkaup

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




Otrivin Comp, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlómetazólínhýdróklóríð 0,5 mg/ml og ipatrópíumbrómíð. **Ábendingar:** Einkenni nefstíflu (þrútinnar nefslímhúðar) og nefrennslis af völdum kvefs. **Skammtar og lyfjagjöf fyrir fullorðna eldri en 18 ára:** 1 úðaskammtur í hvora nös eftir þörfum, að hámarki þrisvar á sólarhring. Að minnsta kosti 6 klukkustundir skulu líða milli tveggja skammta, draga skal úr skömmtum þegar einkenni lagast. Ekki má nota Otrivin Comp lengur en 7 daga þar sem langvarandi notkun xýlómetazólínhýdróklóríðs getur leitt til bólgu í nefslímhúð og aukinnar slímmyndunar. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ofnæmi fyrir atrópíni eða svipuðum efnum (t.d. hýoscýamín eða skópólamín), ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn, ef þú ert með nefþurrk vegna slímhúðarbólgu eða ert með gláku. **Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert:** Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, hjarta- eða æðasjúkdóm, skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, erfiðleika við þvaglát (stækkaðan blöðruhálskirtil), æxli í nýrnahettum, ef þú færð oft blóðnasir (t.d. aldraðir), ert með þarmalömun, slímseigjusjúkdóm, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. **Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Markaðsleyfishafi:Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.







© GRAPHIC NEWS

# Lofa að sýna allt

Sýrlendingar lofa að veita aðgang að öllum efnavopnum sínum og undirrita alþjóðasamning um bann við efnavopnum. John Kerry segir þetta ekki duga til.

**SÝRLAND** John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, krefst þess að loforð Sýrlandsstjórnar um að veita fullan aðgang að efnavopnum sínum og hætta framleiðslu þeirra verði tryggð í ályktun frá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Hann segir alls ekki nægilegt að Sýrlendingar lofi að opna efnavopnabúr sín og undirriti einnig alþjóðasamning um bann við efnavopnum, en flest aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, þar á meðal Rússar, hafa fyrir löngu gerst aðilar að þessum samningi.

Útspil Rússa, sem í byrjun vikunnar skoruðu á Sýrlendinga að veita alþjóðlegu eftirliti aðgang að efnavopnum sínum, hefur hvað sem öðru líður orðið til þess að draga nokkuð úr ákafa þeirra sem vilja gera árás á Sýrland.

Rússar hyggjast fljótlega leggja fram tillögu til ályktunar um málið fyrir öryggisráðið og bæði Bandaríkin og Frakkar hafa lýst yfir stuðningi við þessa vinnu Rússa.

Sýrlensk stjórnvöld staðfestu síðan formlega í gær að þau hefðu fallist á hugmyndir Rússa, að því er virðist í von um að þar með létti þrýstingi á Vesturlöndum um árásir á Sýrland.

Bandaríkjaþing hefur engu að síður haldið áfram umræðum um hvort veita eigi Barack Obama forseta heimild til að ráðast á Sýrland. Frakkar hafa sömuleiðis haldið áfram að vinna að því að leggja harðorða ályktun um Sýrland fyrir öryggisráðið, þar sem Sýrlandsstjórn er sögð bera ábyrgð á notkun efnavopna.

Enn er óvíst hvort Obama fær stuðning þingsins til árása. Bandarískur almenningur er samkvæmt skoðanakönnunum lítt hrifinn af þessum áformum og fá ríki hafa lýst áhuga á að slást í hópinn með Bandaríkjunum og Frökkum komi til árása gegn Sýrlandsstjórn.

Mannréttindasamtökin Human Rights Watch sendu síðan í gær frá sér skýrslu þar sem segir að öll gögn bendi eindregið til þess að Sýrlandsstjórn beri í raun ábyrgð á efnavopnaárásinni, sem gerð var í úthverfum Damaskusborgar í síðasta mánuði.

Samtökin taka þar með undir með bandarískum, breskum, frönskum og þýskum stjórnvöldum, sem öll hafa komist að sömu niðurstöðu.

gudsteinn@frettabladid.is




## ENDURMENNTUN 30 ÁRA



# FÁÐU FORSKOT MEÐ FRÓÐLEIK

## FJÖLBREYTT NÁMSKEIÐ Á NÆSTUNNI

### MENNING

Sikiley - Undraheimur ljóss, lita og 3000 ára samfelldrar menningarsögu
skráningarfrestur til 16. september

Undraheimur Þingvalla
skráningarfrestur til 16. september

Landnámabók
Þriðjudagskvöld skráningarfrestur til 17. september
Miðvikudagsmorgnar skráningarfrestur til 18. september
Fimmtudagskvöld skráningarfrestur til 19. september

Norðurljós
skráningarfrestur til 23. september

Fall Frakklands
skráningarfrestur til 30. september

### PERSÓNULEG HÆFNI

Sparnaður eldri borgara
skráningarfrestur til 15. september

Samskipti foreldra og barna
skráningarfrestur til 23. september

Vönduð íslenska: Að skrifa gott íslenskt mál
skráningarfrestur til 30. september

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

CBT theory and case formulation
skráningarfrestur til 13. september

### FJÁRMÁL OG REKSTUR

Gerð rekstraráætlana
skráningarfrestur til 15. september

Excel PowerPivot
skráningarfrestur til 16. september

Excel I
hefst 17. september

Val á rekstrarformi fyrir atvinnustarfsemi
skráningarfrestur til 17. september

Eignastýring lífeyrissjóða
skráningarfrestur til 25. september

Verktaki og launþegi
skráningarfrestur til 26. september

Fjármál fyrir stjórnendur – vinnustofa
skráningarfrestur til 27. september

### UPPELDI OG KENNSLA

Leiðir til að fyrirbyggja erfiða hegðun og efla félagsfærni ungra barna
skráningarfrestur til 26. september

### STJÓRNUN OG FORYSTA

Negotiations Skills: Strategies for Increased Effectiveness
skráningarfrestur til 11. september

Arðsemi í mannauðsstjórnun
hefst 17. september

Gerð gæðahandbókar fyrir vef
hefst 17. september

Jákvæð forysta – hamingja, styrkleikar og markmið
hefst 17. september

Að skapa öfluga liðsheild
skráningarfrestur til 24. september

### STARFSTENGD HÆFNI

Linkedin: Orðspor þitt og tengingar í alþjóðlegu samfélagi athafnafólks
haldið 16. september

Critcal thinking
skráningarfrestur til 16. september

Vinnugleði – mín vinna, mitt viðhorf
skráningarfrestur til 16. september

Kynningarstarf og fjáröflun frjálsra félagasamtaka
skráningarfrestur til 17. september

Facebook sem markaðstæki I – grunnnámskeið
skráningarfrestur til 26. september

### TUNGUMÁL

Danska - þjálfun í talmáli á léttum nótum
hefst 16. september

Practical English
skráningarfrestur til 16. september

Ítalska fyrir byrjendur
hefst 17. september

Spænska I
hefst 17. september

Kínverska fyrir byrjendur
skráningarfrestur til 22. september

### UPPLÝSINGATÆKNI

Agile hugbúnaðargerð og Scrum
skráningarfrestur til 16. september

Mastering the Tequirements Process – Að ná tökum á þarfagreiningarferli hugbúnaðar
skráningarfrestur til 17. september

SQL fyrirspurnarmálið
skráningarfrestur til 23. september

### LÖGFRÆÐI

Viðtalstækni
skráningarfrestur til 30. september

**SKRÁNINGARFRESTUR ER AÐ ÖLLU JÖFNU VIKU ÁÐUR EN NÁMSKEIÐ HEFST**

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# TRAUSTIR AÐILAR

Gerðu frábær kaup á notuðum bíl frá okkur!

Allt að 80% lánamöguleikar




LEXUS GS450h EXE
Nýskr. 09/08, ekinn 84 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 270524.

Frábært verð
4.990 þús.



HYUNDAI SANTA FE II LUX
Nýskr. 03/09, ekinn 137 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.290 þús.
Rnr.120200.




HYUNDAI i10 GLS
Nýskr. 06/09, ekinn 92 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.090 þús.
Rnr.120230.



AUDI A4
Nýskr. 02/11, ekinn 31 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 6.390 þús.
Rnr.280815.



OPEL ANTARA COSMO
Nýskr. 06/09, ekinn 111 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.790 þús.
Rnr.270346.




VOLVO XC90 V8
Nýskr. 06/08, ekinn 136 þús. km.
bensín, sjálfskiptur. Verð 4.590 þús.
TILBOÐ kr. 3.990 þús.
Rnr.130687.



RENAULT MEGANE II BERLINE
Nýskr. 05/08, ekinn 70 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.490 þús.
Rnr.280907.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is


Fyrrverandi fjármálaráðherra segir Umboðsmann skuldara þjónustustofnun:

# Segir of langt gengið í gagnrýni

**STJÓRNMÁL** „Mér finnst menn ganga mjög langt í gagnrýni sinni á eftirlitsstofnanir ríkisins,“ segir Katrín Júlíusdóttir, fyrrverandi fjármálaráðherra.

„Þeir auknu fjármunir sem settir voru í eftirlitsstofnanir voru ekki miklir miðað við þá gagnrýni sem kom fram í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis,“ segir Katrín.

Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður, sem situr í niðurskurðarhópi ríkisstjórnarinnar, sagði á mánudag að fyrri ríkisstjórn hefði forgangsraðað í þágu eftirlitsiðnaðarins. Í tölum sem Guðlaugur Þór hefur látið vinna fyrir sig um eftirlitsstofnanir kom meðal annars fram að framlög til Umboðsmanns skuldara hefðu aukist um rúm 1.700 prósent.

„Að kalla Umboðsmann skuldara eftirlitsstofnun finnst mér of langt gengið. Þetta er þjónustustofnun sem komið var á laggirnar til aðstoðar skuldugum heimilum. Þingmaðurinn er að gagnrýna fyrri ríkisstjórn fyrir að hafa brugðist við gagnrýni á lélegt eftirlitskerfi með því að styrkja það,“ segir Katrín. -jme



**Að kalla Umboðsmann skuldara eftirlitsstofnun finnst mér of langt gengið.**

*Katrín Júlíusdóttir, fyrrverandi fjármálaráðherra.*

# Grunur um samráð

„Vitum í raun ekkert um hvað málið snýst,“ segir upplýsingafulltrúi Eimskips, sem fékk starfsmenn Samkeppniseftirlitsins og lögreglu inn á gafl til sín í gær. „Þeir afrituðu mikið af tölvugögnum en óverulegt magn af pappír,“ segir forstjóri Samskipa.

**SAMKEPPNISMÁL** Tugir starfsmanna Samkeppniseftirlitsins (SE) og lögreglunnar fóru í húsakynni Samskipa, Eimskips og dótturfélaga þeirra í gærmorgun vegna rannsóknar á meintu samráði og mögulegri misnotkun á markaðsráðandi stöðu fyrirtækjanna.

„Við vitum í raun ekkert um hvað málið snýst,“ segir Ólafur William Hand, upplýsingafulltrúi Eimskips. „Samkeppniseftirlitið heldur að sér höndum með það, vinnur að sinni rannsókn og okkar starfsmenn sinna því með þeim.“ Ólafur segir að Eimskip hafi sent Kauphöll Íslands tilkynningu um húsleitina strax í gærmorgun eins og reglur gera ráð fyrir. Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, er staddur erlendis og gaf ekki kost á viðtali í gær.

Hjá Eimskipi beinist rannsóknin að Eimskipafélaginu sjálfu, landflutningafyrirtækinu Flytjanda og flutningsmiðlunarfyrirtækinu TVG Zimsen. Samskip rekur sambærileg dótturfyrirtæki; Landflutninga og Jóna transport.

Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa, segir málið eins og þrumu úr heiðskíru lofti. Hann viti ekki hvað hafi orðið til þess að ráðist var í húsleitina. „Þeir afrituðu mikið af tölvugögnum en óverulegt magn af pappír. Það gætu verið skýrslur og ýmiss konar gögn sem finnast í skúffum og hillum hjá fámennum hópi stjórnenda. Það var allt í góðum gír. Við kölluðum til okkar lögfræðinga og fórum yfir úrskurðinn. Þegar það var klappað og klárt þá skipulögðu menn sig. Þetta voru bæði fulltrúar Samkeppniseftirlitsins og lögreglumenn. Nokkrir tugir manna,“ sagði Ásbjörn spurður hvaða gögn það voru sem lögregla og samkeppniseftirlitið haldlögðu.

Ásbjörn segir að starfsemi Samskipa verði óbreytt í dag og rannsókn Samkeppniseftirlitsins hafi engin áhrif á reksturinn. „Skipin sigla og þetta rúllar allt áfram,“ segir hann.

Niðurstaða rannsóknar Samkeppniseftirlitsins ætti að liggja fyrir eftir sex mánuði hið minnsta, miðað við málshraða í sambærilegum málum. - sh, þþ

**Skipafélögin undir smásjá**

EIMSKIP: Flytjandi, TVG-ZIMSEN

SAMSKIP: Jónar Transport, Landflutningar Samskip



**ÓLAFUR WILLIAM HAND**



**ÁSBJÖRN GÍSLASON**


# Ný frímerki

*Safnaðu litlum listaverkum*

Á morgun 12. september gefur Íslandspóstur út þrjár frímerkjaraðir og eina smáörk. Myndefni frímerkjanna eru Vattarnes- og Skarðsfjöruvitar, Surtsey 50 ára og íslenska geitin. Myndefni smáarkarinnar er 50 ára vígsluafmæli Skálholtsdómkirkju og 250 ára vígsluafmæli Hóladómskirkju.



Fyrstadagsumslög fást stimpluð á pósthúsum um land allt. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni.
Sími: 580 1050 Fax: 580 1059
Netfang: stamps@stamps.is
Heimasíða: www.stamps.is

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN


Kreditkortaviðskipti landans:

# Sjö prósenta aukning í ágúst

**VIÐSKIPTI** Um sjö prósenta heildarveltuaukning var á kreditkortaviðskiptum með íslensk Visakreditkort í ágúst síðastliðnum ef miðað er við sama tímabil árið 2012.

Notkun innanlands jókst um 5,6 prósent en notkun á íslenskum Visakortum erlendis jókst um 15,3 prósent.

Þetta kemur fram í tölum frá Valitor um mánaðarlegan samanburð á veltutölum milli ára. Miðað var við tímabilið frá 22. júlí til 21. ágúst, annars vegar árið 2012 og hins vegar 2013. - hg

Dæmdur í héraðsdómi:

# Stal heimabíói og leikjatölvu

**DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri var dæmdur í tveggja mánaða óskilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudaginn. Maðurinn braust meðal annars inn á heimili í Hafnarfirði og stal leikjatölvu, verkfærum og heimabíói. Þá var maðurinn einnig með smáræði af fíkniefnum á sér þegar hann var handtekinn.**

**Maðurinn var fyrst dæmdur fyrir afbrot þegar hann var sautján ára gamall. Með hliðsjón af brotasögu mannsins var ákveðið að dæma manninn í óskilorðsbundið fangelsi.** - vg

PEN INTERNATIONAL & BÓKMENNTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK



Allir velkomnir!

AÐGANGUR ÓKEYPIS!

# Alþjóðlegt upplestrarkvöld í Eldborgarsal Hörpu

Í kvöld er þér boðið á glæsilegt upplestrarkvöld Bókmenntahátíðar í Reykjavík og PEN International í Eldborgarsal Hörpu kl. 20.00. Þar munu íslenskir og erlendir höfundar og tónlistarmenn leika við hvern sinn fingur.

- Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Íslenskar þýðingar á tjaldi.
- Bókmenntahátíð í Reykjavík stendur yfir dagana 11.-15. september.
- Dagskrá hátíðarinnar má finna á www.bokmenntahatid.is.

Ekki missa af einstökum viðburði!

Bókmenntahátíð í Reykjavík 2013

pen INTERNATIONAL

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO

MEÐ STUÐNINGI FRÁ:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Oddi | Norræna húsið | | Mennta- og menningarmálaráðuneytið | Forsætisráðuneytið | Utanríkisráðuneytið | Íslandsstofa Promote Iceland | norden Nordisk Kulturfond |
| | Félag íslenskra bókaútgefenda | Icelandair | iceida | Bókmenntafélagið Mál og menning | Miðstöð íslenskra bókmennta | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið | |

BÓKA LAGERSALA

# RISAlagersala á Fiskislóð 39

## Opið alla daga kl. 10–19




ÞEGAR ÖLLU ER Á BOTNINN HVOLFT – INNBUNDIN

**Verð: 290 kr.**




HÓTEL KALIFORNÍA – KILJA

**Verð: 490 kr.**




ÓVITAR – KILJA

**Verð: 690 kr.**




SJÖUNDI HIMINN – KILJA

**Verð: 690 kr.**




BERT + SAMÍRA = SATT? – INNBUNDIN

**Verð: 990 kr.**




ERAGON – ÖLDUNGURINN – INNBUNDIN

**Verð: 990 kr.**




KÁRI LITLI OG KLÓSETTSKRÍMSLIÐ – INNBUNDIN

**Verð: 990 kr.**




LÆRÐU AÐ TEIKNA HERRA-MENN – INNBUNDIN

**Verð: 990 kr.**

**Allir sem kaupa fyrir 6.000 kr. eða meira fá bókagjöf.**

Yfir 2500 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!

Allt að 90% afsláttur

FJÖLDI ANNARRA TILBOÐA




**Næg bílastæði og kaffi á könnunni**




MYRKRASLÓÐ
– KILJA

**Verð: 990 kr.**




EINEYGÐI KÖTTURINN KISI:
& LEYNDARDÓMAR ... – KILJA

**Verð: 1.490 kr.**




STÓRHÆTTULEGA STRÁKABÓKIN
STÓRSKEMMTILEGA STELPUBÓKIN
– INNBUNDNAR

**Verð: 990 kr. pr. stk**




DÁVALDURINN
– INNBUNDIN

**Verð: 990 kr.**




FORSETINN, PRINSESSAN OG
HÖLLIN ... – INNBUNDIN

**Verð: 1.990 kr.**




VATN HANDA FÍLUM
– INNBUNDIN

**Verð: 990 kr.**




SEGÐU MÖMMU AÐ MÉR
LÍÐI VEL – INNBUNDIN

**Verð: 1.990 kr.**




LJÓÐ OG UPPSTILLINGAR 1951–2011
ÚRVAL – INNBUNDIN

**Verð: 1.200 kr.**




STALÍNSBÖRN
– INNBUNDIN

**Verð: 990 kr.**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

ík · forlagid@forlagid.is · **Opið alla daga kl. 10–19**

Draumurinn um Brasilíu lifir góðu lífi.

# Full ástæða til þess að brosa

Eftir sigur Íslands á Albönum í gærkvöldi á karlalandsliðið í knattspyrnu í fyrsta sinn raunhæfan möguleika á því að spila í lokakeppni heimsmeistaramótsins. Þótt enn séu hindranir á vegi íslenska liðsins er framhaldið í höndum þess þegar tvær umferðir eru eftir af riðlakeppninni. Einhvern tímann hefði þótt fáránlegt af blaðamanni að rita texta sem þennan og því borið við að væntingar og vangaveltur myndu setja liðið út af laginu. Tímarnir eru breyttir. Nú gefa landsliðsmenn sjálfir tóninn, upplýsa fjölmiðla óhikað um metnaðarfull markmið sín og vinna að þeim af krafti. Ekki er þar með sagt að fyrri fulltrúar Íslands hefðu endilega átt að vera jafn yfirlýsingaglaðir enda ekki endilega tilefni til.



**Kolbeinn Tumi Daðason**
kolbeinntumi@frettabladid.is

Karlalandsliðið hefur sjaldan verið jafn vel mannað hvað hæfileika leikmanna snertir. Gæðin er sérstaklega að finna í sóknarleik liðsins þar sem Gylfi Þór Sigurðsson og Kolbeinn Sigþórsson eru fremstir í flokki. Það er ekkert feimnismál að varnarmenn okkar eru slakari en kollegar þeirra sóknarmegin ef horft er til þess hvar þeir iðka íþrótt sína. Val Lars Lagerbäck á leikmönnum í varnarlínu Íslands er iðulega gagnrýnt en fátt um rökstudd og greinargóð svör þegar óskað er eftir tillögum um betri kosti. Leikmennirnir eru flestir ef ekki allir besti kosturinn í sinni stöðu en líða fyrir samanburðinn við félaga sína í byrjunarliðinu. Þegar illa gengur hafa leikmenn ekki bent hver á annan heldur deilt ábyrgðinni, réttilega, enda standa fleiri vaktina en varnarmennirnir fjórir og sá með hanskana fyrir aftan þá.

Færa má rök fyrir því að heimsmeistaramótið í knattspyrnu sé vinsælasti íþróttaviðburður, jafnvel viðburður, sem haldinn er. Brasilía verður vettvangur næstu leika en heimamenn hafa verið þekktir fyrir skemmtilegan leik í áratugi. Lífið snýst um fótbolta í heimalandi fimmfaldra heimsmeistara og löngu ljóst að keppnin verður glæsileg. Eftirvæntingin vegna lokakeppni hefur ekki verið meiri á lífsleið þess sem þessi orð ritar. Tækist strákunum okkar að komast til Brasilíu yrði um eitt mesta afrek íslenskrar íþróttasögu að ræða.

Alls berjast 203 þjóðir um 31 laust sæti í lokakeppninni enda fá gestgjafarnir sjálfkrafa þátttökurétt. Þjóð með íbúafjölda talinn í hundruðum þúsunda hefur nefnilega aldrei komist í lokakeppnina. Landslið Trínidad og Tóbagó, með rúmlega eina milljón íbúa, er það fámennasta sem mætt hefur í veisluna til þessa. Liðið fór þó öllu þægilegri leið í lokakeppnina en sú sem í boði er fyrir þjóðir Evrópu.

Einhverjir sem lásu svona langt eru byrjaðir að hugsa: „Hverjum er ekki sama?“ Staðreyndin er sú að ansi hreint mörgum er ekki sama enda þurftu líklega fáir lesendur að opna blaðið til að frétta af sigri okkar manna í gærkvöldi. Gengi fótboltaliða hefur áhrif á líðan fólks um allan heim og sá fjöldi er enn meiri þegar landslið eiga í hlut. Nú gengur vel, ótrúlega vel, og því full ástæða til þess að brosa út að eyrum og njóta.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

-- Útboð --

Veiðifélag Brynjudalsár í Kjós óskar hér með eftir tilboðum í lax- og silungsveiði í Brynjudalsá fyrir árin 2014 til 2017, að báðum árum meðtöldum, samkvæmt meðfylgjandi útboðsskilmálum og fyrirliggjandi upplýsingum.
Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Bændasamtaka Íslands, Bændahöllinni við Hagatorg, sími 5630300. Þeir sem óska eftir að fá útboðsgögnin send á rafrænu formi snúi sér til Guðbrands Brynjúlfssonar, netfang **buvangur@emax.is** ,s- 8440429/4371817.

Tilboðum skal skila til formanns Veiðifélags Brynjudalsár, Lúthers Ástvaldssonar, Þrándarstöðum, 276 Mosfellsbæ, merkt **Útboð v/ Brynjudalsár.**
Frestur til að skila tilboði rennur út mánudaginn **7. október 2013, kl. 14.00.**
Tilboðin verða opnuð fimmtudaginn 10 október, kl. 14.00, í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska, á heimili formanns veiðifélagsins að Þrándarstöðum í Brynjudal.

**F.h. Veiðifélags Brynjudalsár,**
*Lúther Ástvaldsson, formaður*

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Róttækustu stjórnvöld í heimi

„Í undirbúningi eru róttækustu aðgerðir stjórnvalda nokkurs staðar í veröldinni í þágu skuldsettra heimila.“ Þessi orð féllu úr ræðustól Alþingis í gær, þegar þingmenn komu saman til skrafs á sérstöku septemberörþingi. Sá sem þetta mælti var þó ekki stjórnarandstæðingur að gagnrýna skuldaleiðréttingaráform ríkisstjórnarinnar heldur sjálfur forsætisráðherrann, **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**. Ekki var annað að heyra á honum en að hann væri nokkuð hreykinn af þessum stórhuga fyrirætlunum sem engum hefur dottið í hug nema snjalla fólkinu hér á Íslandi.



### Skemmtilegt

**Kári Stefánsson** er skemmtilegur. Í gær skrifaði hann til dæmis bráðskemmtilega grein í Morgunblaðið þar sem hann fór yfir það lið fyrir lið hvernig síðasta ríkisstjórn, og sumpart sitjandi ríkisstjórn líka, væri að drepa gamalt fólk. Greininni lauk hann á þeim orðum að „þegar aðgerðir eða aðgerðaleysi ríkisstjórnar leiðir til þess að fólk lætur lífið á Íslandi er líklegt að þjóðin láti sér ekki nægja að berja saman pottahlemmum“. Kannski er þetta rétt hjá Kára, en fróðlegt væri að vita hversu langt hann heldur að þjóðin mundi ganga.

### Niðurskurður eða ekki?

Einkennileg umræða er sprottin um hugsanlegan niðurskurð til Kvikmyndasjóðs Íslands. Fréttir berast af því að til standi að skera framlög hans við nögl – lækka þau um heil 40 prósent – en enginn kannast hins vegar við það, hvorki Guðlaugur Þór Þórðarson, sem á sæti í hagræðingarhópi stjórnvalda, né Vigdís Hauksdóttir, sem á bæði sæti í hagræðingarhópnum og gegnir auk þess formennsku í fjárlaganefnd. Samt stendur umræðan enn. Það er skrítið.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hver datt á hausinn á Hofsvallagötunni?

SKIPULAG



**Jón Kristjánsson**
fv. alþingismaður

Ég er einn af þeim sem búa í Vesturbænum og á nokkuð oft erindi um Hofsvallagötuna. Þar er nýlokið framkvæmdum sem hafa verið umdeildar en þær valda mér fyrst og fremst undrun. Hver datt á hausinn þarna og fékk hugmyndina að þeim?

Þarna var komið upp stíg fyrir hjólreiðamenn sitt hvoru megin við götuna. Það er ágætis mál og ekkert við það að athuga. Hins vegar hefði verið hófsamara að merkja þessa stíga á venjulegan hátt og ekki síst hefði það verið ódýrara fyrir borgaryfirvöld og skattgreiðendur í borginni. Síðustu tölur sem heyrast um kostnað við þessa reiðhjólamálningu eru ótrúlegar, jafnvel fyrir bæjarfélag sem á gnás af peningum.

Þá er komið að öðrum framkvæmdum við götuna sem eru blómaker, sem eru enginn fegurðarauki, slegin saman úr krossvið. Síðan eru veifur á járnstöngum sem hefur verið komið fyrir með mikilli fyrirhöfn og efst tróna fuglahús hvít að lit. Allt þetta brambolt kostar milljónir króna og ég hef einhvers staðar lesið að öll kosti þessi framkvæmd 18 milljónir.

**➜ Þá berast þær fréttir að allt þetta sé aðeins til bráðabirgða. Það gerir nú allt málið enn þá vitlausara og vekur spurninguna hvort menn hafi dottið á hausinn þarna á götunni.**

Þá berast þær fréttir að allt þetta sé aðeins til bráðabirgða. Það gerir nú allt málið enn þá vitlausara og vekur spurninguna hvort menn hafi dottið á hausinn þarna á götunni. Ef þetta verður tekið, hvað tekur þá við, lengri járnstengur, fleiri veifur og stærri fuglahús? Spyr sá sem ekki veit. Fyrir hvern voru þessi áform lögð á undirbúningsstigi? Tók einhver kjörinn fulltrúi okkar borgarbúa lokaákvörðun um þessa framkvæmdir?

Það er hið besta mál að auka hjólreiðar í borginni og ég er sannfærður um það að ef látið hefði verið nægja að leggja hjólastígana með venjulegum greinilegum merkingum, þá hefði enginn sagt nokkuð.

# Háskóli Íslands: Ekki meir, ekki meir…

*„Það versta er ekki fólska hinna illviljuðu; það versta er þögn og afskiptaleysi hinna góðviljuðu“ (Ókunnur)*

**Skýringar forráðamanna HÍ á fyrirvaralausri ákvörðun þeirra um að afturkalla ráðningu mína til kennslu við stjórnmálafræðideild skólans standast ekki skoðun. Þeir leyfa sér að ganga langt í að hagræða staðreyndum í von um að geta breitt yfir það ófremdarástand sem ríkir innan Félagsvísindasviðs. Þessar skýringar bera vott um skort á sannleiksást, vilja til yfirhylmingar (e. cover-up) og ódrengskap í garð þeirra sem verða að búa við afleiðingarnar af þeirra eigin klúðri.**

MANNRÉTTINDI



Jón Baldvin Hannibalsson
fv. ráðherra

Hverjar eru þessar skýringar? Látið er eins og þetta sé allt honum Baldri að kenna. Dr. Baldur Þórhallsson prófessor á að hafa beðið mig um að líta við í nokkra tíma á námskeiði á hans vegum. Þetta á að hafa verið einkamál Baldurs. Baldur hafi síðan afturkallað ákvörðun sína. Þar með beri Félagsvísindasvið og stjórnmálafræðideild enga ábyrgð. Þetta er hins vegar, að mati rektors, tilefni til að setja reglur um gestakomur til háskólans.

Allt er þetta eftiráspuni manna sem virðast ekki þora að bera ábyrgð á orðum sínum og gjörðum. Staðreyndirnar eru allt aðrar. Dr. Baldur kom hvergi nærri þessu fyrirhugaða námskeiði, enda er hann í leyfi frá háskólanum sem gestaprófessor í Bandaríkjunum. Verkefnið sem mér var falið að vinna á vegum stjórnmálafræðideildar var að undirbúa námsáætlun, annast kennslu (fimmtán fyrirlestrar og fimm umræðutímar); einnig að annast námsmat (ritgerðir og próf) nemenda til B.A.- og M.A.-prófa, í samstarfi við tvo aðra starfsmenn deildarinnar. Þetta var mér falið að gera með bréfi þann 9. júlí. Í bréfinu segir m.a.: „Þetta væri deildinni mikils virði. Það er löngu kominn tími til þess að þú komir aftur hingað“. Þetta sögðu þeir þá. Nú er allt í einu komið annað hljóð í strokkinn. Hvað veldur?

Vera má, að stjórnsýslu HÍ sé í ýmsu ábótavant, eins og rektor gefur til kynna. Vonandi er ástandið samt ekki svo slæmt að menn séu kallaðir til af götunni til að skipuleggja námsefni útskriftarnema og annast kennslu, án hæfismats eða samráðs við deildarforseta og prófessora. Getur það verið? Trúir því nokkur? Seint mun þá sækjast að skipa Háskóla Íslands í röð 100 bestu í heiminum með slíku háttalagi.

### Að hengja bakara fyrir smið

Úr því að forráðamenn háskólans bera ekki meiri virðingu fyrir staðreyndum en raun ber vitni er eins gott að rekja aðdragandann að ákvörðun þeirra um að afturkalla ráðningu mína lið fyrir lið. Þetta er nefnilega ekki þeirra einkamál.

**Mánudagur, 26. ágúst:** Mér er tilkynnt símleiðis að kennarar við kynjafræði hafi skriflega mótmælt ráðningu minni. Þegar spurt var um ástæður var mér sagt að þær teldu ráðningu mína ekki samræmast „heiðri og trúverðugleik háskólans“ þar sem ég hefði í fjölmiðlum verið borinn sökum um kynferðislega áreitni. Ákæruskjali þeirra væri beint til deildarforseta og deildarstjórnar. Mér var sagt að stjórn deildarinnar hefði setið á maraþonfundum klukkutímum saman til að hlusta á óhróður um mína persónu. Það væri hins vegar engan bilbug á forráðamönnum deildarinnar að finna. **Þeir myndu ekki láta kúga sig.** Jafnframt vildu þeir fullvissa sig um að ég mundi ekki renna af hólmi.

**Þriðjudagur, 27. ágúst:** Þá kvað við annan tón. Þeir kváðust hafa misst alla stjórn á umræðunni því að heiftin og ofstækið kynnu sér engin takmörk. Þeir væru að niðurlotum komnir. Þeim þætti miður að hafa tælt mig inn í þennan ormagarð. Þeir spurðust fyrir um hvort mér væri ekki fyrir bestu að draga mig til baka. Það myndi um leið létta þungum krossi af þeirra herðum.

**Miðvikudaginn, 28. ágúst:** Þá var mér tilkynnt að forráðamenn stjórnmálafræðideildar hefðu gefist upp fyrir hótun um að það yrði enginn starfsfriður í deildinni nema ráðning mín yrði dregin til baka. Hagsmunir háskólans yrðu að sitja í fyrirrúmi. Þeir væru því nauðbeygðir að fórna grundvallarreglum fyrir starfsfriðinn – líkt og í München forðum.

**Fimmtudagur, 29. ágúst:** Forseti Félagsvísindasviðs boðaði mig til fundar á skrifstofu sinni í Gimli. Fundinn sátu líka deildarforseti stjórnmálafræðideildar og Dr. Baldur Þórhallsson prófessor. Á fundinum var allt það staðfest sem að framan er sagt. Deildarforseti stjórnmálafræðideildar sagði að þessi niðurstaða gengi gegn öllu því sem hann stæði fyrir og að hann „óaði við“ því hugarfari ofstækis sem að baki byggi. Forseti Félagsvísindasviðs bað mig að sýna því skilning að ófriðarástand ætti sér langa sögu þar innan veggja. Þær öldur yrði að lægja með lagni. Það væri fullreynt að starfsfriður yrði ekki tryggður nema ég yrði gerður afturreka. Sorry. Að lokum reifaði hann útgönguleið þeirra félaga frá allri ábyrgð, með því að þetta hefði verið einkamál Baldurs Þórhallssonar. Þar sem Baldur tæki á sig sökina væru allir lausir mála.

### Dómstóll götunnar

Þetta eru hinar raunverulegu ástæður að baki ákvörðunar forráðamanna háskólans, eins og þær voru skýrðar fyrir mér. Ég fór fram á tvennt á þessum fundi: Að háskólinn skýrði opinberlega satt og rétt frá gangi mála um ástæður þess að ráðning mín væri fyrirvaralaust afturkölluð. **Ef háskólinn skýldi sér á bak við þögn í þessu máli jafngilti það því að háskólinn legði blessun sína yfir þær ávirðingar sem á mig væru bornar – í verki, ef ekki í orði.** Og að ég fengi í hendur ákæruskjal kynjafræði til deildarforseta svo að ég gæti a.m.k. varið hendur mínar. Um það voru höfð góð orð. Við hvorugt hefur verið staðið.

Hver er niðurstaða þessa máls? Það er mikill misskilningur ef menn halda að þetta snúist bara um mína persónu eða um vítaverða stjórnunarhætti innan háskólans. Þetta mál snýst um grundvallarmannréttindi í réttarríki. Ef maður er borinn sökum sem þykja refsiverð að lögum er það dómstóla að skera úr. Að því er varðar þær ávirðingar sem á mig hafa verið bornar hefur ákæruvaldið kveðið upp sinn úrskurð í tvígang. Kærumálum hefur verið vísað frá, þar sem ekki séu efni til sakfellingar. Í þessu tilviki hefur dómstóll götunnar hins vegar kveðið upp annan dóm, studdur af pólitískum öfgahópum og óvönduðum fjölmiðlum. Þeim sem vilja kynna sér staðreyndir málsins eins og þær liggja fyrir skal bent á heimasíðu mína – www.jbh.is – og þá sérstaklega tvær greinar: **„Að gera hreint fyrir sínum dyrum“** (16.3.12) og **„Hvers vegna allt þetta hatur? – Fjölskylduböl í fjölmiðlum“** (30.04.12). Þarna er hvergi undan því vikist að ræða hina siðferðilegu hlið málsins.

Háskóli Íslands er æðsta menntastofnun þjóðarinnar. Lagadeild háskólans má lýsa sem uppeldisstöð réttarríkisins. Þeir sem útskrifast úr lagadeild skipa síðar sæti dómara í réttarríkinu. Það er því ekki fjarri lagi að háskólanum sé ætlað að standa vörð um þá grundvallarreglu réttarríkisins að allir skuli teljast saklausir uns sekt hefur verið sönnuð með dómi. **Með framgöngu sinni í þessu máli hafa forráðamenn Háskóla Íslands í verki lagt blessun sína yfir dómstól götunnar; fórnað varðstöðu um grundvallarreglur réttarríkisins undir hótun um að ella logi ófriðareldar ofstækis og fordóma þar innan dyra.**

Ég hef á tiltölulega stuttum stjórnmálaferli oft sætt harðri gagnrýni í fjölmiðlum. Mér hafa borist ófá bréf, ýmist nafnlaus eða undir nafni, þar sem á mig eru bornar vammir og skammir – í einstaka tilvikum líflátshótanir. Hingað til hef ég látið þetta sem vind um eyru þjóta. Ég hef hneigst til að kenna um óþroskaðri umræðuhefð, þar sem mannorðsmorð – jafnvel landráðabrigsl – eru á köflum daglegt brauð. Ég hef aldrei höfðað meiðyrðamál, þótt oft hafi verið ærin ástæða til. Ég hef litið á þessa óþroskuðu umræðuhefð sem fæðingarhríðir okkar unga lýðveldis og fylgifisk tjáningarfrelsisins, sem bæri að standa vörð um.

**➜ Á það verður látið reyna, hvort dómstóll götunnar komist framvegis upp með að ráða gangi mála við háskólann.**

En þegar svo er komið að Háskóli Íslands vegur í verki að rótum réttarríkisins – og er reiðubúinn að fórna mannréttindum einstaklinga undir hótun um rof á starfsfriði – þá er nóg komið. Þá heggur sá sem hlífa skyldi. Ég hef því ákveðið að fela lögmanni mínum að undirbúa málshöfðun á hendur Háskóla Íslands. Á það verður látið reyna hvort dómstóll götunnar komist framvegis upp með að ráða gangi mála við háskólann. Eða hvort standa beri vörð um réttarríkið og grundvallarmannréttindi.

*(Höf. hefur verið ráðinn gistiprófessor við Háskólann í Tartu í Eistlandi á ári komanda).*

**Vitni óskast**

Óska eftir vitni á árekstri í kringum 10. nóv 2011 á gatnamótum Sæbrautar og Kringlumýrabrautar vinsamlega hafa samband í síma 864 2660

Baðinnréttingar
Handlaugar
Stálvaskar
Sturtuhausar
Speglaskápar
Sturtuhorn
Þvottahúsinnréttingar
Handklæðaofnar
Sturtuklefar
Eldhúsinnréttingar
Veggfest salerni
Sturtubotnar
Sturtuhurðir
Blöndunartæki
Sturtuskjól
Baðfylgihlutir
Sturtustangir
Baðhlífar

**Flottar vörur fyrir baðherbergið**



Opið virka daga frá 9 til 18
Ármúla 31 - Sími 588 7332
i-t.is

50% 35% 45% 35% 20% 50% 40% 35% 20% 25% 40% 20% 45% 40% 25% 30% 45% 50% 25% 30% 45% 40% 25% 35% 50%

INNRÉTTINGAR & TÆKI

# Mannréttindabrot í Reykjavík

SAMFÉLAG



Alma Rut Lindudóttir
áfengis- og forvarnaráðgjafi



Þorleifur Gunnlaugsson
varaborgarfulltrúi VG

Frá upphafi þessa árs til loka júlí hefur körlum verið vísað frá neyðarskýli borgarinnar í 308 tilvikum. Stöðugt berast fréttir af utangarðsmönnum sem ekki hafa haft önnur úrræði en að leita í fangelsi, sofa á víðavangi eða jafnvel í ruslakompum.

Gistiskýlið að Þingholtsstræti er skýli fyrir þá sem hvergi eiga höfði sínu að að halla. Þar hafa menn ekki heimilisfesti heldur fá að fleygja sér yfir nóttina þegar allt annað bregst. Til skamms tíma hefur skýlið verið opið öllum en vegna fjölgunar utangarðsfólks er nú stöðugt verið að vísa frá.

**Vandi sem stigmagnast**

Vandinn hefur stigmagnast og strax í fyrra var farið að vísa frá vegna plássleysis. Í janúar sl. fengu karlar ekki næturskjól í sjö skipti en í júlímánuði einum voru tilvikin orðin 87. Borgaryfirvöld hafa hunsað upplýsingar um þessa alvarlegu þróun og því má segja að flotið hafi verið vakandi að feigðarósi. Þó eru markmið borgarinnar skýr í þessum efnum og í stefnu í málefnum utangarðsfólks, sem borgarráð samþykkti í september 2008, segir:

„Markmið með stefnumótun í málefnum utangarðsfólks er að koma í veg fyrir útigang og tryggja öllum viðunandi húsaskjól.“

Þegar Heimaeyjargosið hófst tóku allir höndum saman og húsnæði fyrir „flóttafólkið“ var útvegað samstundis. Við viljum meina að hér sé samsvarandi vandi, neyðarástand. Það hefur verið ljóst í langan tíma að það vantar nýtt gistiskýli og það er með ólíkindum að borgaryfirvöld skuli hafa komið málum í slíkt óefni. Ekki hefur skort þá sem vakið hafa athygli á vandanum. Nú loksins er farið að huga að öðru úrræði en samkvæmt óljósum fyrirætlunum velferðarsviðs er ekki reiknað með nýju gistiskýli fyrr en um áramót eða seinnipartinn í vetur.

**→ Vandinn hefur stigmagnast og strax í fyrra var farið að vísa frá vegna plássleysis.**

**Lausn bráðavandans**

Um leið og meirihluti velferðarráðs hefur hunsað allar tillögur til lausnar bráðavandans er mannréttindaráð eina stofnun borgarinnar sem tekið hefur vandann alvarlega, enda um lágmarksmannréttindi að ræða. Í borgarráði liggur nú fyrir svohljóðandi tillaga, en hún hefur legið óafgreidd í tæpa tvo mánuði:

„Mannréttindaráð hvetur í bókun sinni frá 11. júní sl. eindregið til þess að húsnæðisvandi Gistiskýlisins, sem ætlað er heimilislausum körlum í borginni, verði leystur sem allra fyrst. Þetta kemur í framhaldi af fréttum af því að stöðugt er verið að vísa heimilislausum körlum frá neyðarskýli borgarinnar. Borgarráð tekur undir bókun mannréttindaráðs og vísar því til skrifstofu eignaumsýslu og velferðarsviðs að setja málið í forgang og finna bráðabirgðahúsnæði þar til endanleg lausn verður til staðar.“

Tillagan verður vonandi tekin fyrir í borgarráði á fimmtudaginn kemur og allir þeir sem láta sig grundvallarmannréttindi varða ættu að hvetja borgarfulltrúa til að leysa vandann á einhvern hátt áður en kólnar enn frekar í veðri.




# Rýmum til á lyfjadeild Landspítalans

HEILBRIGÐISMÁL



Tryggvi Ásmundsson
læknir; starfaði í 33 ár á Landspítalanum

Vilhelmína Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri lyflækningasviðs, sagði nýlega í fréttum að einn aðalvandi lyfjadeildar Landspítalans væri að deildin væri hálffull af hjúkrunarsjúklingum. Það er örugglega rétt.

Nýlega kom aldraður kollegi minn fárveikur á Landspítalann. Lengi vel lá hann á hörðum skoðunarbekk en loks fannst rúm og hann var lagður á ganginn. Er þetta boðleg þjónusta? Kannske er það misskilningur en ég held að bæði Vífilsstaðir og St. Jósefsspítali í Hafnarfirði standi auðir. Húsnæði þar er örugglega ekki verra en það sem hjúkrunarsjúklingarnir á Landspítala búa við. Auðvitað kostar töluvert að manna þessar stofnanir en að halda hjúkrunarsjúklingum inni á hátæknisjúkrahúsi er að spara eyrinn en kasta krónunni. Nýskipaður heilbrigðisráðherra hefur undanfarið sagt margt gott og skynsamlegt og orð hans í nýlegu útvarpsviðtali benda til að hann skilji þennan vanda til fulls. Dugnaðarforkurinn Geir Gunnlaugsson, bóndi í Eskihlíð, kvað eitt sinn:

*Illa bitur orðastálið*
*algengast er það.*
*Halda fundi, hugsa málið,*
*hafast ekkert að.*

Sú aðferð dugar ekki hér.

**→ Auðvitað kostar töluvert að manna þessar stofnanir.**



OYSTER PERPETUAL DATEJUST

ROLEX

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is


# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 11. september 2013 | 25. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

VIÐ ELSKUM UMHVERFIÐ!
Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




## Eimskip lækkaði við húsleit

Gengi hlutabréfa Eimskips lækkaði um 2,2 prósent í kauphallarviðskiptum gærdagsins. Kauphöllin tilkynnti í gærmorgun um húsleit Samkeppniseftirlitsins hjá Eimskipi vegna gruns um brot á 10. og 11. grein samkeppnislaga. Eftir tilkynninguna lækkaði gengi bréfanna skarpt, um sem nemur fimm prósentum, en rétti sig svo aðeins við. „Greinarnar kveða á um bann við samkeppnishamlandi samningum og samstilltum aðgerðum fyrirtækja og misnotkun markaðsráðandi fyrirtækja á stöðu sinni,“ segir í tilkynningu sem IFS greining sendi frá sér í gær. Félagið hefur tímabundið tekið Eimskip af lista félaga sem IFS gefur út álit á. „Felur það í sér að að síðasta virðismat er ógilt þar til frekari upplýsingar um málið berast.“

## Innkalla 780 þúsund bifreiðar

Japanski bílaframleiðandinn Toyota hefur tilkynnt um innköllun á um 780 þúsund bifreiðum fyrirtækisins í Bandaríkjunum. Ástæðan er galli í fjöðrunarbúnaði.

Innköllun Toyota tekur til bifreiða af undirgerðinni Lexus HS, árgerðir 2005-2010, og RAV4, árgerðir 2006-2011.

Þetta er í annað sinn á stuttum tíma sem Toyota tilkynnir um innköllun á þessum tilteknu undirgerðum vegna fjöðrunarbúnaðarins. Í tilkynningu frá Toyota kemur fram að viðgerðir í fyrri innköllun hafi ekki skilað tilætluðum árangri.

Páll Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Toyota á Íslandi, segir innköllunina ekki ná til Toyota-bifreiða sem seldar eru hér á landi.

## Neikvæð afkoma á 2. fjórðungi

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 16,3 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi 2013. Fram kemur í umfjöllun Hagstofu Íslands að niðurstaðan sé lakari en á sama tíma í fyrra. Þá var hallinn rúmir 14 milljarðar króna. „Tekjuhallinn nam 3,8 prósentum af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 8,7 prósentum af tekjum hins opinbera,“ segir í umfjöllun Hagstofunnar.

Fyrstu sex mánuði ársins er tekjuhallinn sagður hafa numið 6,8 prósentum af tekjum hins opinbera, en á sama tímabili 2012 var hallinn 6,3 prósent af tekjum.

Getum við bætt reksturinn?

Advania hefur þróað fjölda snjalllausna fyrir atvinnulífið sem styðjast við Android, Apple iOS og Windows stýrikerfin. Við færum fyrirtækjum ávinning af hagnýtingu snjalltækja.




Starfsmenn snjalllausna Advania eru til þjónustu reiðubúnir í síma 440 9000.
Nánari upplýsingar má finna á www.advania.is/app

advania
Welcome to IT

## Fróðleiksmolinn

DataMarket

### Heildarfjöldi erlendra gesta til Íslands




Heimild: Ferðamálastofa | Skoða nánar: http://data.is/17TaqUy

Samkvæmt opinberum tölum frá Ferðamálastofu um heildarfjölda erlendra gesta komu 672.000 erlendir ferðamenn til landsins árið 2012. Árið 2013 er gert ráð fyrir að ferðamannafjöldi fari yfir 800.000. Í febrúar 2002 hóf Ferðamálastofa talningar í Leifsstöð en Útlendingaeftirlitið annaðist talningar áður. Áætlað er að tölur í gegnum Leifsstöð nái yfir 96% erlendra gesta sem koma til landsins, þ.e. 4% komi um aðra flugvelli, með Norrænu og öðrum skipum. Frá árinu 2002 og til og með 2012 er árlegur vöxtur erlendra ferðamanna hingað til lands um 8%. Á sömu mynd að ofan er spá Ferðamálastofu frá árinu 2005 um fjölda erlendra gesta í gegnum Leifsstöð þar sem miðað er við 3%, 6% og 9% aukningu.

### Fjöldi erlendra gesta um Leifsstöð og erlend kortavelta innanlands




Heimild: Hagstofa Íslands, Ferðamálastofa | Skoða nánar: http://data.is/1dXQZQy

Komur erlendra ferðamanna er mestur í ágústmánuði og sýna topparnir á myndinni það. Myndin að ofan sýnir annars vegar fjölda erlendra gesta um Leifsstöð í hverjum mánuði (vinstri ás/brúna línan) og erlenda kortaveltu innanlands á verðlagi hvers árs (hægri ás/bláa línan) frá árinu 2002 skv. tölum frá Hagstofunni. Árið 2002 voru erlendar gestkomur um Leifsstöð samtals 50.537 í ágúst en í sama mánuði 2012 var fjöldinn orðinn 115.279 sem er 128% aukning. Erlend kortavelta innanlands er að sama skapi mest í ágúst mánuði ár hvert og jókst veltan um 503% á sama tíma sé miðað við ágúst mánuð árið 2002 og 2012. (Innskot DataMarket. Á föstu verðlagi 2012 mælist aukningin 237%).

FRAMTÍÐ ÍSLENSKA FJÁRMÁLAKERFISINS
Hver ættu leiðarljós uppbyggingar að vera?

Föstudaginn 13. september 2013
kl. 8:15-10:30 í Norðurljósasal Hörpu

Aðalræðumaður er Hans Dalborg,
fyrrverandi forstjóri og stjórnarformaður Nordea

Dagskrá
8:30-8:40 Opnunarávarp
8:40-9:10 Rebuilding a Financial Sector - Lessons Learned From the Swedis Experience
9:10-9:30 Hvernig stuðlum við að stöðugra fjármálakerfi
9:30-9:50 Leiðarljós FME við uppbyggingu fjármálakerfisins
9:50-10:20 Panelumræður: Hver eru helstu tækifæri og áskoranir íslenskra fjármálafyrirtækja?
10:20-10:30 Samantekt





Nánari upplýsingar og skráning á www.vi.is
Aðgangur er ókeypis en sætafjöldi takmarkaður





Bakhjarlar fundarins eru: Arion banki, Íslandsbanki

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Fimmtudagurinn 12. ágúst**
- Útboð ríkisvíxla

**Föstudagurinn 13. ágúst**
- Vísitala launakostnaðar á 2. ársfjórðungi 2013
- Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni og peningalegar eignir
- Stöðutölur í júlí 2013
- Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs – stöðutölur í júlí 2013

**Þriðjudagur 17. ágúst**
- Samræmd vísitala neysluverðs í ágúst 2013
- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu

**Miðvikudagur 18. ágúst**
- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis

**Fimmtudagur 19. ágúst**
- Velta samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum janúar til júní 2013

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

# Ísfélagið greiddi 1,2 milljarða króna í arð

***Hagnaður Ísfélagsins í Vestmannaeyjum nam 3,4 milljörðum króna á síðasta ári. Tæpur milljarður af arðgreiðslu síðasta árs rann til stærsta eigandans. Eignir félagsins nema 28 milljörðum.***

**SJÁVARÚTVEGUR**
**Óli Kristján Ármannsson** | olikr@frettabladid.is



Í nýlega birtum ársreikningi Ísfélagsins í Vestmannaeyjum kemur fram að félagið hafi hagnast um 28,3 milljónir Bandaríkjadala á síðasta rekstrarári. Í íslenskum krónum nemur hagnaðurinn rúmlega 3,4 milljörðum króna. Hagnaður félagsins dróst saman um rúm 23 prósent milli ára.

Þá kemur einnig fram í reikningnum að arður til hluthafa á síðasta ári hafi numið 9,9 milljónum dala, eða sem svarar 1,2 milljörðum króna.

Stærsti eigandi Ísfélagsins með 88 prósenta hlut er ÍV fjárfestingarfélag, en samkvæmt upplýsingum Creditinfo á Fram ehf. það hlut að fullu. Fram ehf. er að 91,7 prósentum í eigu Guðbjargar M. Matthíasdóttur, sem samkvæmt því hefur í fyrra fengið tæpar 970 milljónir króna greiddar í arð.

Greiddur arður á síðasta ári var heldur meiri en árið áður. Þá námu arðgreiðslur 6,9 milljónum dala, eða sem svarar tæpum 840 milljónum króna. Fram kemur í ársreikningnum að stjórn Ísfélagsins hafi einnig ætlað að leggja til við aðalfund í sumar að greiddur yrði út arður á þessu ári.

**136** Hluthafar Ísfélags Vestmannaeyja eru 136 talsins. Eignarhaldsfélag Guðbjargar M. Matthíasdóttur á 88 prósenta hlut. Enginn annar á yfir 10%.

Í skýrslu stjórnar Ísfélagsins er vísað til þess að samkvæmt efnahagsreikningi nemi eignir félagsins ríflega 231 milljón dala, eða sem svarar um 28 milljörðum króna. Bókfært eigið fé Ísfélagsins í lok síðasta rekstrarárs var 101,4 milljónir dala, eða 12,3 milljarðar króna og eiginfjárhlutfallið 43,9 prósent.

Fram kemur að í árslok 2012 hafi 136 átt hlut í Ísfélaginu, en ÍV fjárfestingarfélag er eini hluthafinn sem á yfir tíu prósenta hlut.

Áður hefur komið fram að önnur útgerðarfyrirtæki hafa skilað umtalsverðum hagnaði á síðasta rekstrarári. Síldarvinnslan í Neskaupstað hagnaðist um sjö milljarða króna og greiddi eigendum sínum tvo milljarða í arð. Samherji skilaði hagnaði upp á 16 milljarða á síðasta starfsári og HB Grandi hagnaðist um sem svarar 2,4 milljörðum króna.

Alþingi samþykkti í sumar lög um lækkun veiðigjalds. Það hefur í för með sér að tekjur ríkissjóðs af veiðigjöldum fyrir aflaheimildir verða 3,2 milljörðum króna lægri á árinu 2013 en upphaflega var ráð fyrir gert í fjárlögum.

**Styrkingin sem varð á gengi krónunnar í ágúst hefur gengið til baka:**

# Krónan ekki verið veikari síðan um miðjan júnímánuð

Gengi íslensku krónunnar hefur það sem af er septembermánuði lækkað um 1,3 prósent gagnvart meðaltali helstu viðskiptamynta.

Evran fór á umræddu tímabili úr því að kosta 158,2 krónur í 160,4 krónur. Bandaríkjadalur fór úr því að kosta 119,8 krónur í 121,5 krónur.

Greiningardeild Íslandsbanka greindi frá þessu í Morgunkorni bankans í gær.

Þar segir að krónan hafi ekki verið veikari síðan um miðjan júní á þessu ári og að öll styrkingin sem varð á gengi hennar undir lok ágústmánaðar sé gengin til baka. Þrátt fyrir þessa lækkun síðustu daga hefur þróunin verið önnur en á sama tíma í fyrra. Um miðjan ágúst 2012 hóf krónan hraða veikingarhrinu og lækkun hennar gagnvart meðaltali helstu viðskiptamynta var 5,2 prósent um miðjan september 2012.



**Í BÚÐINNI** Veiking krónunnar fer út í verðlag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gengi krónunnar nú hefur veikst vegna styrkingarinnar undir lok ágústmánaðar en þegar horft er til gengisins um miðjan ágúst á þessu ári er staðan að mestu óbreytt.

Greiningardeild Íslandsbanka reiknar með því að þessi mikla veiking krónunnar haustið 2012 muni ekki endurtaka sig með sama hætti í ár.

„Minna er um afborganir erlendra lána aðila sem ekki eru með gjaldeyristekjur og árstíðarsveiflan í gjaldeyristekjum ferðaþjónustunnar er minni. Einnig má búast við meiri gjaldeyristekjum af sjávarafurðum þegar líður á haustið vegna aukins kvóta. Þá hefur haft áhrif að Seðlabankinn lýsti því yfir í maí síðastliðnum að hann hygðist verða virkari á gjaldeyrismarkaði á næstunni með það að markmiði að draga úr gengissveiflum," segir í Morgunkorni Íslandsbanka. - hg

# Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu




Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í verslun og þjónustu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Hrafnhildur Garðarsdóttir hefur áralanga reynslu í ráðgjöf til fyrirtækja í verslun og þjónustu, auk 20 ára reynslu í hótel- og veitingageiranum.

Hrafnhildur er viðskiptastjóri hjá Íslandsbanka.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

# Róðurinn verður þungur næsta árið

***Rekstur álvers ISAL í Straumsvík er þungur um þessar mundir að sögn Rannveigar Rist, forstjóra Rio Tinto Alcan á Íslandi. Sú staða er að hennar sögn tilkomin vegna ýmissa þátta, meðal annars vegna lágs álverðs, kostnaðarsamra aðfanga og raforkuskatts stjórnvalda. Í ofanálag fór álverið í kostnaðarsamar framkvæmdir sem skiluðu ekki áætlaðri aukningu í framleiðslugetu. Aðrar framkvæmdir í Straumsvík ganga þó vel og álverið er nú farið að framleiða álstangir sem eru talsvert verðmætari en álbarrarnir sem álverið framleiddi áður.***



**Í BRÚNNI** Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan á Íslandi, segir ákvörðunina um að hætta við breytingar á straumleiðurum álversins engin áhrif hafa á aðra meginþætti verkefnisins í Straumsvík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**IÐNAÐUR**
Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Árið 2010 ákvað Rio Tinto Alcan, sem rekur álver ISAL í Straumsvík, að fjárfesta í stærstu innlendu einkaframkvæmdinni frá hruni. Kostnaður við verkefnið er nú kominn í 55 milljarða króna og það mun á endanum kosta álverið fimm milljarða til viðbótar.

Kostnaðurinn er á við samanlagðan hagnað álversins yfir tíu ára tímabil en álverið hefur einnig þurft að taka lán til að standa undir framkvæmdum. Framkvæmdirnar hafa nú þegar farið vel yfir 600 ársverk og þegar mest var voru um þúsund manns í hádegismat í mötuneyti álversins á hverjum degi.

### Mikil vonbrigði

Einn stærsti hluti verkefnisins í Straumsvík, að ná fram straumhækkun með breytingum á straumleiðurum álversins, og þannig auka framleiðslugetu þess um tuttugu prósent, úr 190 þúsund tonnum í 230 þúsund, reyndist of flókinn í framkvæmd og í vor var tekin ákvörðun um að verja ekki meiri fjármunum í hann.

„Niðurstaðan var mikil vonbrigði fyrir okkur því við erum búin að leggja í alla fjárfestinguna en náum ekki þeirri framleiðsluaukningu sem gert var ráð fyrir. Við gerum miklar kröfur í öryggismálum og menn sáu enga leið til að gera þetta með öruggum hætti þrátt fyrir að við séum búin að reyna mikið til að láta þetta ganga. Við erum búin að kaupa verkfræðiþjónustu fyrir ellefu milljarða og fjárfesta í dýrum búnaði sem var sérsniðinn að álverinu, sem að stórum hluta liggur hér ónotaður úti á plani. Það gekk ekki að byggja nýtt álver á sínum tíma og ekki heldur að auka framleiðslugetuna um tuttugu prósent. Við erum því svolítið að reka okkur á veggi,“ segir Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan á Íslandi. Hún bendir á að þessi hluti fjárfestingarverkefnisins fól einnig í sér breytingar á lofthreinsibúnaði. Þær breytingar standa nú yfir og verður að hennar sögn lokið við þær.

Þegar ljóst var að álverið næði ekki þeirri framleiðsluaukningu sem upphaflega var gert ráð fyrir, var hafist handa við að finna aðrar leiðir til að auka framleiðslugetu álversins. Athuganir sérfræðinga leiddu þá í ljós að hægt var að ná fram töluverði straumhækkun, og þar af leiðandi aukinni framleiðslugetu, með breytingum á rafmagnsbúnaði álversins.

„Með breytingum á rafmagnsbúnaði náum við átta prósenta framleiðsluaukningu sem þýðir framleiðslugetu upp á 205 þúsund tonn. Við stefnum að verklokum í þeim hluta verkefnisins snemma á næsta ári en hér hafa einnig verið erlendir og innlendir sérfræðingar að vinna við að finna leiðir til að auka framleiðslugetu álversins umfram þessi átta prósent með frekari breytingum á rafmagnsbúnaði. En það er ljóst að sú vinna tekur nokkur ár,“ segir Rannveig.

### Aðrar framkvæmdir gengið vel

Ákvörðunin um að hætta við breytingar á straumleiðurum álversins hafði að sögn Rannveigar engin áhrif á aðra meginþætti verkefnisins í Straumsvík. Framkvæmdum við breytingar á rafmagnsbúnaði í aðveitustöð er nú lokið og áfram verður unnið að breytingum á steypuskála svo álverið geti að fullu skipt yfir í framleiðslu á álstöngum í stað álbarra.

„Steypuskálabreytingarnar, sem við reiknum með að klárist á fyrsta ársfjórðungi næsta árs, gerðu okkur kleift að hefja framleiðslu á nýrri framleiðsluvöru, álstöngum, sem eru verðmætari en álbarrarnir sem við höfum framleitt. Það sem er mjög jákvætt við þessar framkvæmdir allar er að við vorum með 100 prósent framleiðslu í virðisaukandi vörum á sama tíma og framkvæmdirnar áttu sér stað og erum nú að framleiða enn verðmætari vöru. Það er mikil framtíð í álstöngunum og þær munu stuðla að því að ÍSAL eigi langt líf fyrir höndum. Fyrsta sendingin af stöngum sem fór frá okkur fullnægði öllum kröfum viðskiptavina okkar og það er eftir því sem mér skilst mjög sjaldgæft þegar um er að ræða fyrstu sendingu. Þessi hluti verkefnisins hefur því gengið vel,“ segir Rannveig og bankar í borðið til öryggis.

### Sérkennileg umræða

Álverið í Straumsvík skilaði tapi á síðasta ári í fyrsta sinn í um tuttugu ár og stjórnendur þess hafa undanfarið þurft að fara í miklar aðhalds- og sparnaðaraðgerðir. Rannveig segir álverið hafa þurft að ganga lengra í þeim efnum en áður og nefnir í því samhengi uppsagnir á um tíunda hluta af mannafla álversins.

„Álverð er lágt og er búið að vera lágt í langan tíma. Á sama tíma eru þau aðföng sem við þurfum að kaupa dýrari en áður. Við kaupum súrál og rafskaut erlendis frá og bæði aðföngin hafa hækkað í verði. Hér heima er það svo raforkan en við erum að greiða meira fyrir hana en við höfum áður gert, meðal annars vegna þess að álverðstengingin er ekki lengur við lýði. Samkeppnisaðilar okkar eru flestir með álverðstengingu og því er þetta gríðarlegur baggi á okkur, sérstaklega þegar við náum ekki þeirri framleiðsluaukningu sem gert var ráð fyrir. Við búumst því við að róðurinn verði þungur, allavega næsta árið. Svo kemur vonandi betri tíð með blóm í haga og hærra álverð,“ segir Rannveig og bætir því við að í þessu samhengi megi ekki vanmeta vaxandi eftirspurn eftir áli í heiminum.

Rannveig segir umræðuna í samfélaginu oft vera á sérkennilegum nótum þegar kemur að álverum. Hún segir sorglegt hvernig lækkandi álverð virðist oft vera tilhlökkunarefni hjá ýmsum hópum. „Við Íslendingar mættum vera stoltari af þeirri staðreynd að við séum að framleiða þessa vöru. Í Þýskalandi eru menn að rifna úr stolti þegar Þjóðverjar framleiða nýjar lúxusbifreiðar eins og BMW, sem eru framleiddar úr áli úr Straumsvík.“

### Milljón á dag í raforkuskatt

Rannveig nefnir einnig raforkuskatt stjórnvalda sem íþyngjandi þátt í rekstri álversins. Skatturinn var lagður á í desember 2009 og samkvæmt samkomulagi sem álverin gerðu við stjórnvöld átti hann einungis að vera til þriggja ára. Í desember síðastliðnum ákvað síðan þáverandi ríkisstjórn að framlengja raforkuskattinn um þrjú ár til viðbótar. Álverið hefur að sögn Rannveigar greitt um eina milljón króna á dag í raforkuskatt.

> Við erum búin að fjárfesta hér fyrir 55 milljarða á meðan aðrir höfðu ekki trú á þessu landi og höfum á undanförnum fimm árum borgað að meðaltali einn milljarð í tekjuskatt á ári.

„Við erum mjög skattpínd og það er sárt að sitja enn uppi með raforkuskattinn á tímum þegar fækka hefur þurft stöðugildum í Straumsvík. Við gátum borgað þennan skatt þegar álverð var hærra en nú er það mjög erfitt. Við vorum með samkomulag um orkuskattinn sem átti að vera til þriggja ára og en svo var hann framlengdur einhliða af stjórnvöldum,“ segir Rannveig.

„Persónulega finnst mér við vera búin að standa okkur vel í hruninu. Við erum búin að fjárfesta hér fyrir 55 milljarða á meðan aðrir höfðu ekki trú á þessu landi og höfum á undanförnum fimm árum borgað að meðaltali einn milljarð í tekjuskatt á ári. Því finnst mér að stjórnvöld eigi að standa við það sem samið var um, að þessi raforkuskattur yrði einungis til þriggja ára, sem nú eru liðin.“

Rannveig segir að lokum engan hjá Rio Tinto Alcan vefengja þá staðreynd að Alþingi hafi heimildir til skattlagningar. „En ef það á að byggja eitthvað hér á trausti og gagnkvæmri virðingu er þessi leið sem stjórnvöld fóru nú um áramót ekki rétta leiðin til þess.“



**NÝ FRAMLEIÐSLUVARA** Starfsmenn álversins skipa út álstöngunum sem Alcan hóf nýverið framleiðslu á. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## MEST ÚT Í ÁGÚST

**Íslendingar hafa undanfarinn áratug ferðast oftast til útlanda í júní á ári hverju. Í ár varð breyting á þegar flestar utanlandsferðir landans voru farnar í ágúst.**


**Lionssalurinn Lundur**

- Jólahlaðborð
- Árshátíðir
- Þorrablót

Brúðkaupsveislur.is
Fermingarveislur.is
Cocktail.is
Veisluþjónusta

Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994

NÝ SENDING AF VETRARVÖRUM! FRÁ BASLER.

Peysur, buxur, jakkar, kjólar og yfirhafnir.

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



**Meirapróf**



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

Næsta námskeið hefst 18. sept 2013

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

Það er bannað að mismuna börnum eftir litarhætti




**SVIÐAMESSA** Magnús Ingi með ljúffeng svið á stóru fati. MYND/GVA

# SVIÐAMESSA Á SJÁVARBARNUM

**SJÁVARBARINN KYNNIR** *Sjávarbarinn við Grandagarð fagnar sláturtíðinni með því að boða til rammíslenskrar sviðamessu.*

Fátt er notalegra þegar haustlægðirnar eru byrjaðar að herja á landið en gera sér glaðan dag í góðum hópi með því að setjast yfir rjúkandi svið með kartöflumús og rófustöppu. Rammíslensk sviðamessa sem Magnús Ingi Magnússon veitingamaður og hans fólk á Sjávarbarnum við Grandagarð efnir til á kvöldin fram eftir september er upplagður vettvangur til þess, enda verður ekkert til sparað.

„Við verðum með heita og kalda kjamma, pressuð svið og sviðasultu sem við lögum sjálf eftir gömlum og góðum hefðum og allt tilheyrandi meðlæti,“ segir Magnús Ingi. „Á undan er sjávarréttasúpa og kalt sjávarréttahlaðborð.“



Verðið er sanngjarnt, aðeins 2.800 kr. á mann fyrir allan pakkann, en jafnframt er veittur hópafsláttur. „Nokkrir sem hafa haft veður af þessu hafa þegar boðað komu sína, einstaklingar og hópar,“ segir Magnús Ingi. „Ég býst við að taka á móti mörgum hópum, alls konar karlaklúbbum og vinahópum og það verður örugglega kátt á hjalla hérna á Grandanum í haust.“

Sjávarréttahlaðborðið sívinsæla verður eftir sem áður í hádeginu og hefðbundinn matseðill á kvöldin fyrir gikkina sem vilja ekki svið.

Vissara er að panta borð um helgar og hópar sem óska eftir að fá tilboð geta haft samband við Magnús Inga í síma 696-5900 eða með tölvupósti, magnusingi@gmail.com.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Sjávarbarsins, **sjavarbarinn.is.**


**2 FYRIR 1**

*af sviðamessu gegn framvísun þessa miða. Aðeins 2.800 kr. fyrir tvo.*

*Gildir á kvöldin meðan sviðamessan stendur yfir. Texasborgarar.is s: 517-3130*

KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS
Snælandsskóla við Furugrund

Ath. Starfsmenntunarsjóðir ýmissa stéttarfélaga styrkja félagsmenn sína til náms í Kvöldskóla Kópavogs.

Kópavogsbær

**KURS JEZYKA ISLANDZKIEGO DLA OBCOKRAJOWCOW**
Kurs 10-tygodniowy-60 godzin lekcyjnych
Zajecia rozpoczynaja sie 24. Wrzesnia
ISLANDZKI I
ISLANDZKI II
ISLANDZKI III
ISLANDZKI IV
wtorki i czwartki 19:00 – 21:10
Cena: 35.800 kr.
Zapisy i informacje na stronie szkoly:
http://kvoldskoli.kopavogur.is
Pod nr telefonu: 564 1507

**ICELANDIC FOR FOREIGNERS**
10 weeks courses – 60 class hours
Courses start on 24th of September
ICELANDIC I
ICELANDIC II
ICELANDIC III
ICELANDIC IV
Tuesday and Thursday 19:00 – 21:10
Price: 35.800 kr.
Registrations and information:
http://kvoldskoli.kopavogur.is
Tel: 564 1507

**ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA**
10 vikna námskeið – 60 kennslustundir
Kennslan hefst 24. september
ÍSLENSKA I
ÍSLENSKA II
ÍSLENSKA III
ÍSLENSKA IV
þriðjudag og fimmtudag kl. 19:00 – 21:10
Verð: 35.800 kr.
Innritun og upplýsingar á vef skólans
http://kvoldskoli.kopavogur.is
Sími: 564 1507

Innritun og upplýsingar: http://kvoldskoli.kopavogur.is og í síma 564 1507

kopavogur.is

# LEIÐSÖGUNÁM

**VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU**

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
Leiðsögunámið í Ferðamálaskóla Íslands bætti miklu við þekkingu mína á landinu sem og sögu og menningu þjóðarinnar. Þessir þættir voru ofnir saman á einkar áhugaverðan og skemmtilegan hátt og kryddað margs konar fróðleik og frásögnum. Auk þess spannaði námið allt frá leiðsögutækni til laxveiðáa, frá skyndihjálp til skógræktar og frá hvalafræðum til hverasvæða svo nokkuð sé nefnt. Skipulag námsins var sveiganlegt en með ákveðnu aðhaldi stjórnenda sem skapaði gott andrúmsloft í þessum alþjóðlega hópi nemanda. Þessum tíma var mjög vel varið hvort sem maður hyggur á ferðaleiðsögn eða ekki.



MAGNÚS JÓNSSON
FV. VEÐURSTOFUSTJÓRI

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**




# SUMAR Á EYÐIBÝLI

**FERÐIR** *Leikmyndahönnuðirnir Móeiður Helgadóttir og Egill Ingimarsson hafa eytt sumarfríum síðustu ára í eyðibýli norðan heiða. Þar kúpla þau sig út úr amstri borgarlífsins og sinna hænum, í rafmagnsleysi og án heita vatnsins.*

Þetta er besta frí sem hægt er að hugsa sér, að komast burt frá öllu í þetta langan tíma. Ég elska líka íslenska sumarið. Finnst eiginlega sóun að fara til útlanda á sumrin,“ segir Móeiður Helgadóttir leikmyndahönnuður en hún eyðir sumarfríunum ásamt kærastanum, Agli Ingimarssyni, í eyðibýli í Kelduhverfi.

Þar er hvorki heitt vatn né rafmagn svo öðruvísi þarf að hafa fyrir hlutunum en þar sem öll nútímaþægindi eru til staðar.

„Við hitum upp með eldiviði en getum notað gas ef það er mjög kalt. Það er rafstöð á staðnum en við höfum ekki kveikt á henni, nema rétt til að ryksuga þegar við förum. Í sumar fengum við lánaðar þrjár hænur og tvo hesta og dagarnir fóru í að sofa út, sækja egg og gefa hænunum. Við keyrum um nágrennið og förum í gönguferðir, skreppum á hestbak og veiðum, en annars njótum við þess að gera sem minnst,“ segir Móeiður og bætir við að þau sakni í raun engra þæginda. Það sé helst þvotturinn sem einhver vandræði verði með.

„Handklæði og viskustykki geta orðið að vandamáli, en föt þarf ekki að þvo eins oft. Við erum bara með sumarföt og vinnugalla, forljótar flísbuxur sem auðvelt er að skola úr og eru fljótar að þorna. Stundum laumumst við líka til að taka með okkur þvott þegar við förum eitthvert í heimsókn. En þá erum við auðvitað að svindla,“ segir Móeiður hlæjandi. „Við höfum líka alveg velt fyrir okkur að fá okkur gasísskáp og einfalda okkur vistina, en okkur finnst þetta samt fínt svona. Við fáum ís í fiskvinnslu í nágrenninu sem við höfum í frauðplastkössum og geymum matinn þar í. Matseðillinn er því kannski aðeins öðruvísi uppbyggður en venjulega þegar aðgangur er að ísskáp.“

Móeiði og Agli líkar vistin vel. Þau eiga hvort sinn unglinginn sem hafa verið hluta úr fríunum með þeim á eyðibýlinu. Þeir eru víst ekki eins spenntir og foreldrarnir.

„Tölvuleysið angrar þá svolítið. Þeir voru frekar fúlir fyrsta sumarið en ég held að þeir séu þó farnir að meta þetta,“ segir Móeiður hlæjandi. „Þeim finnst allavega gaman þegar við erum að brasa eitthvað, eins og að smíða hænsnakofann. Þeir hafa ekki verið allan tímann svo þess vegna sleppur þetta alveg. Kannski myndum við sjálf ekki endast lengur. Fjórar vikur eru alveg temmilegur tími,“ segir Móeiður. Hún bætir við að vistin hafi ekki breytt lífsstíl fjölskyldunnar varanlega.

„Ég er ekki viss um að ég vildi þurfa að hita upp með eldiviði og sjóða vatn í alla þvotta og böð meðan ég er í fullri vinnu. Þetta er frábært þegar ég er í fríi og er ekki að gera neitt annað á daginn. Dagstakturinn er allt öðruvísi í Reykjavík. Mig langar reyndar svolítið til að fá mér hænur í bakgarðinn.“

■ heida@365.is



**HÆNUR** Móeiður og Egill fengu lánaðar hænur á bæinn í sumar. Nú langar Móeiði í hænur í bakgarðinn í Reykjavík.





**VON Á GESTUM**
Móeiður lætur ekki rafmagnsleysi trufla gestagang og matarboð.

**ÁN RAFMAGNS**
„Við hitum upp með eldiviði en getum notað gas ef það er mjög kalt. Það er rafstöð á staðnum en við höfum ekki kveikt á henni, nema rétt til að ryksuga þegar við förum.“


# Ljósmynda-keppni Fréttablaðsins

## Hefst á hádegi í dag og lýkur á miðnætti miðvikudags, 18. sept.

## LUMAR ÞÚ Á GÓÐRI SUMARLJÓSMYND?

Taktu þátt í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins, þú gætir unnið glæsilega **Nikon-myndavél** og fengið myndina þína birta í Fréttablaðinu.

Þema keppninnar er „**Sumar – náttúra**“. Ef átt góða mynd frá því í sumar skaltu einfaldlega fara inn á **www.ljosmyndakeppni.visir.is** þar sem hægt er að hlaða upp myndinni.

Innsendar myndir birtast á Vísi og á Facebook-síðu Fréttablaðsins þar sem lesendur geta kosið bestu myndina. Bestu myndirnar verða birtar í Fréttablaðinu síðar í haust.

Ef þú átt skemmtilega mynd sem fangar skemmtilega sumarstemningu hvetjum við þig til að taka þátt!

**Keppnin stendur yfir frá 11. til 18. september.**

Heimilistæki ht.is
Nikon At the heart of the image







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**




Það er alltaf gaman að koma í Rín þar sem einstök stemning liggur í loftinu. Hér má sjá Magnús Örn Magnússon verslunarstjóra og Ingvar Valgeirsson, einn hressasta sölumann norðan Alpafjalla. MYND/GVA

# Rín – 70 ár í bransanum

**Hljóðfæraverslunin Rín opnaði fyrst dyr sínar í seinni heimsstyrjöldinni og hefur allar götur síðan kappkostað að veita gæðaþjónustu og bjóða upp á fyrsta flokks hljóðfæri á góðum kjörum.**

Rín er vígi rokkarans og félagsmiðstöð popparans. Þannig hefur það verið frá fyrstu tíð og eykst nú enn með tilkomu Ingvars Valgeirssonar sem er vafalaust hressasti sölumaður norðan Alpafjalla,“ segir Magnús Örn Magnússon, verslunarstjóri í Rín, þar sem einkunnarorðin eru gæði, gott verð og frábær þjónusta.

Magnús ólst upp frá blautu barnsbeini í Rín og stendur þar enn vaktina, enda heillaður af tónlistar- og hljóðfærabransanum.

„Afi minn og amma, Stefán og Herdís Lyngdal, stofnuðu Rín í seinni heimsstyrjöldinni 1942. Þá hófu þau að selja leikföng og raftæki en allt breyttist það þegar Bítlarnir komu fram á sjónarsviðið. Eftir það einkenndist vöruúrval Rínar af hljóðfærum og í kjölfarið varð gítar- og poppstemning allsráðandi í Rín,“ segir Magnús um eina merkustu hljóðfæraverslun landsins sem var í eigu fjölskyldunnar í hartnær sjötíu ár eða allt þar til HljóðX keypti Rín á haustdögum 2011.

### Þekking, reynsla og traust

Andrúmsloftið í Rín er sjarmerandi og einstakt og að sögn Magnúsar hefur stemningin aukist jafnt og þétt með tilkomu Ingvars, sem hefur áralanga reynslu í hljóðfærasölubransanum.

„Sérhæfing Rínar felst í popp- og rokkgeiranum en ekki síður persónulegri, traustri og alúðlegri þjónustu,“ segir Magnús.

Hann bætir við að samhliða verslunarstörfum séu starfsmenn Rínar einnig starfandi tónlistarmenn og skilji þannig vel þarfir viðskiptavina.

„Í Rín koma ungir sem aldnir og starfandi tónlistarmenn jafnt sem almenningur. Börn og unglingar í tónlistarnámi eru meðal okkar kærustu viðskiptavina og í samræmi við það höfum við aukið til muna úrval klassískra hljóðfæra í Rín,“ útskýrir Magnús.

Meðal vinsælla hljóðfæra til tónlistarnáms í Rín má nefna úrval klassískra gítara, rafpíanóa og raftrommusetta frá Roland.

„Rafpíanó verða nú æ vinsælli meðal nemenda í píanónámi því á þau er hægt að æfa sig hljóðlaust og í friði með því að tengja við þau heyrnartól. Auk þess þarf aldrei að stilla þau. Rafpíanó eru góður kostur í fjölbýlishúsum og sækja mjög í sig veðrið, rétt eins og raftrommusettin,“ segir Magnús um Roland-rafhljóðfæri sem eru í hæsta klassa.

### Ekki bara hljóðfæri

Að sögn Magnúsar er Rín hefðbundin hljóðfæraverslun en býður auk þess upp á hágæða hljóðkerfi frá JBL, hljóðnema frá AKG og mixera frá Soundcraft. Einnig má þar finna allt fyrir heimastúdíóið, þar á meðal hljóðkort, stúdíó-mónitora, heyrnartól og meira til.

„Úrval hljóðfæra hefur aldrei verið betra í Rín. Við seljum gítara og bassa frá Dean, Gibson og Epiphone og höfum nýverið innflutning á gítörum og bössum frá Baton Rouge. Magnararnir okkar eru frá Marshall og Roland. Við erum einnig með frábært úrval af gítarfetlum frá Boss og MXR, ásamt öllum helstu fylgihlutum hljóðfæra,“ segir Magnús.

Á síðustu árum hefur Rín stóraukið vöruúrval frá þeim vörumerkjum sem eru íslenskum tónlistarmönnum að góðu kunn vegna einstakra gæða og endingar. „Svo erum við alltaf með augun opin fyrir nýjum og spennandi merkjum, eins og Baton Rouge. Þeir gítarar eru með þýskum gæðastimpli og fást á hlægilega góðu verði. Okkur þótti gæðaflokkur og verðmiði Baton Rouge vera út undan í íslenskum hljóðfæraverslunum og ekki veita af að mæta kreppunni með nýjum og framúrskarandi hljóðfærum á frábæru verði.“

Í Rín fást einnig hátt hljómandi og alvöru trommusett frá DDrum, málmgjöll frá UFIP og trommukjuðar frá Vater.

„Í Rín finna allir hljóðfæri við hæfi og síðan koma margir til þess eins að fá sér kaffi og spá og spekúlera enda erum við jú hálfgerð félagsmiðstöð eins og fyrr segir,“ segir Magnús kátur.

Rín hljóðfæraverslun er í Brautarholti 2 í Reykjavík. Sjá nánar á www.rin.is og www.facebook.com/rinehf.




Úrvalið í Rín hefur aldrei verið ríkulegra af heillandi og vönduðum hljóðfærum. MYND/GVA

# Vanir menn í hverju rúmi

**Hljóðfærahúsið í Síðumúla 20 hefur starfað í tæplega hundrað ár. Verslunin heldur úti einu hljóðfæravefversluninni á landinu og Sindri Már Heimisson framkvæmdastjóri segir styrk Hljóðfærahússins liggja í traustum vörumerkjum og breiðu vöruúrvali.**

Við höldum úti öflugri vefverslun með öllum okkar vörum og bjóðum alla flóruna, hljóðfæri og hljóðkerfi, upptökubúnað og hátalarakerfi," segir Sindri Már Heimisson, framkvæmdastjóri Hljóðfærahússins í Síðumúla og Tónabúðarinnar á Akureyri.

Hann segir jafnframt styrk verslunarinnar liggja í breiðu vöruúrvali og leiðandi og traustum vörumerkjum. Tónabúðin á Akureyri opnaði í sumar á nýjum stað í hjarta bæjarins, jarðhæð Sjallahússins, og býður nú aukið úrval í rúmbetra húsnæði en áður.

„Við erum með þekkt merki svo sem Yamaha, Fender, Shure, Korg og fleiri eins og Avid-stúdíóvörur. Hér í versluninni er einnig fullbúið stúdíó þar sem viðskiptavinir geta prófað hugbúnað, hátalara og ýmis kerfi. Flyglar og píanó eru einnig í úrvali hjá okkur og við bjóðum upp á allar helstu nýjungar, til dæmis nýjasta útspil Yamaha, hybrid-píanó sem er rafmagnspíanó með ekta nótnaborði og hamraverki."

Hljóðfærahúsið er stærsta hljóðfæraverslun landsins og einnig sú elsta, en sögu hennar má rekja allt til ársins 1916. Sindri segir einnig vana menn í hverju rúmi en flestir starfsmanna Hljóðfærahússins eru einnig starfandi tónlistarmenn.

„Yfir áttatíu prósent starfsmanna hér eru flottir tónlistarmenn í þekktum böndum, eins og Arnar Þór Gíslason og Guðni Finnsson bassaleikari. Þeir spila m.a. með Mugison, Ensími, Pollapönki og voru lykilmenn í Áhöfninni á Húna sem vakti mikla lukku í sumar. Það þarf heldur ekki mikið til að menn bresti hér í músík í versluninni og hér er oft mikið fjör."

Heimasíða verslunarinnar og vefverslun er **www.hljodfaerahusid.is.**



Sindri Már Heimisson, framkvæmdastjóri Hljóðfærahússins, við nýjung frá Yamaha, hybrid-píanó, rafmagnspíanó með ekta nótnaborði. MYND/GVA



Fullbúið stúdíó er í versluninni þar sem viðskiptavinir geta prófað hátalara og hugbúnað.



Sindri segir styrk Hljóðfærahússins liggja í breiðu vöruúrvali og traustum vörumerkjum.




„Ef það fengist mjólk í Tónastöðinni
myndi ég kaupa hana þar.“




TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

TÓNASTÖÐIN • SKIPHOLTI 50D • REYKJAVÍK • S. 552 1185 & STRANDGÖTU 25 • AKUREYRI • S. 456 1185 • WWW.TONASTODIN.IS



Það er gaman að kunna á hljóðfæri og geta brugðið á leik við ólík tækifæri lífsins.

# Tónlist er þroskaleikfang

*Ávinningur af tónlistarnámi fyrir þroska barna er margþættur. Að læra á hljóðfæri eflir andlegan og líkamlegan þroska svo um munar og hefur einnig ríkuleg áhrif á félagslegan og tilfinningalegan þroska. Því fyrr sem börn hefja tónlistarnám því meiri verða áhrifin á vitsmunaþroska þeirra þegar þau eldast.*

- Niðurstöður fjölmargra rannsókna sýna fram á að börn og unglingar sem leggja stund á hljóðfæranám læri aukinn aga og sýni betri hegðun. Þá batnar minni þeirra og vitsmunaþroski eykst til muna við hvers kyns tónlistarnám.
- Börn sem læra á hljóðfæri þróa með sér mikilvæga hæfni við að ganga til liðs við hljómsveitir eða samleikshópa. Þau læra að vinna með öðrum og að meta gildi hópavinnu. Tónlistarnám er því skemmtileg leið til að styðja við félagsþroska barna.
- Í hvert sinn sem ungur tónlistarmaður leikur vel á hljóðfæri sitt, lærir nýtt verk eða lýkur við verkefni í tíma nær hann markmiðum sínum. Það eflir með honum sjálfstraust og sjálfsálit.
- Að læra á hljóðfæri kostar ómælda þolinmæði og tíma. Þar af leiðandi læra börn í tónlistarnámi að takast á við gremju og óþolinmæði en uppskera biðlund og gleði við að uppskera laun erfiðis síns. Það er hollt veganesti í þroska fyrir vel megandi manneskju í framtíðinni.

## HLJÓÐFÆRAFLOKKARNIR

**Hljóðfærum er skipt í flokka eftir því hvernig þau mynda hljóð.**

- Ásláttarhljóðfæri framkalla hljóð þegar þau eru slegin. Hljóðið sem myndast getur haft skýra tónhæð eður ei. Það fer eftir hljóðfærinu.
- Blásturshljóðfæri mynda hljóðið með titringi loftsúlu innan í þeim. Tíðni bylgjunnar sem myndast fer eftir lengd loftsúlunnar og lögun hljóðfærisins en hljómblær hljóðsins fer eftir byggingu hljóðfærisins og hvernig hljóðið er framkallað. Þessum flokki hljóðfæra er venjulega skipt í tréblásturshljóðfæri og málmblásturshljóðfæri. Tréblásturshljóðfærin eru blokkflauta, klarínett, óbó, saxófónn og þverflauta en málmblásturshljóðfærin barítónn, básúna, horn, trompet og túba.
- Strengjahljóðfæri framkalla hljóð þegar strekktur strengur er plokkaður, strokinn, sleginn og svo framvegis. Tíðni bylgjunnar fer eftir lengd þess hluta strengsins sem titrar, massa hans, spennu og á hvaða punkti strengurinn er örvaður.
- Hljómborðshljóðfæri hafa hljómborð til spilunar. Hver lykill gefur eitt eða fleiri hljóð frá sér. Á sumum þessara hljóðfæra er hægt að hafa áhrif á hljóðin, til dæmis með pedölum á píanói. Hljóðfæri þessi framkalla hljóðin með blæstri (orgel) eða titringi strengja sem ýmist eru slegnir (píanó) eða plokkaðir (semball).
- Rafhljóðfæri mynda hljóð með hjálp raftækni. Oft líkja þau eftir öðrum hljóðfærum í útliti og hönnun, einkum hljómborð.

Heimild: is.wikipedia.org





Fjölbreytileikinn er allsráðandi í Tónastöðinni. Hér stendur Andrés við úrval af fiðlum og blásturshljóðfærum. MYND/GVA

# Hljóðfæraverslun í fremstu röð

**Tónastöðin í Skipholti 50d er í sérflokki meðal hljóðfæraverslana á Íslandi. Hún býður afar breitt úrval af hljóðfærum og nótum og þjónustar tónlistarskóla og nemendur.**

Tónastöðin er fjölskyldufyrirtæki sem stofnað var af hjónunum Andrési Helgasyni og Hrönn Harðardóttur árið 1987 og er enn í eigu þeirra í dag. Þau hófu innflutning á nótum til að drýgja tekjurnar í fæðingarorlofi. Starfsemin hófst í eldhúsi þeirra hjóna en viðskiptin undu fljótt upp á sig. Þá settu þau upp verslun, fyrst á Óðinstorgi árið 1991 og síðar í Skipholti 50d fjórum árum síðar.

### Þjónustar tónlistarskóla

Stór hluti starfsemi Tónastöðvarinnar snýst um þjónustu við tónlistarskóla landsins og nemendur þeirra. „Þegar Tónastöðin byrjaði var lítil sem engin þjónusta við tónlistarskólana og sárlega vantaði nótnabækur. Fljótlega var skorað á okkur að bæta blásturshljóðfærum við vöruúrvalið og jafnt og þétt bættust við fleiri hljóðfæri í Tónastöðina,“ lýsir Andrés, sem er tónlistarkennari og starfaði meðal annars sem skólastjóri við tónlistarskóla í Færeyjum um tíma.



Rafmagnsgítarar af öllum gerðum.

### Mikið úrval

Í Tónastöðinni má finna hljóðfæri úr öllum greinum tónlistarinnar. „Við erum með píanó, flygla, rafmagnsgítara, slagverk, klassíska gítara, blásturshljóðfæri og allt þar á milli,“ segir Andrés. Hann hefur einnig mikla ástríðu fyrir að uppgötva ný hljóðfæri og því má finna ýmis óvenjuleg hljóðfæri í Tónastöðinni, til dæmis bjöllur, tenórgítara, gítarmandólín og banjólele.

### Afbragðs þjónusta

Starfsfólk Tónastöðvarinnar býr yfir mikilli reynslu enda hefur það flest starfað lengi í versluninni. „Vissa sérþekkingu þarf til að selja hljóðfæri og hana er sannarlega að finna hér í Tónastöðinni,“ segir Andrés. Sala hljóðfæra er þó aðeins brot af starfsemi Tónastöðvarinnar því þjónustan eftir á skiptir ekki síður máli. „Við mætum ólíkum þörfum hljóðfæraeigenda og höfum aðgang að úrvals fagfólki í hljóðfærastillingum- og viðgerðum,“ upplýsir Andrés sem ásamt starfsfólki sínu skiptir einnig um strengi, stillir gítara og fleira fyrir viðskiptavini Tónastöðvarinnar. „Hér finna allar tónlistarstefnur það sem þær vantar, hvort sem það er rokk, djass, klassík eða þar á milli.“

Nánari upplýsingar er að finna á www.tonastodin.is.








Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti

Póstdreifing

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. *Örugglega til þín.*

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreif-


Smelltu fingri á botnin, hristu og drykkurinn verður heitur.
Þegar þú þrýstir á botninn leysist úr læðingi varmi sem hitar upp drykkinn á skjótan hátt.
Kaffi, kakó og te
2GO
2GO drykkirnir eru frábærir í alla útivist eða bara þegar þú þarft eitthvað heitt í kroppinn.
Cappuccino
Kakó
Sítrónu te
Svart kaffi
1 Fjarlægið lokið á botninum
2 Pressið þéttingsfast
3 Hristið í 10 sek. og snúið málinu við
4 Opnið, bíðið í 3 mín. og njótið
Alltaf heitt!
DREIFING: OJ&KAABER

## BÍLAR & FARARTÆKI

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



Honda Cr-V Executive 2/2007 ek.93þús. Sjálfskiptur. Leður. Dráttarbeisli. Glerþak. 1.eigandi. Ásett verð 3.290.000.-Rnr. 286153.



Skoda Octavia Ambiente Combi 4x4 Diesel 6/2008 ek.96þús. Beinskiptur. Eyðsla ca 6L. Ásett verð 2.690.000.- Rnr.285787.



Hyundai I20 Classic 6/2011 ek.75þús. Beinskiptur. Ásett verð 1.990.000.- TILBOÐSVERÐ 1.690.000.-



Peugeot 406 Brake 7 manna 5/2003 ek.145þús. Beinskiptur. Dráttarbeisli. Ásett verð 790.000.- Rnr 104007.

**www.bilarydvorn.is**
**S. 587 1390**

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

Stofnað 1974
**Bílamarkaðurinn**



SUBARU Legacy. Árgerð 2006, ekinn 99 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 1.490.000 ásett verð 1.790.000 kr Rnr.222282.



HYUNDAI H-1 9 manna. Árgerð 2000, ekinn 187 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 790.000. tilboð 590.000 Rnr.222856.



CADILLAC Deville. Árgerð 1996, ekinn 232 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.230080.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

**BÍLASALA REYKJAVÍKUR**



HYUNDAI I30 classic ii. Árgerð 2012, ekinn 43 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.290.000. Rnr.134615.



NISSAN Qashqai+2. Árgerð 2012, ekinn 20 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.311763.



SUZUKI Grand vitara premium+ (cruise, a/c, álfelgur). Árgerð 2011, ekinn 65 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 3.590.000. Rnr.411137.



TOYOTA Land cruiser 150. Árgerð 2012, ekinn 49 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.290.000. Rnr.411158.



NISSAN Note visia. Árgerð 2011, ekinn 70 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.790.000. Rnr.134626.

**Bílasala Reykjavíkur**
**Bíldshöfða 10, 112 Rvk.**
**Sími: 587 8888**
**www.br.is**

**bilfang.is**
**S. 567 2000**



**BESTU KAUPIN !**
Suzuki Grand Vitara 06/2009 ek. 66 þ.km sjálfskiptur verð 2690 !!!!



**BESTU KAUPIN !**
Nissan Qashqai + 2 SE Diesel 06/2012 ek. 20 þ.km 7 manna glerþak, sjálfskiptur ofl. verð 2790 !!!!



**BESTU KAUPIN !**
VW Golf Trendl. DIESEL 06/2012 ek. 48 þ.km beinskiptur verð 2790 !!!



**BESTU KAUPIN !**
Nissan Qashqai DIESEL 06/2012 ek. 35 þ.km beinskiptur verð 3990 !!!!



**DIESEL !**
Skoda Octavia Ambiente Combi DIESEL 06/2007 ek aðeins 82 þ.km Sjálfskiptur verð 2450 !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000, www.bilfang.is**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA



**TRAFFICO RAFSKUTLA**
Nýjar Traffico rafskutlur nú á sérstöku tilboðsverði Verð áður 139.900.- Verð nú 109.900.- Ýmsir litir til. Fæst í Ellingsen Fiskislóð 2 580-8500

**Ellingsen**
**Fiskislóð 1, 101 Reykjavík**
**http://www.ellingsen.is**

**ASKJA**
**NOTAÐIR BÍLAR**



TOYOTA Prius hybrid. Árgerð 2010, ekinn 17 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.990394.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160, www.notadir.is**



KIA Sorento ex luxury 197 hö. Árgerð 2011, ekinn 30 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.890.000. Rnr.990436. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES BENZ Ml 350 bluetec . Árgerð 2012, ekinn 32 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 11.990.000. Rnr.990521.



TOYOTA Land cruiser 150 vx. Árgerð 2010, ekinn 45 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.900.000. Rnr.210013.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160, www.notadir.is**

**HEIMS BÍLAR**



SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2006, ek. 166 Þ.KM, bensín, 5 gírar.bíll í góðu ásigkomulagi. Verð 1.590.000. Rnr.334650.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**




VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu




Rafmagn og Bensín. Nissan Leaf Rafbíll frá 2.995þ, Ford Focus Rafbíll frá 3.995þ, Chevrolet Volt Raf+Bensín frá 3.995þ Toyota Prius Plug-in Raf+Bensín frá 3.995þ, Toyota RAV4 Tesla rafbíll frá 4.995þ. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000.



Toyota Corolla Wagon 1,4 VVTI. árg. 2005, ek.139.000. Ásett 1.090.000. Vel með farinn. uppl. s. í síma 892-2184.

**HJÓLASTILLINGAR**
FYRIR FÓLKSBÍLA, JEPPA OG JEPPLINGA
VELDU ÖRYGGI
www.solning.is
**SÓLNING**
Smiðjuvegi ☎ 544 5000
Hjallahrauni ☎ 585 2121
Renndu við






Til sölu Nissan trade árg. 00 ek. 184 þ kassi og lyfta árg 04 mikið endurnýjaður. Verð 1200 þ s:852-2229



Gullfallegur Patrol GR árg.2006. ekinn 108.000.Einn eigangi að mestu leyti.ásett verð 3.490.000.Tilb.verð 3.000.000 Uppl. Í s.8244040.

Til sölu Ford Explorer ,96, 6 cyl. Sjálfssk., krókur, sk. ,14. V. 300 þús. S. 896 8568.

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ +. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól



Til sölu Honda Goldwing 1800cc árg. 07 ek. aðeins 3000 mílur, vel með farið uppl. s:892-2184

## Hjólhýsi



**TILBOÐ SÓLARSELLUR OG MARKÍSUR**
Markísur 3m: Verð 100.000.-
Markísur 4m: 110.000.-
Tilvalið f. húsbíla og vanbíla.
Sólarsellur 130w: Aðeins 100.000.-
**Uppl. í s. 866 5395.**

## Bílaþjónusta



Landferðir hópferðabílar. Keyrum hópinn þinn. Leigjum einnig út rútur Bjóðum gott verð og góða þjónustu Sími 6474755 landferdir.is landferdir@landferdir.is

## Hjólbarðar







**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

Varahlutir í Lancer 1,6 station ,97 1300 árg.'00.MMC Carisma ,98, Kia Rio ,01, primera ,98. Baleno Wagon ,97. MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Corolla ,94 ,'98, Escord ,98. Accent ,95 & ,97 & ,98, ,99. Impreza ,97 & ,99. Legacy ,98. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97 og ,99 Civic ,99. Golf ,95, Sunny ,94. S. 896 8568.

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn**
**5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö PRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja

GARÐAÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR
**S. 777-8100**
**Fáðu fagmenn í verkið**



# Útsala

**PARKET - FLÍSAR - INNIHURÐIR**

Endurnýjaður sýningarsalur með
**YFIR 80 TEGUNDUM AF HARÐPARKETI Í BOÐI!**

HARÐVIÐARVAL

Harðviðarval ehf | Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími 567 1010 | www.parket.is






# Ólík þróun heilbrigðismerki

*Gengi hlutabréfa skráðra félaga er sagt endurspegla ágætlega afkomu og stemningu á markaði. Hækkanir hér eru svipaðar og úti. Verð í hærri kanti en hvergi nærri bóluverði.*

**HLUTABRÉFAMARKAÐUR**
**Óli Kristján Ármannsson** | olikr@frettabladid.is

Alla jafna segja sérfræðingar á markaði eðlilegar skýringar á verðbreytingum hlutabréfa og telja ekki merki um bólumyndun á markaði hér. Óttinn við eignabólur litar þó gjarnan almennar umræður um hlutabréfamarkaðinn, sem starfar í um margt óeðlilegum aðstæðum, innan gjaldeyrishafta þar sem fátt er um fjárfestingarkosti og lífeyrissjóðir fara mikinn.

Sérfræðingar sem Markaðurinn hefur haft tal af telja gengi bréfa skráðra félaga ráðast af blöndu uppgjörsfregna og annarra frétta af félögum, sem hafa verið misgóðar. Þannig skilaði sér til dæmis strax í verðþróun bréfa Eimskips fyrir hádegi í gær húsleit sem samkeppnisyfirvöld stóðu í. Bréfin lækkuðu um rúm fimm prósent fyrir hádegi en réttu sig svo aftur aðeins við þegar leið á daginn.

Að mörgu leyti kunni því að teljast heilbrigðismerki á markaðnum að gengi félaga hafi verið misjafnt frá því í sumar, sum hafa hækkað hressilega og önnur lækkað. Uppgjör tryggingafélaganna hafi til dæmis verið nokkuð góð en uppgjör Eimskipafélagsins hafi ekki verið það. Marel hafi lækkað undanfarin misseri vegna dapurlegra uppgjöra á meðan afkoma Haga hafi verið góð og umfram væntingar. Það endurspeglist í hlutabréfaverðinu.

### LÍFEYRISSJÓÐUM SKORÐUR SETTAR

Eins hefur verð hlutabréfa Icelandair hækkað rækilega, sem þarf ef til vill ekki að koma á óvart í ljósi fregna af stórauknum komum erlendra ferðamanna hingað til lands og vexti í ferðaþjónustu.

Verð á hlutabréfum hefur hækkað mikið frá því að botni var náð eftir hrun, án þess þó að um sé að ræða samfelldar hækkanir yfir línuna. Þá hefur hækkun hlutabréfa í sumar átt sér stað samhliða hækkunum á mörkuðum erlendis, þótt hækkun hér hafi ekki verið jafnmikil.

Erlendis eru markaðir líka víða sagðir komnir upp fyrir söguleg gildi og kennitölur félaga hér ekki ólíkar því sem sést á erlendum mörkuðum.

Almennt eru verðkennitölur sagðar um og yfir hundrað ára meðaltali, í hærri kanti án þess þó að vera nokkurs staðar nærri þeim hæðum sem sáust í netbólunni um aldamótin eða bólunni sem myndaðist í kring um fjármálafyrirtæki fyrir síðasta hrun.

Í nýlegri umfjöllun greiningardeildar Arion banka er fjallað um hlut lífeyrissjóðanna á hlutabréfamarkaði hér, en lífeyrissjóðir eiga beint í það minnsta 30 prósent af markaðsvirði íslensku hlutafélaganna á aðallista Kauphallarinnar.

Fram kemur í umfjölluninni að svigrúm sjóðanna til fjárfestinga í innlendum hlutabréfum fari nú minnkandi. Hver sjóður má lögum samkvæmt ekki eiga meira en fimmtán prósent af hlutafé félags og ekki meira en tíu prósent í fjármálafyrirtæki. Minnki eftirspurn sjóðanna eftir hlutabréfum má ljóst vera að það hefur áhrif á verð bréfa á markaði.

### SKULDABRÉFAMARKAÐUR SKIPTIR LÍKA MIKLU MÁLI

„Á komandi mánuðum og misserum er þó útlit fyrir að félögum á innlenda hlutabréfamarkaðinum muni halda áfram að fjölga en aukið framboð fjárfestingakosta hér heima mun að einhverju leyti veita lífeyrissjóðum aukið svigrúm til fjárfestinga og dreifingar eigna,“ segir í umfjölluninni.






Þá telja sérfræðingar ekki merki um að lífeyriskerfið í heild sé að nálgast einhvern endapunkt í fjárfestingum í hlutabréfum þó svo að einhverjir einstakir sjóðir kunni að vera að nálgast hámarkseign í stöku félögum.

Þá er bent á að þótt kastljósinu sé gjarnan beint að hlutabréfamarkaði og sveiflum þar hafi skuldabréfamarkaður verið á fleygiferð með stanslausum hækkunum frá því fyrir hrun. Skuldabréfamarkaðurinn sé svo aftur grunnurinn að allri verðmyndun, hvort heldur það sé á markaði með hlutabréf, fasteignir eða eitthvað annað. Ekki sé ólíklegt að þar sé ekki síður að leita skýringa á hækkun eignaverðs en í afkomutölum og stemningsfréttum af einstökum mörkuðum.



MANNAUÐSSTJÓRNUN
*Developing your professional people management skills*
**Vinnustofa 19. september kl. 8:30–16:30.**



Hagnýt vinnustofa þar sem unnið verður með raunveruleg dæmi í hópavinnu undir leiðsögn **Paul Kearns**, ráðgjafa í mannauðsstjórnun og kennara í MBA-námi við HR. Hvatt verður til þátttöku og umræðna.

**Unnið verður með eftirfarandi fimm lykilþætti sem geta bætt árangur fyrirtækis:**

- Forgangsröðun
- Greining hindrana
- Lykilmælikvarðar
- Mannauðsstjórnun til betri afkomu
- Skilvirkir ferlar

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Skráning á:
**mba@ru.is**

SMIÐIR
VERKAMENN
MÚRARAR
ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF
S. 777 2 333



# Með ólæknandi silungsveiðidellu

***Finnur Oddsson var nýverið ráðinn forstjóri Nýherja. Hann er meðal annars með doktorspróf í sálfræði og hefur brennandi áhuga á háskólamálum. Finnur segist eiga of mörg áhugamál miðað við tímann sem hann hefur til að sinna þeim.***

„Nýja starfið leggst vel í mig og ég get ekki hugsað mér skemmtilegra verkefni til að takast á við,“ segir Finnur Oddsson, nýráðinn forstjóri Nýherja. Hann segir nýja starfið spennandi á ýmsan hátt.

„Þessi geiri sem við störfum í hér hjá Nýherja, upplýsingatæknin, er að mínu mati einstaklega spennandi. Upplýsingatæknin er að breyta heiminum og þegar maður horfir á atvinnulífið í landinu eru það fyrirtækin sem eru að nýta sér upplýsingatæknina hvað best sem skara mest fram úr. Upplýsingatæknin er orðin algjör undirstaða í atvinnurekstri og það er gaman að taka þátt í þeirri þróun,“ segir Finnur.

Spurður hvernig fyrstu dagarnir í starfinu hafi gengið segir Finnur þá hafa gengið að óskum. Hann gegndi áður starfi aðstoðarforstjóra fyrirtækisins og þá voru áherslur hans aðallega á rekstur Nýherja og innlenda starfsemi fyrirtækisins. Nýherji er einnig með starfsemi í Danmörku og Svíþjóð, sem er fyrst og fremst á sviði viðskiptahugbúnaðar, og Finnur hefur undanfarna daga verið að setja sig inn í þann heim.

Finnur lauk BA-prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands árið 1994. Eftir það lá leiðin til Bandaríkjanna þar sem hann bjó í fimm ár og lauk bæði MA- og doktorsnámi í sálfræði frá West Virginia University. Finnur er að auki með AMP-gráðu í viðskiptafræði frá IESE á Spáni.



**FINNUR ODDSSON** Segir fyrstu dagana í starfi forstjóra Nýherja hafa gengið að óskum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hann er kvæntur Sigríði Þorgeirsdóttur, framkvæmdastjóra hjá Logos, og þau eiga saman tvo syni, Óttar sem er tólf ára og Dag sem er fjögurra ára.

Áhugamál Finns eru að hans sögn of mörg miðað við þann tíma sem hann hefur til að sinna þeim. „Ég eyði frítímanum aðallega með fjölskyldunni. Við reynum að fara eins oft og við getum upp í sumarbústað og í ferðalög. Við erum með ólæknandi silungsveiðidellu og reynum að sinna henni á sumrin en okkur finnst skemmtilegast að veiða sjóbleikju á Norðurlandi. Síðan hef ég gaman af útivist, hjólreiðum og golfi og fer eins mikið og ég get á fjallaskíði,“ segir Finnur og útskýrir að það sé hálfgert jaðarsport þar sem gengið er upp á fjöll í þeim tilgangi að skíða niður.

Finnur hefur lengi verið viðloðandi háskólastarf. Hann starfaði um árabil sem lektor við Háskólann í Reykjavík og er í dag formaður háskólaráðs skólans.

„Ég hef brennandi áhuga á háskólamálum og hvernig þau tengjast uppbyggingu atvinnulífsins. Fyrir mér er háskólinn einn mikilvægasti snertiflötur atvinnulífs og menntakerfisins. Það er þar sem þessi þekking, sem verðmætasköpunin byggir svo mikið á, verður til.“ haraldur@frettabladid.is

## ELDKLÁR MEÐ GÓÐA NÆRVERU

Ég kynntist Finni fyrst í gegnum starf hans fyrir Viðskiptaráð. Finnur er bæði eldklár og kraftmikill einstaklingur. Hann er metnaðarfullur leiðtogi sem er drifinn áfram af því að gera betur í dag en í gær og helst enn betur á morgun. Hann vinnur faglega, setur sig vel inn í mál, tekur ákvörðun og kemur síðan hreyfingu á hlutina. Hann á mjög auðvelt með að umgangast fólk og drífa fólk með sér. Því mun hann ná langt í hverju sem hann tekur sér fyrir hendur. Svo er heldur ekkert leiðinlegt að vera í hans félagsskap.



**HREGGVIÐUR JÓNSSON,** forstjóri Veritas Capital



**KATRÍN OLGA JÓHANNESDÓTTIR,** stjórnarformaður Já.is

Finnur er drengur góður. Hann hefur einstakan eiginleika til að setja sig inn í aðstæður og finna leiðir til lausna. Þar njóta skapgerðareiginleikar hans sín vel og ekki síður menntun hans. Finnur stóð sig með afbrigðum vel sem framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs á erfiðum tímum, þegar traust til viðskiptalífsins hrapaði. Þar tókst honum að endurskapa traust með faglegum vinnubrögðum og hógværð. Fyrirtækið Nýherji er heppið að hafa fengið Finn til sín og ég veit að hann á eftir að leiða fyrirtækið inn í spennandi tíma.

Við Finnur höfum bæði störf við viðskiptadeild HR þann 1. september 2001 og náðum strax vel saman, enda bæði sálfræðimenntuð og með áhuga á stjórnun. Á fyrstu dögunum fann hann alþjóðlegt samstarfsnet fyrir rannsóknir á mannauðsstjórnun og við flugum saman til Kýpur til að staðfesta þátttöku okkar í því. Það verkefni, CRANET-rannsóknaverkefnið, er enn í dag rekið í HR. Finnur hefur hlýjan húmor og góða nærveru en er um leið öflugur greinandi sem er fljótur að finna út hvað þarf að gera og tjáir sig þannig að fólk hlustar.



**ÁSTA BJARNADÓTTIR,** ráðgjafi hjá Capacent



Netfang ritstjorn@markadurinn.is
Sími 512 5000 Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is
Veffang visir.is

klinkið
Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins.
vísir



Hin hliðin

HULDA BJARNADÓTTIR,
framkvæmdastýra FKA

## Hamingjusöm á kúpunni (415)

Mér tekst aldrei að vera neikvæð eða svartsýn lengur en í nokkrar mínútur. Og varla það. En stundum finnst mér ég ekki með inneign fyrir endalausri bjartsýni og gleði og þá reyni ég að vera sú svartsýna sem sér hið margumtalaða hálftóma glas. Og hvenær gerist það? Það er þegar ég heyri af gamla fólkinu okkar eða öryrkjum landsins sem dregur fram lífið með tíköllum nánast og er algjörlega háð ættingjum og vinum um framfærslu. Það er þegar talað er um skuldastöðu ríkisins og frasar um það að við höfum ekki efni á að reka okkar eigið velferðarsamfélag þrátt fyrir að greiða eina hæstu skatta í veröldinni. Það er bara eitthvað sem stemmir ekki í slíkri formúlu og þá er ástæða til furða sig á þessu öllu og taka smá svartsýniskast. Það er nú aldeilis illa komið fyrir okkur hér á þessari blessaðri eyju og allt það.

### Samhengi hlutanna

Svo lít ég í kringum mig þegar ég hætti í svartsýniskastinu og sé fallega muni, hrein rými og heilbrigt og skynsamlegt fólk sem fer inn í daginn með það fyrir augum að gera sitt besta. Svo fer ég heim til mín í hreint eldhús og útbý ferska máltíð sem tryggir að börnin mín lamist ekki af næringarskorti. Svo lendi ég í því að fara með barnið mitt í sjúkrabíl upp á spítala og legg ekki út krónu fyrir það heldur nýti skattféð í það sinn. Svo geng ég út í búð og heyri dirrindí en ekki skothvelli eða í grátandi fólki úti á götu. Svo tek ég mér snjallsíma í hönd og les um stríðs- og óeirðafréttir úti í heimi í stað þess að upplifa þær. Svo umgengst ég vin sem er að takast á við illvígan sjúkdóm en getur samt hlegið og séð það fallega og fyndna í lífinu. Svo svæfi ég börnin mín án þess að þurfa að telja í þau kjark að sofna vegna hræðslunnar við árás um miðja nótt. Sjálf leggst ég á koddann án þess að vopnbúast.

### Efst á hamingjulistanum

Fyrir þetta erum við Íslendingar sennilega þakklátastir og geri ég ráð fyrir því að þessir þættir skili okkur í 9. sæti yfir hamingjusömustu þjóðir veraldar skv. World Happiness Report frá Columbia University's Earth Institute. Við erum því, þrátt fyrir allt svartsýnistal, ein af hamingjusömustu þjóðum veraldar, hvort sem þessum neikvæðustu og svartsýnustu líkar það betur eða verr. Við lendum í 9. sæti af 156 þjóðum, rétt á eftir Kanadamönnum sem skipa 6. sæti. Við skákum þjóðum svo sem Ástralíu (10), Bandaríkjunum (17), Bretlandi (22), Þýskalandi (26), Japan (43), Rússlandi (68) og Kína (93). Ég leyfi mér því að fullyrða að íslenska þjóðin sé hamingjusöm þjóð á kúpunni. Ég get ekki séð að það sé svo slæmt. En sannað til það mun einhver bölva mér fyrir að sjá ekki hlutina í réttu ljósi.












Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

**Garðaþjónusta Íslands ehf**
www.gardathjonustaislands.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

**GARÐLIST**

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- pípulagnir
- þakviðgerðir
- raflagnir
- málningarvinnu
- flísalagnir
- trésmíðavinnu
- jarðvinna
- gluggaskipti
- hellulagnir
- glerskipti

Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**MILD MORGUN- OG KVÖLDBIRTA**
Fallegir saltkristalslampar í miklu úrvali. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 14-18. Sími 517-8060. www.ditto.is

**www.stolpiehf.is**
**Geymslugámar til sölu og leigu**
Hafðu samband!
**Stólpi Gámar ehf**
Klettagörðum 5 | Sími 568 0100



**HITAVEITUSKELJAR OG LOK**
Eigum til Hitaveituskeljar til afgreiðslu strax.Stærð 210x210cm. 1650 lítrar. Byggaðar úr trefjagleri. Sterkustu og vönduðustu hitaveituskeljar á markaðnum í dag. Litir: Svört og Moonscape. 100% sjálfberandi skeljar. Eigum lok á lager fyrir rafmagnspotta og hitaveituskeljar. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000, (Sogavegi 3, í verslun Fiskikóngsins)

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI!**
Ísskápar og þvottavélar og fl. Ford Explorer ,96, 6 cyl sjálfss. sk. ,14, krókur. Fallegur og góður. V. 300 þús. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2,**

**220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**
**SJÁ NÁNAR Á:**
**WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SKART-HNÍFAR-TÁLGUN**
Kvöldnámskeið: Brýnsla 11.9 Víravirki 10.9. Tálgun 18.9. Útskurður 20.9. Skráning & uppl. á handverkshusid.is s:5551212.

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk.

**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 12-18. www.leiguherbergi.is**

Óska eftir meðleigjanda að 3ja herbergja íbúð, eingöngu háskólanemi kemur til greina. Rafmagn, hiti, net og húsbúnaður innifalinn. Uppl. sendist á heidarmg@centrum.is

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Stúdíóíbúð til leigu í Fossvoginum, í fjóra mánuði frá 15 sept. S:892-9656.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S: 899 7012, www.solbakki.com

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir til leigu iðnaðarhúsnæði með skrifstofuaðstöðu 100-200 fm. Fyrir léttan iðnað. Uppl. í S. 659 5981 Ingvar.

**HÚSVAGNA OG HÚSBÍLA EIGENDUR**
Til sölu tvö mjög hagkvæm 51,6 m2 frístundabil. Milliloft. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060

Óska eftir að fá leigt 40- 60 fm þjónusturými/aðstöðu á jarðhæð með góðu aðgengi. Óskastaðsetning væri 101 til 108. Þetta er fyrir heilsutengda þjónustu og vel kemur til greina að deila húsnæði með öðru fyrirtæki t.d. hárgreiðslustofu. sigurdur10660@gmail.com S. 864-9222



**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
**907 2003**
Hjálparstarf kirkjunnar

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Jói Fel**

**HJÁ JÓA FEL HOLTAGARÐAR**

Óskum eftir fólki til afgreiðslustarfa í bakarí okkar í Holtagörðum, vinnutími frá kl. 12-19 og aðrahvora helgi . Íslenskukunnátta skilyrði.

**Vinsamlega sendið umsóknir á linda@joifel.is**

Óskum eftir samviskusömum og duglegum einstaklingi á hljólbarða og smurþjónustu Bílkó. Nánari uppl. gefur Guðni í s. 618 0560.

**STÓLALEIGA - FRÁBÆR STAÐSETNING !**
Vantar þig stól á leigu á sanngjörnu verði. Uppl. í s. 849 9100.

**KAFFI ZIMSEN**
Óskar eftir vönum barþjónum, fólki í uppvask og dyravörðum. Uppl. í s. 775 3939 / 774 5959

**KVÖLD OG HELGARVINNA STRAX**
Við leitum að dugleg stúlku vinna á thai veitingahús í Rvk uppl. ásamt mynd sendist á dunadb@gmail.com

## Atvinna óskast

Karlmaður óskar eftir atvinnu, uppl. í s. 8489096, frá kl. 15-18.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur ○ live spjall
908-6000 • 535-9999

19 ára stelpa af höfuðborgarsvæðinu vill kynnat karlmanni undir fertugu. Símastefnumót Rauða Torgsins, sími 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8627.

Falleg kona vill kynnast karlmanni, 45+, verður að vera með sín mál á hreinu. Símastefnumót Rauða Torgsins, sími 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8593.

Ung kona (19 ára), vill kynnast eldri manni. Vil hafa það hressilegt. Símastefnumót Rauða Torgsins, sími 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8944.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Mýrarás 12 - Reykjavík**
**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.00 -17.30**






Mjög fallegt 255,7 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 46,5 fm. tvöföldum bílskúr í Seláshverfi. Byggt var við suðvesturhlið hússins fyrir nokkrum árum síðan. Ofan á þaki viðbyggingar er útsýnisverönd /svalir. Nýlegar innréttingar eru í eldhúsi. Stórar stofur með arni og mikilli lofthæð. 5 herbergi. 2 baðherbergi. Falleg afgirt lóð með veröndum og lýsingu.
**Verð 69,9 millj.**

*Eignin verður til sýnis í dag Verið velkomin.*

**Til þjónustu reiðubúin?**

Við leitum að hörkuduglegu fólki í sal á Steikhúsinu, á móts við gömlu höfnina. Vilt þú ganga til liðs við teymi fólks með brennandi áhuga á gæðaþjónustu? Vilt þú vinna á kvöldin og um helgar? Þá sendu okkur línu á sigrun@steik.is merkt "Atvinna" fyrir 20. september

STEIKHÚSIÐ • HAMARSHÚSIÐ • TRYGGVAGATA 4-6 • 101 REYKJAVÍK • WWW.STEIK.IS • Sími: 561 1111

**JÖFUR**
ATVINNUHÚSNÆÐI
**534 1020**
**Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is**



**TIL LEIGU**
**Álfheimar 74, 104 Reykjavík**
**Glæsibær**
Verslunarhúsnæði
Um 30 fm.

Allar nánari upplýsingar veitir:



**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*

**534 1024 / 897 7086**
**hmk@jofur.is**

Um 30 fm. verslunarrými á góðum og áberandi stað í Glæsibæ. Getur hentað gjafavöru, snyrtistofu og/eða hvers kyns þjónustu/verslun. Laust strax!

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**
KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

**Hrafnshöfði 27 - 270 Mosfellsbær**




**Opið hús í dag miðvikudag frá kl. 17:30 til 18:00**
197,6 m2 einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr á frábærum útsýnisstað við Hrafnshöfða 27 í Mosfellsbæ. Gott skipulag. Fallegar innréttingar og gólfefni. Fjögur svefnherbergi og tvö baðherbergi. Timburverönd með heitum potti og gróinn garður. Stórt hellulagt bílaplan. **V. 59,9 m.**



✝

Þökkum öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

**SKÚLA MAGNÚSSONAR**
**járnsmiðs,**
**Miðtúni 12, Selfossi.**

**Guðbjörg Gísladóttir**
**Gísli Skúlason** **Elísabet Valtýsdóttir**
**Skúli Gíslason** **Sigríður Tinna Ben Einarsdóttir**
**Hákon Gíslason**
**Kári Hrafn Kjartansson** **Guðrún Valdimarsdóttir**
**Berglind Emilía, Adríana Andrá, Arnhildur, Oddný og Bergur Einir.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**ANNA S. KRISTMUNDSDÓTTIR**
**Sætúni,**
**Vatnsleysuströnd,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 6. september. Útförin fer fram frá Kálfatjarnarkirkju föstudaginn 13. september kl. 15.00.

**Grétar Ingibergur Hannesson**
**Kristján Hannesson** **Guðríður Bachmann Jóelsdóttir**
**Lára Elín Scheving Hannesdóttir**
**Þórdís Bergljót Hannesdóttir**
**Anna Kapitola Engilbertsdóttir** **Haraldur O. Leonhardsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN KRISTJÁNSDÓTTIR**
**Strandaseli 8,**

lést á Landspítalanum sunnudaginn 8. september sl. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju fimmtudaginn 12. september kl. 15.00.

**Kristján B. Gíslason** **Guðríður Gestsdóttir**
**Álfgeir Gíslason** **Guðný Sigrún Eiríksdóttir**
**Ragnar Gíslason** **Valgerður Torfadóttir**
**Sigfinnur Steinar Gíslason**
**Ásdís Gísladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegi eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓHANN ANTONÍUSSON**
**fyrrverandi útgerðarmaður,**
**frá Fáskrúðsfirði,**

lést á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 4. september. Hann verður jarðsunginn frá Digraneskirkju föstudaginn 13. september kl. 11.00.

**Guðný Kröyer**
**Ester Jóhannsdóttir** **Albert Már Steingrímsson**
**Hilmar Jóhannsson** **Guðrún Helgadóttir**
**Björn Jóhannsson** **Halldóra Þorgeirsdóttir**
**Sigfús Jóhannsson** **Kristín Guðjónsdóttir**
**Kolbrún Jóhannsdóttir** **Ólafur F. Óskarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---


## Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

**Mikið úrval - Gerið verðsamanburð**



Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is


---



Maðurinn minn,

**SIGURÐUR GRÉTAR GUÐMUNDSSON**
**pípulagningameistari,**
**Þorlákshöfn (áður í Kópavogi),**

er látinn. Útförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Helga Harðardóttir**

---



✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR AÐALHEIÐUR JÓNSDÓTTIR**
**sjúkraliði,**
**Hjúkrunarheimilinu Eir,**
**áður Ljósheimum 6,**

sem lést miðvikudaginn 4. september, verður jarðsungin frá Laugarneskirkju föstudaginn 13. september kl. 13.00.

**Jóhann Jónasson** **Sigríður Bjarney Jónsdóttir**
**Benedikt Jónasson** **María Björk Jóhannsdóttir**
**Björk Elva Jónasdóttir** **Kjartan Kjartansson**
**Atli Viðar Jónasson** **Þórunn Brandsdóttir**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**MAGNÚS EINARSSON**
**lögg. fasteignasali,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 7. september.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Guðrún Þ. Jóhannsdóttir**
**Einar Þór Magnússon** **Hanna Símonardóttir**
**Elvar Örn Magnússon** **Anna María Snorradóttir**
**Agnar Már Magnússon** **Berglind Helga Sigurþórsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Okkar ástkæra móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**MARGRÉT S. ISAKSEN**

lést á Borgarspítalanum þann 20. ágúst síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram og þakka aðstandendur veitta samúð.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Margrét Isaksen** **Pétur Sverrir Gunnarsson**
**Íris Pétursdóttir**
**Gunnar Þór Pétursson** **Tinna Björk Bryde**
**Pétur Már Pétursson** **Kolbrún Margrét Finnsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

---



✝

Hjartkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**BJARNI LINNET**
**Ásenda 19, Reykjavík,**

lést föstudaginn 6. september síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 17. september kl. 15.00.

**Ingibjörg Ragnheiður Björnsdóttir**
**Jóhanna Guðríður Linnet** **Kristján B. Ólafsson**
**Ragnheiður Linnet** **Runólfur Pálsson**
**Hrafnhildur Runólfsdóttir Linnet** **Björn Rúnar Egilsson**
**Bjarni Páll Runólfsson Linnet**
**Ingibjörg Ragnheiður Kristjánsdóttir Linnet**
**Herdís Ágústa Kristjánsdóttir Linnet**
**Auður Katrín Björnsdóttir Linnet**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**HERBERT JÓHANNES GUÐBRANDSSON**
**frá Lækjarbakka,**
**Tálknafirði,**

lést á Landspítalanum föstudaginn 6. september. Jarðarförin verður tilkynnt síðar.

**Olga Herbertsdóttir** **Ásgeir Kristinsson**
**Jón Herbertsson**
**Sævar Herbertsson** **Dagný Bjarkadóttir**
**Einar Herbertsson** **Freyja Benediktsdóttir**
**Ómar Herbertsson** **Margrét Hermannsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

**ÞETTA GERÐIST:** 11. SEPTEMBER 2001

## Hryðjuverkaárásir í Bandaríkjunum

Í dag eru tólf ár síðan hryðjuverkamenn rændu fjórum farþegaþotum á flugi yfir austurströnd Bandaríkjanna, tveimur þeirra var flogið á World Trade Center tvíburaturnana í New York, einni flogið á Pentagon-bygginguna í Arlington-sýslu í Virginíu – næsta fylki við Washington DC, og ein hrapaði í Somerset-sýslu í Pennsylvaníu eftir átök um borð milli farþega og flugliða við hryðjuverkamennina.

Báðir turnar World Trade Center hrundu til grunna og miklar skemmdir urðu bæði á nærliggjandi byggingum og á Pentagon. Auk hryðjuverkamannanna létu tæplega þrjú þúsund manns lífið í árásunum. Árásirnar höfðu mikil áhrif á alþjóðasamfélagið. Eftir þær hófu Bandaríkjamenn stríðið gegn hryðjuverkum, réðust inn í Afganistan og steyptu þar talíbanastjórninni úr stóli og tveimur árum seinna í Írak. Hlutabréfamörkuðum vestanhafs var lokað í viku. Þegar viðskipti hófust aftur mánudaginn 17. september féll Dow Jones-vísitalan um 7,1 prósent. Fall hennar nam 14 prósentum þegar yfir lauk.

---



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og hlýhug vegna veikinda, andláts og útfarar elskulegs föður, tengdaföður, afa og langafa,

**FINNS S. BJÖRNSSONAR**
**flugvirkja,**
**Sléttuvegi 17.**

Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki Droplaugarstaða fyrir frábæra umönnun og viðmót.

**Valdís Ella Finnsdóttir** **Jónas Ólafsson**
**Ólafur Jónasson** **Finnur Jónasson**
**Elvar Finnur Grétarsson** **Heiðar Kristján Grétarsson**
**Hannar Sindri Grétarsson** **Tindur Bergmann Heiðarsson**

---



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

**EIRÍKS GUÐMUNDSSONAR**
**Reynimel 64, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Landspítalanum Hringbraut, deild 11-G, fyrir einstaklega góða umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda**
**Rakel Sveinbjörnsdóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**SIGRÚN Þ. MATHIESEN**
**Hjallabraut 33, Hafnarfirði,**

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 12. september kl. 13.00.

**Árni M. Mathiesen** **Steinunn K. Friðjónsdóttir**
**Halldóra M. Mathiesen** **Frosti Bergsson**
**Þorgils Óttar Mathiesen**
**Matthías Árni, Bergur, Sigrún, Kristín Unnur, Halla Sigrún, Einar Páll og Arna Steinunn.**

---



## 80 ára afmæli

**Sólbjartur Júlíusson**

er áttræður í dag þann 11. september 2013.

Fagnar hann afmælisdegi sínum á Eyrinni Arnarstapa.

---



## 90 ára afmæli

**María I. Jóhannsdóttir (Lóló)**

er 90 ára í dag þann 11. september.

Hún tekur á móti ættingjum og vinum þann 14. september nk. í salnum á fyrstu hæðinni að Hraunbæ 105 frá kl. 15.00 til 18.00.



# NIVEA KYNNIR CELLULAR ANTI-AGE

**NIVEA CELLULAR** er tímamóta andlitslína sem samanstendur af áhrifamikilli og einstakri blöndu af virkum efnum, þar á meðal magnólíukrafti, hyaluronsýru og kreatíni. Háþróuð formúlan styður við frumuendurnýjun og berst þannig gegn öldrun húðarinnar innan frá.




**DAGKREM**
Með reglulegri notkun minnkar þessi formúla hrukkur, eykur stinnleika, styður við frumuendurnýjun og gerir húðina jafna og silkimjúka. Sólarvörn 15 og UVA vörn vernda húðina frá skemmdum af völdum sólarinnar svo sem myndun öldrunarbletta, að frumur skemmist og að hrukkur myndist.




**NÆTURKREM**
Formúlan hjálpar húðinni að endurnýja sig yfir nótt. Með reglulegri notkun minnkar formúlan hrukkur og eykur stinnleika og frumuendurnýjun. Áhrifaríkt kremið gengur hratt inn í húðina og gefur tafarlausa þægindatilfinningu.




**SERUM**
Létt og áhrifaríkt húðjafnandi serum sem sléttir húðina strax og berst gegn öldrun á áhrifaríkan hátt. Notist undir Cellular dagkremið til að hámarks árangur náist.




**AUGNKREM**
Létt formúlan er sérstaklega hönnuð fyrir viðkvæmt augnsvæðið. Kremið endurnærir húðina, sléttir fínar línur og gefur frísklegt yfirbragð.

## VIÐAMIKLAR PRÓFANIR

Yfir 7000 konur tóku þátt í prófunum á **NIVEA CELLULAR** andlitslínunni en það eru lang viðamestu prófanir í 100 ára rannsóknarsögu Beiersdorf, framleiðanda **NIVEA**.

**NIÐURSTÖÐUR**
- Hrukkur **minnka**
- Sannanlega **stinnari** og **unglegri** húð
- Húðin er **endurnærð** með miklum raka
- Húðin er **jafnari** og **silkimjúk.**

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | 3 | 1 | |
| | 9 | | | | | | | 4 |
| | 4 | 1 | 5 | 9 | | | 2 | 8 |
| | | | 8 | 1 | | 6 | | |
| | | | | 6 | 2 | | | |
| | | 2 | | | 4 | | 3 | |
| | 7 | 6 | | 8 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | | 5 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 9 | 5 | | | |
| | | | 2 | | | | 8 | 3 |
| | | 5 | | | | | | 6 |
| 5 | | 4 | 6 | 2 | | | | |
| | | 3 | 4 | | | 2 | | |
| 9 | 1 | | | 7 | | | 4 | |
| 1 | | | 8 | 6 | | | 2 | |
| 2 | | 8 | | | | | | |
| | 9 | | | | | 8 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 9 | | | | 7 | |
| 5 | 9 | | | | 7 | 2 | 4 | |
| 2 | | | | | | 5 | | 1 |
| | | | 2 | | 3 | | 1 | 5 |
| | | 8 | | | | | | |
| 1 | | | 4 | 6 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| | | 1 | 5 | 9 | | 6 | | |
| 4 | | 3 | | | 8 | 7 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 2 | 4 | | 3 | 1 | | 7 |
| | | 4 | 7 | | | | 2 | |
| 5 | 6 | | 8 | | | 4 | 9 | |
| | | | 5 | 4 | | | 7 | 8 |
| | 5 | | 2 | 9 | | | | 4 |
| | | | | | | 5 | | |
| 4 | 2 | | 9 | | | | | |
| | 9 | 6 | | 7 | 5 | | | |
| 1 | | 5 | 3 | | | | | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | 5 | | 6 | | 3 |
| 9 | | 5 | 7 | | | | | |
| | 4 | 6 | | | 1 | | | |
| | | | | | 6 | 8 | 2 | 4 |
| | | | | | | 7 | | 1 |
| 8 | | | | 3 | | | | |
| 3 | | | | | 5 | | 6 | |
| 5 | | | | 2 | | 4 | 8 | |
| | 2 | | 8 | 7 | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 7 | 6 | 8 | 3 | | |
| | | | 4 | | 2 | | | |
| | 8 | | | | | | 1 | |
| | 4 | 5 | | | | 6 | | |
| | | | | | 9 | 8 | | |
| | | | 2 | 7 | | | | 3 |
| | | | | 5 | | | | |
| | 6 | | | | | | | 9 |
| | 1 | 3 | | 9 | 4 | 2 | 7 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS**

Eftir Frode Øverli










## SPAKMÆLI DAGSINS

**Þú verður að læra þá erfiðu lexíu lífsins að ekki munu allir óska þér góðs.**

*Dan Rather*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** frá, **8.** efni, **9.** farvegur, **11.** umhverfis, **12.** bit, **14.** framvegis, **16.** tveir eins, **17.** þjálfa, **18.** eyrir, **20.** persónufornafn, **21.** könnun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þungi, **3.** pot, **4.** reiðufé, **5.** fálm, **7.** fáskiptinn, **10.** dorma, **13.** frjó, **15.** kvið, **16.** missir, **19.** kyrrð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** af, **8.** tau, **9.** rás, **11.** um, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** tt, **17.** æfa, **18.** aur, **20.** ég, **21.** próf.
**LÓÐRÉTT: 1.** farg, **3.** ot, **4.** lausafé, **5.** fum, **7.** fálátur, **10.** sef, **13.** fræ, **15.** maga, **16.** tap, **19.** ró.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Stórmeistarinn Friðrik Ólafsson (2407) situr þessa dagana að tafli á NM öldunga á dönsku eyjunni Borgundarhólmi. Í 2. umferð mætti hann Svíanum Peder Berkell (2201).**

**Hvítur á leik**



24...Rh4! 25. Rxh4 Dxh4+ 26. Kf1 Bd3+ 27. Re2 Dxd4 28. Ha2 He8 29. Df2 Dc3! og hvítur gafst upp enda staða hans að hrynja. Friðrik er meðal efstu manna á mótinu. **www.skak.is** Carlsen teflir í Saint Louis.

# Sex stjörnur sem stöðvuðu viðtöl

Naomi Watts gekk nýlega út úr viðtali við BBC Radio 2 vegna þess að hún var ósátt við spurningu útvarpsmannsins. Margar aðrar stjörnur hafa undanfarin ár gengið út í miðjum viðtölum eða stöðvað þau. Lítum á nokkur eftirminnileg dæmi.

**Watts fékk viðkvæma spurningu**



Ástralska leikkonan Naomi Watts gekk út úr viðtali við BBC Radio 2 fyrir skömmu. Þar var hún að ræða nýjustu mynd sína Diana, sem fjallar um Díönu prinsessu, og virtist ekki sátt við spurningu útvarpsmannsins Simons Mayo. Eftir uppákomuna sagðist hann ekki vita hvað hefði nákvæmlega komið leikkonunni úr jafnvægi.

**Heimskulegt hjá Chris Martin**



Chris Martin, söngvari í Coldplay, gekk út í miðju viðtali við John Wilson hjá BBC Radio 4. Martin var að kynna nýjustu plötu Coldplay, Viva La Vida, þegar hann sagði: „Ég segi alltaf eitthvað heimskulegt. Þú ert að reyna að láta mig segja eitthvað sem ég meina ekki.“ Martin bætti við að hann hefði ekki gaman af spjallinu og hefði ekki áhuga á að „þurfa að ræða um hluti“.

**Ósátt við óléttuspurningu**



Leikkonan Megan Fox var í viðtali við sjónvarpsþáttinn Entertainment Tonight þegar upplýsingafulltrúi hennar sagði hingað og ekki lengra. Fréttamaðurinn Steve Jones mátti ekki spyrja hana út í óléttu hennar en gerði það samt. Það varð til þess að upplýsingafulltrúinn stöðvaði viðtalið hið snarasta og Fox lét sig hverfa.

**Ekki eins fræg og Kardashian**



Hótelerfinginn Paris Hilton var í viðtali við Dan Harris hjá ABC News. Hann spurði hana hvort Kim Kardashian væri ekki orðin frægari en hún og hvort hennar tími væri ekki liðinn. Hilton horfði í átt að upplýsingafulltrúa sínum og gekk í burtu. Hún sneri þó aftur, ekki í viðtalið, heldur til að sýna Harris glæsihýsi hundsins síns.

**Hrói með írskan hreim?**



Óskarsverðlaunahafinn Russell Crowe, sem ólst upp í Ástralíu, var spurður í viðtali við Mark Lawson hjá BBC Radio hvort hann hefði notað írskan hreim þegar hann lék hinn enska Hróa hött. „Þú hlýtur að heyra eitthvað illa ef þú heldur að þetta hafi verið írskur hreimur,“ svaraði Crowe og strunsaði skömmu síðar út úr stúdíóinu.

**Assange lét sig hverfa**



Wikileaks-uppljóstrarinn Julian Assange gekk út í miðju sjónvarpsviðtali við Atica Shubert hjá CNN. Samkvæmt Assange mátti Shubert eingöngu spyrja út það sem Wikileaks hafði afhjúpað varðandi Íraksstríðið. Að sögn Assange hringdi Shubert í hann síðar og baðst afsökunar. Sagði hún að yfirmenn hennar hefðu beðið hana um að fara út fyrir efnið.


**OPIÐ HÚS Í DAG**
**SLÉTTUVEGI 17- 3.hæð**

**(Íbúð fyrir 55 ára og eldri) LAUS STRAX**




Vorum að fá í sölu glæsilega 69,3 fm 2ja herbergja íbúð á þriðju hæð með frábæru útsýni við Sléttuveg ásamt yfirbyggðum svölum ca 8 fm sem eru ekki inni í fm tölu íbúðarinnar. Íbúðin er nýlega tekin í gegn m.a. öll nýmáluð, parket slípað, flísalagt gólf á baði og nýtt salerni og sturtuklefi. Það voru endurnýjuð tæki í eldhúsi og byggt yfir svalir og þær einangraðar og settur upp ofn ásamt hita í gólf. Einstaklega snyrtileg sameign með stórum veitingasal sem íbúar hafa aðgang að gegn vægu gjaldi. Einnig er sauna og heitur pottur.
**Verð 27,9 millj. Gísli Rafn Guðfinnsson sölufulltrúi fasteign.is sýnir eignina í dag á milli kl. 12 og 13. (Bjalla merkt)**

FASTEIGNASALAN
fasteign.is
Suðurlandsbraut 18 • Reykjavík • Sími 5 900 800
Ólafur B. Blöndal Lögg. fasteigna- fyrirtækja og skipasali.






ENNEMM / SÍA / NM58646

**BMW X5 MODERN LINE = ALLT INNIFALIÐ**

Nú bjóðum við BMW X5, í nýrri MODERN LINE útgáfu, hlaðinn aukabúnaði. Nýja útgáfan er t.a.m. með 8 gíra sjálfskiptingu, BMW Professional hljómtæki, 19" álfelgum, leðurinnréttingu með rafdrifnum, upphituðum framsætum og minnisstillingum, fjarlægðarskynjurum að framan og aftan, Bluetooth tengibúnaði fyrir síma, Cruise Control, glæsilegum viðarlistum í mælaborði, sjálfdekkjandi baksýnisspegli, toppgrindarbogum, málmlit, rafdrifnu dráttarbeisli og þægilegu Servotronic léttstýri.

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

**BMW xDrive 30d**
6,7 l / 100 km* – CO2 195 g – 7,6 sek. í hundrað

**Verð: 12.690 þús.**

B|L

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

# Bókmenntahátíð hefst í dag

Að lokinni setningu bókmenntahátíðarinnar rekur hver viðburðurinn annan fram á sunnudag.

Setningarathöfn Bókmenntahátíðar í Reykjavík fer fram í Norræna húsinu í dag klukkan tíu. Síðan rekur hver viðburðurinn annan fram á sunnudag.
Meðal þess sem á dagskránni er í dag má nefna málþing um bókmenntir og ferðaþjónustu, kynningu á tveimur verkum sem tilnefnd eru til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs, afhendingu verðlaunanna New Voices Award, upplestur og tónleika í Hörpu, viðtöl við höfunda og fleira og fleira. Dagskrána í heild má nálgast á heimasíðu hátíðarinnar bokmenntahatid.is.

➜ Dagskrána í heild má nálgast á heimasíðu hátíðarinnar.



**SETNING** Einar Kárason er einn þeirra sem fram koma við setningu hátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK

## Barnakór við Tjörnina! Viltu vera með?

Barnakór Fríkirkjunnar hefur starfsemi sína á ný eftir sumarfrí. Allir ungir og áhugasamir söngfuglar eru velkomnir og hvattir til að mæta.

**Æft verður á fimmtudögum frá klukkan 16:15-17:15. Fyrsta æfing verður fimmtudaginn 12. september.**

**Nánari upplýsingar gefur Álfheiður Björgvinsdóttir kórstjóri í síma 849-8660 og skrifstofa Fríkirkjunnar í Reykjavík í síma 5527270.**

# Börnin sátu sem heilluð

LEIKLIST: ★★★★★

**Hættuför í Huliðsdal**

Soðið svið sýnir í samvinnu við Þjóðleikhúsið

**HÖFUNDUR** SALKA GUÐMUNDSDÓTTIR
**LEIKSTJÓRI** HARPA ARNARDÓTTIR
**LEIKARAR** AÐALBJÖRG ÁRNADÓTTIR, GUÐMUNDUR ÓLAFSSON, HANNES ÓLI ÁGÚSTSSON OG MARÍANNA CLARA LÚTHERSDÓTTIR



**HÆTTUFÖR Í HULIÐSDAL** „Sviðsetning sem var bæði látlaus og hugmyndarík, fór aldrei yfir strik smekkvísinnar, aldrei út í stæla eða yfirborðmennsku," segir Jón Viðar. MYND/HULDA SIF ÁSMUNDSDÓTTIR

Ellefu ára gömul telpa flyst upp í sveit ásamt foreldrum sínum og afa. Þau hafa misst húsið sitt í Hruninu og eiga ekki annarra kosta völ. Sveitabærinn heitir því ískyggilega nafni Skuggagröf og það brakar óhugnanlega í gamla timburhúsinu undir nóttina.

Telpan er mikið ein og finnur til vanmáttar gagnvart nýjum aðstæðum. Og hvað er þá til ráða annað en að flýja inn í veröld hugarflugsins og ævintýranna, veröld sem er í senn ævaforn og síung, alltaf söm og jöfn og þó síbreytileg? Veröld sem við getum verið bæði örugg og frjáls í, veröld sem veitir okkur hlýtt skjól, án þess að loka okkur inni og kæfa okkur. Sem er óneitanlega talsvert ólíkt því sem gerist í heimi hversdagsleikans, þessum heimi sem okkur finnst oft svo harður og kaldur – svo óvinveittur einstaklingnum, eins og mikið skáld orðaði það víst fyrir löngu.

Eitthvað á þessa leið er upphaf og uppistaða sögu í Hættuför í Huliðsdal, hinum nýja barnaleik Sölku Guðmundsdóttur sem leikhópurinn Soðið svið frumsýndi á kjallarasviði Þjóðleikhússins, Kúlunni svonefndu, á sunnudaginn var. Þetta er samstarfsverkefni hins Soðna sviðs, Þjóðleikhúss og Leikfélags Akureyrar, og langt síðan hér hefur komið fram jafn gott barnaleikrit. Og það er – verður víst að segjast – ekki heldur of algengt að sjá jafn gegnvönduð vinnubrögð og þau sem leikstjórinn, Harpa Arnardóttir og samstarfsmenn hennar, sýna að þessu sinni. Það var blátt áfram hrífandi hvernig allt vann saman: góð frammistaða leikendanna fjögurra, seiðandi tónlist og leikhljóð, frábærir búningar, áhrifamikil og snjöll ljósabeiting. Sviðsetning sem var bæði látlaus og hugmyndarík, fór aldrei yfir strik smekkvísinnar, aldrei út í stæla eða yfirborðmennsku, og þjónaði aðeins einu markmiði: að skila sögunni óbrenglaðri, miðla anda verksins og inntaki.

Engin afbygging, bara uppbygging – og, ég tek fram, rétt svona hæfileg uppbygging: siðferðislegur boðskapur í svo mátulegum skammti að hann truflaði ekkert góða ævintýrabragðið, maður rétt fann keiminn af honum á tungunni. Og þó að sýningin væri löng, virtust börnin aldrei verða leið eða óróleg, og þó að þarna væru dularfullar og jafnvel miður velviljaðar verur á kreiki, fór enginn að gráta af hræðslu, trúlega vegna þess að þarna var líka svo margt sem börnum finnst hlægilegt og fyndið. Þau sátu einfaldlega sem heilluð – og þá er ég að sjálfsögðu að tala um öll börnin í salnum, líka gömlu börnin sem finnst þau stundum vera búin að sjá og heyra svo margt á sinni löngu og ströngu fullorðinsævi, að ekkert geti lengur komið þeim á óvart, lyft þeim á þetta dásamlega flug sem æskan hendir sér svo fyrirhafnarlaust á. Hvað það er gaman að finna aftur að þetta var tóm vitleysa í manni; að maður hefur enn varðveitt þó ekki sé nema örlítið brot af hæfileikanum til að kætast yfir því smáa, gefa sig á vald hinu ókunna og dularfulla!

Ég sé á vef Þjóðleikhússins að einungis er gert ráð fyrir sýningum á leiknum út þennan mánuð. Heldur finnst mér það nú naum áætlun hjá leikhúsinu, og ekki af mikilli framsýni gerð, því að hér er á ferð verk sem öll íslensk börn eiga að fá tækifæri til að kynnast. Á vef Leikfélags Akureyrar kemur fram að það sé meðal verkefna ársins, en þar eru engar dagsetningar sjáanlegar. Væri ekki annars tilvalið að drífa sig með það í leikferð um landið? Börn eru víðar en í Reykjavík og á Akureyri, eða svo hefði maður haldið.

**Jón Viðar Jónsson**

**NIÐURSTAÐA:** Frábær nýr íslenskur barnaleikur sem á langa lífdaga skilið.




**Sýning fimmtudag 12. september frá kl 10:00 til 21:00**

EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



**Í VOX FEMINAE ERU TÆPLEGA SEXTÍU KONUR** Margrét Pálmadóttir er kórstjóri Vox feminae, sem flytur tónlist í verkinu Hús Bernhörðu Alba í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stjórnar heilum kór af skjá frá Þýskalandi

Kvennakórinn Vox feminae syngur verk eftir Hildi Ingveldar- og Guðnadóttur í Húsi Bernhörðu Alba.

„Við munum í fyrsta skipti hitta tónskáld sýningarinnar Hús Bernhörðu Alba og æfa okkur saman, tónskáldið í Þýskalandi og við í Borgarleikhúsinu,“ segir Margrét Pálmadóttir, kórstjóri Vox feminae. Kórinn sér um tónlistarflutning í uppsetningu Borgarleikhússins á Húsi Bernhörðu Alba. Sýningin er í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur.

Tónskáld sýningarinnar, Hildur Ingveldar- og Guðnadóttir, býr í Berlín. „Þetta er rosalega spennandi fyrir okkur, þetta hefur ekki verið möguleiki áður, að stilla upp heilum kór og hafa tónskáldið á skjá fyrir framan og stjórna,“ segir Margrét jafnframt.

Í kvennakórnum Vox feminae eru 59 konur á öllum aldri. „Við erum margar sem tökum þátt í þessari uppfærslu. Við komum til með að skipta okkur upp í hópa, vera um það bil tuttugu á sviðinu hverju sinni,“ segir Margrét jafnframt.

„Æfingin er opin öllum og við verðum á æfingasvæðinu í Borgarleikhúsinu klukkan sex í dag,“ útskýrir Margrét.

Verkið um Bernhörðu Alba fjallar um það að aðalsöguhetjan fyrirskipar átta ára sorg vegna fráfalls eiginmanns síns og föður dætranna fimm. Hún heldur þeim, ásamt aldraðri móður og þjónustustúlkum, föngnum í húsi sínu án samskipta við umheiminn.

**- ósk**






# Undirheimar Reykjavíkur

BAKPANKAR
Höllu Þórlaugar Óskarsdóttur



Stundum finnst manni samfélagið vera einfalt; að allir séu eins og maður sjálfur og starfsemin öll á yfirborðinu. Það er auðvitað ekki satt. Í samfélaginu fyrirfinnast undirheimar og það er ótrúlegasta fólk sem tilheyrir þeim. Læknirinn þinn, afgreiðslumaðurinn í skóbúðinni, frænka þín eða jafnvel pabbi þinn gætu tilheyrt þessu dulda samfélagi. Nýr vinur minn dró mig inn í undirheimana fyrir hálfgerða slysni um daginn.

**HANN** er öldungur, vanur frjálsræði og munaði. Hann flutti inn til mín með allt sitt hafurtask; rúm, matarbirgðir, hægindastól og klórutré. Hann heitir Ísabelli og er heimilisköttur. Ég kolféll fyrir kettinum um leið og ég hitti hann. Það var eitthvað við augnaráðið og sjálfsöryggið. Ég tiplaði á tánum, skáskaut augunum til hans og óskaði ég þess að hann skriði í fangið á mér. Í stuttu máli sagt missti ég algjörlega vitið þegar 12 ára köttur flutti inn á heimilið. Ég hefði aldrei trúað þessu.

**EN** á meðan ég dáðist að kettinum var Ísabelli að plotta. Hann gekk um íbúðina, grandskoðaði hvern krók og kima og eftir fjögurra daga sambúð lét hann sig hverfa.

**ÞETTA** hafði verið óskóp venjulegur þriðjudagur. Ég kom heim og Ísabelli tók á móti mér, brosandi. Ég sver það, hann brosti. Ég fylltist mikilli gleði, enda hafði hann verið dálítið feiminn hingað til. Hann fylgdi mér síðan upp í rúm og lá hjá mér malandi þangað til ég sofnaði. Morguninn eftir var hann horfinn.

**HVARFI** Ísabella fylgdi mikil angist. Skjálfandi skráði ég mig inn á Facebook og komst fljótlega í kynni við undirheima Reykjavíkur. Á Facebook er nefnilega stór hópur sem kallast Kattavaktin. Ég er dolfallin yfir öllum kattavinunum sem þar koma saman og hjálpast að við að henda reiður á týndum köttum á höfuðborgarsvæðinu. Og samúðin er þvílík að mig langar helst að halda árshátíð. Trú mín á mannkynið efldist til muna.

**EN** ef þið annars rekist á grábröndóttan kött með rauða ól og hvítan blett á bakinu viljið þið þá segja honum að koma heim. Ég sakna hans.



**BÍLL OG KAFBÁTUR** Lotus Esprit eða kafbátabíll James Bond til sölu.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Bond-bíll til sölu

## Kafbátabíll James Bond seldur á uppboði í London.

Bíll af gerðinni Lotus Esprit var seldur á uppboði í London í vikunni. Bíllinn er þekktur sem kafbátabíll spæjarans James Bond úr kvikmyndinni The Spy Who Loved Me og seldist á um 104 milljónir króna. Búist var við að bíllinn færi fyrir hærri upphæð.

Uppboðsfyrirtækið RM stóð fyrir sölunni á bílnum, en fyrirtækið seldi einnig Aston Martin-bíl sem sást bæði í Goldfinger og Thunderball, á 554 milljónir króna árið 2010. „Við eigum merka sögu í sölu frægra bíla úr kvikmyndasögunni og þessi Lotus-bíll er klárlega einn sá frægasti í sögunni," sagði Max Girardo, forstjóri RM, í viðtali við Reuters-fréttastofuna.

# Vill ekki Miley á forsíðuna

**Anna Wintour, ritstjóri bandaríska Vogue, er hætt við að birta myndir af söngkonunni Miley Cyrus á forsíðu tímaritsins eins og til stóð. Cyrus átti að prýða forsíðu desemberblaðsins en vegna framkomu hennar á MTV-tónlistarhátíðinni verður ekki af því.**

**Wintour segir að söngkonan henti ekki ímynd blaðsins en búið var að taka myndirnar af Cyrus. Wintour, sem hefur ritstýrt blaðinu frá árinu 1988, leitar nú að nýrri forsíðustúlku.**



**ÓÁNÆGÐ** Ritstýra bandaríska Vogue, Anna Wintour, er hætt við að hafa söngkonuna Miley Cyrus á forsíðu blaðsins.
NORDICPHOTOS/GETTY





| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| CITY OF BONES | KL. 6 - 8 - 10:40 | 12 |
| CITY OF BONES VIP | KL. 5:20 - 8 | VIP |
| THE CONJURING | KL. 5:40 - 8 - 9 - 10:30 | 16 |
| THE CONJURING VIP | KL. 10:40 | VIP |
| FLUGVÉLAR ÍSL.TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| FLUGVÉLAR ÍSL.TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| THE BLING RING | KL. 10:40 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| RED 2 | KL. 8 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL.TAL 2D | KL. 5:40 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| CITY OF BONES | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL.TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:40 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| CITY OF BONES | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL.TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| KICK-ASS 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| CITY OF BONES | KL. 6 - 9 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 10:30 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL.TAL 2D | KL. 5 | L |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 | 12 |
| KVIKMYNDADAGAR 11. - 26. SEPTEMBER | | |
| MIDNIGHT'S CHILDREN ÓTEXTUÐ | KL. 7 | 12 |
| TO THE WONDER ÓTEXTUÐ | KL. 10 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| CITY OF BONES | KL. 10 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 10:20 | 16 |
| ÖLLI | KL. 8 | L |
| ELYSIUM | KL. 8 | 16 |




| SMÁRABÍÓ | | |
|---|---|---|
| THIS IS US 3D | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| THIS IS US 3D LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| JOBS | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| FLUGVÉLAR 2D ÍSL TAL | KL 3.30 - 5.50 | L |
| ELYSIUM | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| ELYSIUM LÚXUS | KL. 10.25 | 16 |
| PERCY JACKSON | KL. 3.20 - 5.40 | 10 |
| 2 GUNS | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| 2 GUNS LÚXUS | KL. 8 | 14 |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | | |
|---|---|---|
| THIS IS US 3D | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| ELYSIUM | KL. 10.20 | 16 |
| PERCY JACKSON | KL. 5.40 - 8 | 10 |
| 2 GUNS | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 5.40 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THIS IS US 3D | KL. 6 - 8 | | | | L |
| JOBS | KL. 8 | 12 | HROSS Í OSS | KL. 6 | 12 |
| 2 GUNS | KL. 10.15 | 14 | ELYSIUM | KL. 10 | 16 |

Aukakrónur 5%

Miðasala á: midi.is og eMiði

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
Aukakrónur 5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| JOBS | 5.20, 8, 10.40 | 12 |
| ELYSIUM | 8, 10.20 | 16 |
| KICK ASS 2 | 8, 10.20 | 16 |
| STRUMPARNIR 2 | 5.30 2D | L |

# Til sölu – Verktakar
## Þingvað 61-81

Um er að ræða heildareignina Þingvað 61-81 í Norðlingaholti.
Birt flatamál er 2320,7m2, þar af eru bílskúrar 290,5m2.

Byggingin samanstendur af 11 sambyggðum tveggja hæða keðjuhúsum með sameiginlegri lóð. Hver íbúð er 2 hæðir og tengjast þær saman með einnar hæðar byggingum/bílskúrum. Bílskúr fylgir íbúðunum og eru þaksvalir ofan á þeim. Bílastæði á lóð eru tvö fyrir hverja íbúð. Byggingin er uppsteypt og útveggir hennar eru að mestu klæddir steinmulningi.
Eignin er í byggingu. Að utan þarf að endurnýja steiningu að hluta, mála glugga og yfirfara þakvirki sem er að hluta ófrágengið. Bílskúrhurðir vantar. Lóðin er grófjöfnuð. Að innan er húsið tæplega fokhelt. Húsin eru á byggingarstigi 1.

Þingvað 61 (230-1274) 178,3+27,5m2
Þingvað 63 (230-1276) 178,0+26,6m2
Þingvað 65 (230-1278) 178,0+26,6m2
Þingvað 67 (230-1284) 200,6+27,0m2
Þingvað 69 (230-1285) 199,8+26,1m2
Þingvað 71 (230-1286) 178,3+23,7m2
Þingvað 73 (230-1287) 177,8+22,8m2
Þingvað 75 (230-1291) 178,3+26,4m2
Þingvað 77 (230-1293) 179,6+27,6m2
Þingvað 79 (230-1295) 178,7+28,1m2
Þingvað 81 (230-1298) 179,7+28,1m2







Verð: 270.000.000 kr.

FASTEIGNAFÉLAGIÐ Hlíð
Áhugasamir geta nálgast nánari upplýsingar á skrifstofu okkar í Lágmúla 6.
Leiga: 540 5060
Sala: 540 5070
Lágmúli 6, 108 Reykjavík
www.hlid.is

BÍÓ ★ PARADÍS
EUROPA CINEMAS




SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

sabrino

# Ítölsk hágæða sófasett












**Frí heimsending á hjónarúmum eða tökum gamla rúmið upp í nýtt!**




## FAGLEG RÁÐGJÖF OG **FRÍ LEGU-GREINING**

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

## SÉRHÆFUM OKKUR Í SMÍÐI Á HEILSURÚMUM

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

# Erum í góðum málum

Hetjan Kolbeinn var í skýjunum eftir leik í gær.

**FÓTBOLTI** „Það var æðisleg og frábær tilfinning. Það var snilld að ná þremur stigum,“ sagði Kolbeinn Sigþórsson sem skoraði sigurmark Íslands á Albaníu í gær með hælnum. „Ég hitti hann vel með hælnum beint í fjærhornið, góð snerting og gott mark.“

Kolbeinn lék mjög vel í gær og hljóp óhemju mikið. Þegar leið á leikinn og Albanía reyndi að jafna metin var Kolbeinn óþreytandi í að hlaupa á milli manna og lék mjög vel sem fremsti varnarmaður Íslands.

„Vörnin var að spila hrikalega vel. Við lékum frábæran bolta í fyrri hálfleik en það var aðeins erfiðara í seinni hálfleik en við börðumst og unnum fyrir þessum stigum.“



**STERKUR** Kolbeinn vinnur eitt af mörgum skallaeinvígum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við erum í öðru sæti og í góðum málum en ég held að það sé alveg klárt að við verðum að vinna báða leikina sem eftir eru. Ef við klárum okkar leiki erum við öruggir í umspilið,“ sagði Kolbeinn að lokum um möguleika Íslands í riðlinum. - gmi


## Höfum hafið störf hjá

sjúkraþjálfunarstöðinni Atlas endurhæfing í Laugardalnum

ATLAS ENDURHÆFING



**Rakel Dögg Gylfadóttir**
sjúkraþjálfari



**Inga Dagmar Karlsdóttir**
sjúkraþjálfari

**Tímapantanir í síma 552-6600**
Engjavegur 6, 104 Rvk



## Bentu á þann ...



## Tilnefningar óskast!

Hvatningarverðlaun ÖBÍ verða veitt 3. desember nk. þeim sem hafa stuðlað að jafnrétti, sjálfstæðu lífi fatlaðra og einu samfélagi fyrir alla.

**Verðlaun eru veitt í flokki:**

1. Einstaklinga
2. Fyrirtækja/stofnana
3. Umfjöllunar/kynningar

**Þekkir þú einhvern sem er verðugur verðlaunahafi?**

Sendu okkur tilnefningu fyrir 15. september nk. á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á www.obi.is.

ÖBÍ *Undirbúningsnefnd Hvatningarverðlauna ÖBÍ 2013*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 12-1697




**1-1** Harðjaxlinn ódrepandi, Birkir Bjarnason, jafnar hér leikinn fyrir Ísland í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# GULLLEIKUR GYLFA

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu er í dauðafæri að tryggja sér sæti í umspili um sæti á HM í Brasilíu eftir 2-1 sigur á Albönum. Gylfi Þór Sigurðsson bauð upp á sýningu fyrir 9.768 gesti Laugardalsvallar.

**FÓTBOLTI** Okkar menn hófu leikinn af krafti en fengu svo ískalda vatnsgusu í andlitið. Gestirnir skoruðu eftir að boltinn tapaðist illa á miðjunni. Það sem átti að lagfæra frá 4-4 jafnteflinu í Bern var enn í ólagi. Einhver lið hefðu brotnað en íslenska liðið efldist.

„Strákarnir hafa frábæran karakter. Þeir halda einbeitingu þótt þeir fái á sig eitt mark eða fjögur líkt og í Sviss. Þeir hafa mikla reynslu þrátt fyrir ungan aldur sem er góðs viti fyrir framtíðina,“ sagði landsliðsþjálfarinn Lars Lagerbäck.

Eiður Smári Guðjohnsen fékk dauðafæri eftir frábæran undirbúning Gylfa Þórs Sigurðssonar en skot reynsluboltans var varið. Þremur mínútum síðar var fagnað.

Jóhann Berg Guðmundsson og Birkir Már Sævarsson unnu vel saman á hægri kantinum. Fyrirgjöf hins síðarnefnda skilaði sér af varnarmanni fyrir fætur Birkis Bjarnasonar sem skoraði. Þriðja mark víkingsins hárprúða í undankeppninni sem alltaf er mættur á fjærstöng.

Íslenska liðið hafði frumkvæðið út hálfleikinn, með Gylfa Þór í banastuði á miðjunni, án þess að skapa sér teljandi færi.

Úrslitin réðust snemma í síðari hálfleik. Arkitektinn Gylfi Þór fann Birki Má sem gerði frábærlega á kantinum. Þegar fyrirgjöfin kom fyrir markið var Kolbeinn Sigþórsson í vonlausu færi á nærstönginni. Stormsenterinn sýndi hæfileika sína með því að stýra boltanum af einskærri snyrtimennsku í fjærhornið.



**GULL AF MARKI** Kolbeinn skorar hér sigurmarkið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Of mikið væri að halda því fram að sigurinn hafi verið öruggur. Síðari hálfleikurinn var í járnum en færin sem betur fer af skornum skammti.

Ekki er hægt að skilja við umfjöllun um leikinn en að minnast á frammistöðu Gylfa Þórs. Á tíðum virtist hann svífa um á vellinum. Þeir Eiður Smári náðu sérstaklega vel saman. Fallegra miðjuspil á Laugardalsvelli en það sem þeir tveir buðu upp á í fyrri hálfleik hefur undirritaður ekki séð.

„Það besta við Gylfa er að þótt hann sé leikmaður með mikil gæði leggur hann afar hart að sér í níutíu mínútur. Það sér maður ekki oft hjá leikmönnum í hans gæðaflokki,“ sagði Lagerbäck.

Okkar menn ætluðu sér þrjú stig og nældu í þau. Þeir settu á sig pressu, stóðu undir henni og unnu svo sannarlega fyrir stigunum. Stoltir áhorfendur yfirgáfu Laugardalsvöll með bros á vör. Annað sætið í riðlinum er Íslands og útlitið gott.

„Nú er þetta í okkar höndum og við þurfum ekki að treysta á hjálp annarra. Ef við klárum okkar förum við í umspilsleiki í nóvember,“ sagði Svíinn ánægður.

kolbeinntumi@frettabladid.is

## FRAMMISTAÐA LEIKMANNA

**HANNES ÞÓR HALLDÓRSSON** 7
Gat lítið gert við markinu og greip vel inn í þegar þurfti.

**BIRKIR MÁR SÆVARSSON** 7
Lagði upp sigurmarkið og spilaði sinn besta landsleik.

**RAGNAR SIGURÐSSON** 8
Sterkur í loftinu og afar öruggur.

**KÁRI ÁRNASON** 7
Barðist vel og öruggur á boltanum í uppspili.

**ARI FREYR SKÚLASON** 7
Varðist vel og virkur í sókninni.

**BIRKIR BJARNASON** 7
Vann vel og skoraði gott mark.

**GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON** 9
Stórkostlegur. Virkaði í öðrum klassa á vellinum.

**ARON EINAR GUNNARSSON** 7
Duglegur á miðjunni en fullkaldur á köflum.

**JÓHANN BERG GUÐMUNDSSON** 7
Átti þátt í fyrra markinu og skilaði sínu.

**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** 7
Reyndi á tíðum of flókna hluti en náði vel saman með Gylfa.

**KOLBEINN SIGÞÓRSSON** 8
Duglegur í sókn sem vörn. Skoraði sigurmarkið á einstakan hátt.

VARAMENN:

**ÓLAFUR INGI SKÚLASON (INN Á 78. MÍN. FYRIR EIÐ SMÁRA)** -
**HALLGRÍMUR JÓNASSON (INN Á 92. MÍN FYRIR BIRKI MÁ)** -

**2-1** Laugardalsvöllur, Andre Mariner (x)

**Mörkin:** 0-1 Valdet Rama (9.), 1-1 Birkir Bjarnason (14.), 2-1 Kolbeinn Sigþórsson (47.)

**Skot (á mark):** 11-8 (8-2) **Horn**: 6-4

**Varin skot:** Hannes 1 - Berisha 6

**Aukaspyrnur:** 17-12 Rangstöður: 3-7

## UNDANKEPPNI HM

STAÐAN Í RIÐLI ÍSLANDS

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Sviss | 8 | 5 | 3 | 0 | 14:5 | 18 |
| Ísland | 8 | 4 | 2 | 3 | 14:14 | 13 |
| Slóvenía | 8 | 4 | 0 | 4 | 11:10 | 12 |
| Noregur | 8 | 3 | 2 | 3 | 9:9 | 11 |
| Albanía | 8 | 3 | 1 | 4 | 8:9 | 10 |
| Kýpur | 8 | 1 | 1 | 6 | 4:13 | 4 |

**Síðustu leikirnir í riðlinum fara fram 11. og 15. október. Ísland tekur fyrst á móti Kýpur en sækir svo Noreg heim í Ósló.**

**visir.is**
Nánari umfjöllun um leikinn og aðra leiki gærkvöldsins.

# UNDANKEPPNI HM

## ÚRSLITIN Í GÆRKVÖLDI

**A-RIÐILL**
**MAKEDÓNÍA - SKOTLAND 1-2**
**0-1 Ikechi Anya (58.), 1-1 Jovan Kostovski (84.), 1-2 Shaun Maloney (87.).**

**WALES - SERBÍA 0-3**
**0-1 Filip Djordjevic (9.), 0-2 Aleksandar Kolarov (37.), 0-3 Lazar Markovic (54.).**

**Staða:** Belgía 22 stig, Króatía 17, Serbía 11, Skotland 8, Makedónía 7, Wales 6.

**B-RIÐILL**
**ARMENÍA - DANMÖRK 0-1**
**0-1 Daniel Agger, víti (72.).**

**MALTA - BÚLGARÍA 1-2**
**0-1 Radoslav Dimitrov (9.), 0-2 Emil Gargorov (60.), 1-2 Edward Herrera (78.).**

**ÍTALÍA - TÉKKLAND 2-1**
**0-1 Libor Kozak (19.), 1-1 Giorgio Chiellini (50.), 2-1 Mario Balotelli, víti (53.).**

**Staðan:** Ítalía 20 stig, Búlgaría 13, Danmörk 12, Tékkland 9, Armenía 9, Malta 3.

**C-RIÐILL**
**KASAKSTAN - SVÍÞJÓÐ 0-1**
**0-1 Zlatan Ibrahimovic (1.).**

**AUSTURRÍKI - ÍRLAND 1-0**
**1-0 David Alaba (84.).**

**FÆREYJAR - ÞÝSKALAND 0-3**
**0-1 Per Mertesacker (23.), 0-2 Mesut Özil, víti (74.), 0-3 Thomas Müller (84.).**

**Staðan:** Þýskaland 22 stig, Svíþjóð 17, Austurríki 14, Írland 11, Kasakstan 4, Færeyjar 0.

**D-RIÐILL**
**RÚMENÍA - TYRKLAND 0-2**
**0-1 Burak Yilmaz (22.), 0-2 Mevlut Erding (90.+5).**

**ANDORRA - HOLLAND 0-2**
**0-1 Robin van Persie (50.), 0-2 Robin van Persie (54.).**

**UNGVERJALAND - EISTLAND 5-1**
**1-0 Ragnar Klavan, sjm (10.), 2-0 Tamas Hajnal (21.), 3-0 Daniel Böde (40.), 3-1 Tarmo Kink (47.), 4-1 Krisztian Nemeth (68.), 5-1 Balasz Dzsudzak (85.)**

**Staðan:** Holland 22 stig, Ungverjaland 14, Rúmenía 13, Tyrkland 13, Eistland 7, Andorra 0.

**E-RIÐILL**
**NOREGUR - SVISS 0-2**
**0-1 Fabian Schär (12.), 0-2 Fabian Schär (51.).**

**KÝPUR - SLÓVENÍA 0-2**
**0-1 Milivoje Novakovic (11.), 0-2 Josip Ilicic (79.).**

**ÍSLAND - ALBANÍA 2-1**

**Staðan:** Sviss 18 stig, Ísland 13, Slóvenía 12, Noregur 11, Albanía 10, Kýpur 4.

**F-RIÐILL**
**RÚSSLAND - ÍSRAEL 3-1**
**1-0 Vasili Beezutsky (49.), 2-0 Alexander Kokorin (52.), 3-0 Denis Glushakov (74.), 3-1 Eran Zehavi (90.+3).**

**LÚXEMBORG - NORÐUR-ÍRLAND 3-2**
**0-1 Martin Paterson (14.), 1-1 Aurelien Joachim (45.+2), 2-1 Stefano Bensi (78.), 2-2 Gareth McAuley (82.), 3-2 Mathias Janisch (86.).**

**Staðan:** Rússland 18 stig, Portúgal 17, Ísrael 12, Norður-Írland 6, Lúxemborg 6, Aserbaijan 5.

**G-RIÐILL**
**LITHÁEN - LIECHTENSTEIN 2-0**
**1-0 Deivydas Matulevicius (18.), 2-0 tadas Kijanskas (40.).**

**SLÓVAKÍA - BOSNÍA 1-2**
**1-0 Marek Hamsik (41.), 1-1 Ermin Bicakcic (68.), 1-2 Izek Hajrovic (78.).**

**GRIKKLAND - LETTLAND 1-0**
**1-0 Dimitris Salpingidis (58.).**

**Staðan:** Bosnía 19 stig, Grikkland 19, Slóvakía 12, Litháen 8, Lettland 7, Liechtenstein 2.

**H-RIÐILL**
**SAN MARÍNÓ - PÓLLAND 1-5**
**0-1 Piotr Zielinski (9.), 1-1 Alessandro Della Valle (21.), 1-2 Jakub Blaszczykowski (22.), 1-3 Waldemar Sobota (34.), 1-4 Piotr Zielinski (64.), 1-5 Adrian Mierzejewski (75.).**

**ÚKRAÍNA - ENGLAND 0-0**

**Staðan:** England 16 stig, Svartfjallaland 15, Úkraína 14, Pólland 13, Moldavía 5, San Marinó 0.

**I-RIÐILL**
**GEORGÍA - FINNLAND 0-1**
**0-1 Roman Eremenko, víti (73.).**

**HVÍTA-RÚSSLAND - FRAKKLAND 2-4**
**1-0 Yegor Filipenko (32.) 1-1 Franck Ribery, víti (46.), 2-1 Timofei Kalachev (56.), 2-2 Franck Ribery (64.), 2-3 Samir Nasri (70.), 2-4 Paul Pogba (73.).**

**Staðan:** Spánn 14 stig, Frakkland 14, Finnland 6, Georgía 5, Hvíta-Rússland 4.

FUDGE Þú kemst fljótt að!
FUDGE ...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
FUDGE
FUDGE Rakarastofan
FUDGE Klapparstíg
FUDGE S: 551 3010



**STERKUR** Arnór Ingvi Traustason á ferðinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Enn einn sigurinn

## Íslenska U-21 árs liðið vann sinn fjórða leik í röð.

**FÓTBOLTI** Íslenska U21 landsliðið hélt uppteknum hætti þegar það sigraði Kasakstan, 2-0, á Kópavogsvelli í undankeppni EM í gær. Mörk íslenska liðsins komu bæði í seinni hálfleik og eftir hornspyrnu.

Keflvíkingurinn Arnór Ingvi Traustason skoraði fyrsta mark leiksins á 57. mínútu eftir hornspyrnu frá Guðmundi Þórarinssyni. Seinna mark Íslands skoraði Emil Atlason eftir mikla baráttu og krafs inni í teig gestanna.

Eyjólfur Sverrisson, þjálfari Íslendinga, var að vonum sáttur með sína menn.

„Ég er virkilega ánægður. Við gerðum okkur grein fyrir því að þetta yrði þolinmæðisleikur," sagði Eyjólfur. Gestirnir spiluðu með marga í vörn og erfiðlega gekk að opna vörn þeirra til að byrja með.

„Þetta var erfitt fyrir bæði lið og við sáum að þeir voru í vandræðum líka. Þá er þetta spurning um karakter sem þarf að hafa og að vera alltaf skrefi á undan. Alltaf með tána á undan í boltann og við gerðum það hérna í dag." **- ss**






EVRÓPUDEILDIN
**Flottur fótbolti** um alla Evrópu
Aron Jóhannsson, Jóhann Berg og félagar í AZ Alkmaar mæta til leiks og Gylfi Sigurðsson ætlar sér alla leið með Tottenham.



FORMÚLA 1
**Spenna,** hring eftir hring
Það verður fjör í Formúlu 1 í september. Fylgstu með á Stöð 2 Sport!



EURO FIGHT NIGHT
Íslendingar **í eldlínunni**
Fimm íslenskir keppendur láta sverfa til stáls í blönduðum bardagalistum og keppa á Euro Fight Night.



UNDANKEPPNI HM
Hverjir fara **alla leið?**
Undankeppninni fyrir HM í fótbolta er gerð góð skil á Stöð 2 Sport í allan vetur.



PEPSI-DEILDIN
**Úrslitin** ráðast
Það er komið að lokauppgjörinu í Pepsi-deildinni eftir viðburðaríkt sumar.



ÞÝSKI HANDBOLTINN
**Besti** handbolti í heimi
Fylgstu með strákunum okkar í þýska handboltanum leika í sterkustu deild í heimi!



SPÆNSKI BOLTINN
**Hasar** á Spáni
Gareth Bale, dýrasti leikmaður frá upphafi, er kominn í spænska boltann! Bale ásamt snillingunum Ronaldo, Messi og Neymar leika listir sínar á Stöð 2 Sport.



HESTAÞÆTTIR Í VETUR
**Flottustu** fákarnir
Telma Tómasson, Logi Laxdal og Steindór Guðmundsson sjá um hestaumfjöllun og lýsingar frá hestamótum á Stöð 2 Sport í vetur.

**Fáðu þér áskrift** | 512 5100 | stod2.is

2 SPORT

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl 20.05
**Heimsókn**



Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimilið fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó eitt sameiginlegt að vera sett saman af alúð og góðum smekk. Sindri hefur líka einstakt lag á að ná fram því besta í viðmælendum sínum.



### Big Bang Theory
**STÖÐ 2 KL. 19.45** Stórskemmtilegur gamanþáttur um Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar sem vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar. Hæfileikar þeirra nýtast þeim þó ekki í samskiptum við annað fólk og allra síst við hitt kynið.

TV.COM 9,0 IMDb 8,6



### Læknamiðstöðin
**RÚV KL. 20.00** Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Meðal leikenda eru Kate Walsh, Taye Diggs, KaDee Strickland, Benjamin Bratt og Paul Adelstein.

TV.COM 8,4 IMDb 5,8



### Gordon Behind Bars
**SKJÁR EINN KL. 20.25** Í þessum skemmtilegu þáttum bregður Gordon Ramsey sér á bak við lás og slá í þeim tilgangi að kenna föngum að elda alvöru mat án þess að kosta of miklu til.

TV.COM 10 IMDb 8,1

### Bylgjan kl. 16
**Reykjavík síðdegis**

Þorgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason og Bragi Guðmundsson færa þér fréttir og fróðleik á hverjum virkum degi. Það er fátt sem drengirnir láta fram hjá sér fara og þeir fylgjast vel með málefnum líðandi stundar og enn betur með því sem þú hefur að segja eða vilt koma á framfæri. Hikaðu því ekki við að senda þeim tölvupóst.








## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm In the Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **Spurningabomban**
**11.05** **Glee**
**11.50** **Grey's Anatomy**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Kalli Berndsen**
**13.25** **Covert Affairs**
**14.10** **Chuck**
**14.55** **Last Man Standing**
**15.15** **Big Time Rush**
**15.40** **Tricky TV**
**16.05** **Kalli kanína og félagar**
**16.30** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.34** **Nágrannar**
**17.58** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Ástríður** *(11:12)* Það haustar í öllum skilningi, ekki síst í hjarta Ástríðar nú þegar nýir tímar eru að renna í garð ásamt nýjum tækifærum. Eða er hún búin að glata sínu tækifæri á ástinni?
**19.45** **The Big Bang Theory** *(16:24)*
**20.05** **Heimsókn** Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.
**20.25** **2 Broke Girls** *(15:24)*
**20.50** **Drop Dead Diva** *(1:13)*
**21.35** **Mistresses**
**22.20** **Miami Medical**
**23.05** **Breaking Bad**
**00.35** **Person of Interest**
**01.20** **Grimm**
**02.05** **Angel**
**04.00** **Trailer Park Boys**
**05.30** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT
*besta sætið*

**07.00** **Úkraína - England**
**08.40** **Noregur - Sviss**
**10.20** **Brasilía - Portúgal**
**16.45** **Þýski handboltinn: Fuchse Berlin - Göppingen**
**18.05** **Þýski handboltinn: RN Löwen - Flensburg** Bein útsending frá leik RN Löwen og Flensburg.
**19.50** **Breiðablik - Þór/KA**
**21.30** **Úkraína - England**
**23.10** **Brasilía - Portúgal**
**00.50** **Þýski handboltinn**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**18.15** **Everton - WBA**
**19.55** **Ensku mörkin**
**20.50** **Premier League World**
**21.20** **Football League Show**
**21.50** **Messan**
**22.50** **Swansea - Man. Utd.**

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur, tækni og kennsla. **21.00** Veiðin og Bender **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**17.25** **The Lying Game**
**18.10** **Suburgatory** *(14:22)* Gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku.
**18.35** **Bob's Burgers** *(1:13)* Skemmtileg teiknimyndasería um mann sem rekur hamborgarastað og skrautlega fjölskyldu hans.
**19.00** **Junior Masterchef Australia** *(1:16)*
**19.50** **Cherry Healy: How to Get a Life** *(1:6)*
**20.50** **Outlaw** *(1:8)* Bandarísk þáttaröð með Jimmy Smits í aðalhlutverki.
**21.30** **Damages** *(1:10)* Fjórða þáttaröð þessa magnaða lögfræðitryllis.
**22.30** **2+6** *(1:8)*
**23.00** **Mildred Pierce**
**00.10** **Arrow**
**00.50** **Junior Masterchef Australia**
**01.40** **Cherry Healy: How to Get a Life**
**02.40** **Outlaw**
**03.25** **Damages**
**04.25** **2+6**
**05.00** **Tónlistarmyndbönd**

## krakkar

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Áfram Diego, áfram! **07.48** Elías **08.00** Svampur Sveinsson **08.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.44** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Latibær **09.24** Strumparnir **09.49** Hvellur keppnisbíll **10.00** Lukku-Láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.46** Skoppa og Skrítla **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Áfram Diego, áfram! **11.48** Elías **12.00** Svampur Sveinsson **12.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.44** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Latibær **13.24** Strumparnir **13.49** Hvellur keppnisbíll **14.00** Lukku-Láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto **14.46** Skoppa og Skrítla **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Áfram Diego, áfram! **15.48** Elías **16.00** Svampur Sveinsson **16.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.44** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Latibær **17.24** Strumparnir **17.49** Hvellur keppnisbíll **18.00** Lukku-Láki **18.24** Ofurhundurinn Krypto **18.46** Skoppa og Skrítla **19.00** Ævintýraeyja Ibba

## GULL

**18.00** **Strákarnir**
**18.25** **Friends**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **The Big Bang Theory**
**19.35** **Modern Family**
**20.00** **Einu sinni var**
**20.30** **Örlagadagurinn**
**21.05** **Cold Feet 2**
**22.00** **Footballer's Wives**
**23.10** **Einu sinni var**
**23.40** **Örlagadagurinn**
**00.15** **Cold Feet**
**01.05** **Footballer's Wives**
**02.15** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**12.30** **Airheads**
**14.00** **Solitary Man**
**15.30** **Tower Heist**
**17.15** **Airheads**
**18.45** **Solitary**
**20.15** **Tower Heist**
**22.00** **Unthinkable**
**23.40** **Prometheus**
**01.40** **American Pie 2**
**03.30** **Unthinkable**

## RÚV

**17.20** **Friðþjófur forvitni**
**17.45** **Geymslan**
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Á götunni** *(2:8) (Karl Johan)* Norsk gamanþáttaröð tekin upp í Karls Jóhanns-götu í Osló.
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.00** **Læknamiðstöðin** *(8:13) (Private Practice VI)* Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
**20.45** **Krabbinn** *(1:8)* Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem er með krabbamein og reynir að sjá það broslega við sjúkdóminn.
**21.15** **Kiljan** Bókaþáttur Egils Helgasonar.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **11. september: Annar heimur** Heimildamynd frá BBC um daginn sem breytti heiminum.
**23.55** **Verðlaunamyndir Kvikmyndaskóla Íslands – Istigkeit**
**00.25** **Kvöldstund með Jools Holland**
**01.30** **Kastljós**
**01.55** **Fréttir**
**02.05** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**07.35** **Everybody Loves Raymond**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**15.55** **Design Star**
**16.45** **Kitchen Nightmares**
**17.35** **Men at Work**
**18.00** **Dr. Phil**
**18.40** **Parks & Recreation**
**19.05** **Everybody Loves Raymond**
**19.30** **Cheers**
**19.55** **Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course**
**20.25** **Gordon Behind Bars**
**21.10** **Monroe – LOKAÞÁTTUR**
**22.00** **Law & Order**
**22.50** **The Borgias**
**23.35** **Málið**
**00.05** **Leverage**
**00.50** **House of Lies**
**01.20** **Excused**
**01.45** **Monroe**
**02.35** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **12.15** Golfing World **13.05** Champions Tour - Highlights **14.00** The Players Championship **2013** **18.00** Golfing World **18.50** Ryder Cup Official Film **20.45** Champions Tour - Highlights **21.40** Inside the PGA Tour **22.05** Golfing World **22.55** PGA Tour - Highlights **23.50** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




# HVAÐA SKUTLA ER ÞETTA?



Engar tryggingar,
ekkert próf,
engin skráning

**KYNNINGARVERÐ**
**99.900**

**FULLT VERÐ** ~~129.900~~

**23% afsláttur**

**TRAFFICO RAFMAGNSSKUTLA**
Hámarkshraði 25 km/klst.
Vegalengd: 40 kílómetrar á fullri hleðslu
125 kg hámarksþyngd
Þyngd: 68 kg með rafhlöðu
16" álfelgur
Farangursgeymsla undir sæti og box á bögglabera
Litur: Rauður, bleikur, svartur og grár



PIPAR\TBWA • SÍA • 132562

## Brot af vöruúrvali okkar


...rice ömmustóll

7.990

Etto Physco hjálmur

2.290

Wowow endurskinsvesti

4.240

Hár úr hala – Krummi

3.290

Sokkaprjón

2.790

Viridian Omega 3:6:9 olía

2.790

Sensation Nail...



## SENDUM FRÍTT HEIM

**Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Þegar þú pantar rafmagnsskutlu hringjum við í þig og finnum tíma sem hentar þér.

## Risa vefverslun – aukin þjónusta



Frá því Heimkaup hóf göngu sína hafa mörg þúsund Íslendinga nýtt sér hversu þægilegt og fljótlegt er að versla á heimkaup.is, enda bjóðum við mikið úrval af vörum á frábæru verði.

Við sendum vöruna til þín frítt* hvert á land sem er og komum vörum til skila sama kvöld ef pantað er fyrir kl. 17. Við bjóðum viðskiptavini líka velkomna í sýningarsal okkar í Turninum, Kópavogi þar sem hægt er að kaupa vörur á staðnum eða sækja vörur sem keyptar eru í vefversluninni.

*Sjá nánar um sendingarmöguleika og skilmála um heimsendingar á heimasíðunni, www.heimkaup.is

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

**heimkaup.is** Örugg vefverslun · Hagstætt verð · Hraðsending · Sendum um allt land

HEIMKAUP

## BÓKIN Á NÁTTBORÐINU



**EDDA BORG**
**Tónlistarkona og skólastjóri Tónskóla Eddu Borg.**

Nú er ég að lesa tvær bækur, annars vegar bókina The Healing Code eftir Alexander Lloyd og svo hins vegar bókina Think and Grow Rich eftir Napoleon Hill.

# Gaman að leika Ástríði að nýju

Ilmur Kristjánsdóttir bregður sér aftur í hlutverk Ástríðar í nýrri þáttaröð samnefndra gamanþátta.

„Það var rosalega gaman að bregða sér aftur í hlutverk Ástríðar, sérstaklega eftir svolitla pásu. Það var líka mjög gaman að skrifa handritið með meðhöfundum mínum og að velta því fyrir sér hvar Ástríður væri stödd í lífinu í dag,“ segir leikkonan Ilmur Kristjánsdóttir sem fer með hlutverk Ástríðar í samnefndum sjónvarpsþáttum sem hefja göngu sína að nýju á sunnudag.

Í nýju þáttaröðinni er Ástríður komin í stöðu yfirmanns en þykir heldur ströng og fúllynd sem slíkur. „Hún er ekki að vinna í banka lengur, heldur starfar fyrir skilanefnd, hvað svo sem það þýðir,“ segir Ilmur. „Davíð er hættur með henni og hún er svolítið bitur vegna þess, en svo þroskast hún, enda rekst hún stöðugt á veggi við það að vera þver og fúl.“

Aðspurð segist leikkonan ekki vera búin að skipuleggja frumsýningarpartí en kveðst virkilega spennt fyrir því að sjá fyrsta þáttinn á sunnudag. „Mér er boðið í matarboð, ætli ég plati ekki fólkið til að horfa á þáttinn með mér. Ég er mjög spennt fyrir að sjá viðbrögð fólks við þáttunum. Ég er sjálf svo ánægð með útkomuna og vona að aðrir verði jafn ánægðir og ég.“

Þegar hún er að lokum spurð hvort hún gæti hugsað sér að bregða sér í hlutverk Ástríðar í þriðja sinn segist Ilmur vel geta hugsað sér það. „Svona persónur virðast alltaf eiga sér framhaldslíf. Þetta er aðallega spurning um tíma.“

Fyrsti þáttur Ástríðar verður sýndur á Stöð 2 klukkan 20.15. -sm



**ÁNÆGÐ MEÐ AFRAKSTURINN** Ilmur Kristjánsdóttir fer með hlutverk Ástríðar í samnefndum sjónvarpsþáttum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI








**AFHENDIR IPAD** Sigurður Þór kom færandi hendi með iPad til Þórhildar og foreldra hennar fyrir þremur árum.

# Hreyfihömluð börn hafa fengið 24 iPada

iBörn hafa gefið 24 spjaldtölvur til hreyfihamlaðra barna síðustu þrjú árin.

Á undanförnum þremur árum hafa iBörn í gegnum verslunina iStore gefið 24 spjaldtölvur til hreyfihamlaðra barna víðs vegar um landið. Árangurinn hefur verið góður því börnin hafa sýnt aukna hreyfigetu og lífsskilyrði þeirra hafa batnað til muna.

Sigurður Þór Helgason er maðurinn á bak við iBörn. Hann byrjaði að kynna sér stöðu hreyfihamlaðra barna eftir að hann fékk tölvupóst frá föður einnar stúlku sem var með taugahrörnunarsjúkdóminn SMA1. Þar spurði faðirinn Sigurð hvort hann héldi að iPad gæti nýst dóttur hans.

„Ég sá von um að þetta gæti mögulega breytt hennar lífi. Ég vildi ekki missa þetta tækifæri úr höndunum því mér fannst þetta gríðarlega spennandi. Þau voru ekki að biðja mig um að fá iPad gefins en ég ákvað samt að gefa þeim hann.“

Eftir að stúlkan, Þórhildur Nótt Mýrdal, sem lést árið 2011 aðeins þriggja ára, fékk spjaldtölvuna og prófaði forritin sem Sigurður hafði sett þangað inn fór hún að sýna hreyfingar í öxlinni sem foreldrar hennar höfðu aldrei séð áður. „Við það að sjá þessi viðbrögð og hvað hún brást vel við þessu vissi ég að ég var kominn á braut sem ég myndi ekki fara út af aftur. Þetta var orðið að verkefni hjá mér,“ segir Sigurður. „Foreldrar hennar hringja í mig sex mánuðum síðar til að segja mér að dóttir þeirra sé farin að nota hjólastól. Það fannst mér kraftaverk og ég hoppaði hæð mína af kæti. Það er ótrúlega góð tilfinning að geta haft svona góð áhrif á líf annarra.“

Eftir að Þórhildur sýndi svona góð viðbrögð fréttist það út um allan heilbrigðisgeirann og næstu vikurnar kynnti Sigurður fyrir hinum ýmsu starfsstéttum hans hvernig þær gætu nýtt sér iPadinn. „Það er gaman að hafa átt þátt í því að þetta er núna komið út um allt.“

Foreldrar Þórhildar eru þakklátir Sigurði og framtaki hans: „Maður á eiginlega ekki rétt orð til að lýsa hvað hann er búinn að breyta ofboðslega miklu fyrir rosalega mörg börn. Dóttir okkar fór upp úr rúminu, úr því að geta ekki gert neitt í að keyra stólinn sinn sjálf. Þetta munar bara öllu,“ segir móðir hennar, Steinunn Björg Gunnarsdóttir. „Þetta eru dýr tæki og það eru ekki allir foreldrar sem hafa tök á því að kaupa svona. Hans framlag skiptir ofboðslega miklu máli og hann hefur ekki fengið næga athygli fyrir það í samfélaginu, finnst mér.“

freyr@frettabladid.is

## Óska eftir ábendingum

Undanfarin ár hafa eitt þúsund krónur af hverju tæki sem iStore selur runnið í iBörn. iBörn vilja gjarnan fá ábendingar um hreyfihömluð börn sem gætu haft not af iPad. „Við erum alltaf að leita eftir ábendingum um börn sem við getum aðstoðað og hægt er að senda inn upplýsingar á iborn@istore.is,“ segir Sigurður, sem vonast til að gefa þrítugasta iPadinn hinn 1. desember.

# Nýtti Eurovision-ferðalagið vel

Beggi Smári spilar í Kaupmannahöfn og Malmö í kvöld og á föstudaginn.

Blúsarinn Beggi Smári spilar á tvennum tónleikum í Kaupmannahöfn og Malmö í kvöld og á föstudaginn. Fyrri tónleikarnir verða á staðnum Mojo í Kaupmannahöfn.

Beggi tryggði sér giggin þegar hann var staddur í Malmö að syngja bakraddir fyrir Eyþór Inga í Eurovision. „Það er ekkert auðvelt að fá að spila þarna,“ segir hann um Mojo. „Þetta er kannski helsti blúsklúbburinn á Norðurlöndum. Ég skaust yfir eitt kvöldið og tók þátt í djammi.“

Þeir sem reka staðinn voru svo hrifnir af frammistöðu hans að hann var bókaður á tónleikana sem verða í kvöld. Í sömu ferð tryggði hann sér einnig gigg í Malmö.

Ferðin leggst vel í Begga, sem tekur trommarann Friðrik Geirdal Júlíusson með sér út. Þeim til halds og trausts verður danskur bassaleikari, Thorkil Christensen.

Beggi hefur farið víða til að kynna sólóplötu sína, Mood, sem kom út 2011. Meðal annars spilaði hann á blúshátíð í Wales. -fb



**SPILAR ERLENDIS** Blúsarinn Beggi Smári spilar á tvennum tónleikum í Kaupmannahöfn og í Malmö. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# ÞRUSUGOTT

# TILBOÐ

## FRÁ KL. 10
## Í DAG

**1.000 SÆTI Í BOÐI** TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ

AÐEINS **7.990 kr.*** TIL OG FRÁ AKUREYRI EÐA ÍSAFIRÐI

AÐEINS **8.990 kr.*** TIL OG FRÁ EGILSSTÖÐUM

*Aðra leiðina á tímabilinu 15. september til 6. október.

ÍSLENSKA SIA.IS/ FLU 65562 09/13

FLUGFELAG.IS

VINGUMST: facebook.com/flugfelag.islands

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



Bæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ráðherrabróðir tekur við

Björgvin Björgvinsson lét nýverið af störfum sem yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fyrir aldurs sakir. Björgvin verður 65 ára fljótlega eftir áramót. Við starfinu er tekinn **Theodór Kristjánsson**, sem hefur verið aðstoðaryfirlögregluþjónn í tæknideild lögreglunnar. Theodór er bróðir **Hönnu Birnu Kristjánsdóttur** innanríkisráðherra og er ekki alls ókunnur pólitíkinni sjálfur – hann er meðal annars varabæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ. - sh



### Myndaði í Berlín

Söngvarinn **Helgi Björnsson** var staddur í Berlín um síðastliðna helgi þar sem hann var við tökur á nýju tónlistarmyndbandi. Myndbandið er við lagið Áður oft ég hef, sem finna má á nýrri plötu Helga, Helgi syngur Hauk. Myndbandið verður frumsýnt á næstu dögum.

Helgi kemur fram ásamt þýska „big bandinu“ The Capital Dance Orchestra í tónleikaröð í Salnum í október. Sigríður Thorlacius, Björgvin Halldórsson og Bogomil Font koma einnig fram á tónleikunum. - sm



## Mest lesið VÍSIR

1. Mamma þín dó í nótt
2. Bakkaði yfir bensíndælu
3. Lögleiðing fíkniefna eina vitið
4. Verðum að loka Hörpu – ef það er það sem þarf
5. Fyrrverandi eiginmaður Önnu Mjallar látinn





